# FRÉTTABLAÐIÐ

225. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 23. SEPTEMBER 2016




Föstudagsviðtalið

## Lætur ekki bjóða sér kynbundinn launamun

**Sigríður María Egilsdóttir kemur eins og stormsveipur inn í stjórnmálin, 22 ára gömul. Hún segir nýtt LÍN frumvarp auka ójöfnuð og aðgerða sé þörf gegn launamun kynjanna.** ➜ 12

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Píratar ráku kosningastjóra vegna skoðanaágreinings

**STJÓRNMÁL** Jóhann Kristjánsson, kosningastjóri Pírata, lét í gær af störfum. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata, segir að ástæðan sé sú að ágreiningur hafi verið um framkvæmd kosningabaráttunnar.

„Nú er grasrótin tekin við og það er búið að skipa kosningastjórn,“ sagði Sigríður Bylgja jafnframt. Jóhann tekur undir skýringar Sigríðar Bylgju. „Það var smá ágreiningur um það hvaða leiðir við myndum fara í þessari kosningabaráttu.“.

Jóhann segir uppsögnina ekki tengjast þeim ágreiningi sem varð um val á lista í Norðvesturkjördæmi Á fésbókarsíðu sinni segist Jóhann að framkvæmdastjóri og framkvæmdaráð Pírata hafi óskað eftir því að hann segði upp störfum.

Hann segir jafnframt að ný skoðanakönnun sýni flokkinn stærsta stjórnmálaflokk landsins ásamt Sjálfstæðisflokknum, en hvor flokkur um sig mælist með 22,7 prósent fylgi.

„Ég kýs að nota skoðanakannanir til að styðjast við hvernig hefur miðað, og auðvitað á endanum niðurstöður kosninganna sem endanlegan mælikvarða á árangur,“ segir hann.

> Nú er grasrótin tekin við og það er búið að skipa kosningastjórn.
>
> Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata



Jóhann segir Pírata hafa náð að halda sjó gegnum erfið prófkjör og stundum erfiðar innri umræður. Það segi sér að framboðið var á réttri leið.

„Líklega er versta bakslagið sem upp hefur komið hjáseta þinghópsins við atkvæðagreiðslu búvörusamningsins. Þar á grasrótin sinn þátt að mínu mati,“ segir hann.

Jóhann hefur talsverða reynslu af störfum tengdum stjórnmálum. Hann var kosningastjóri Borgarahreyfingarinnar í alþingiskosningunum 2009 og varð síðar framkvæmdastjóri þingflokksins eftir kosningarnar. **– jhh**

## Vopnað rán í 10-11

**LÖGREGLUMÁL** Vopnað rán var framið í verslun 10-11 á Hjarðarhaga í Vesturbæ Reykjavíkur skömmu fyrir klukkan 21 í gærkvöldi.

Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn sagði í samtali við Fréttablaðið að maður með klút fyrir andlitinu hefði komið inn í verslunina, ógnað starfsfólki með eggvopni og komist undan með einhverja fjármuni. Þegar blaðið fór í prentun lá ekkert fyrir um hve há upphæðin, sem maðurinn hafði með sér, væri nákvæmlega.

Jóhann Karl segir að rannsókn lögreglu sé hafin þar sem meðal annars sé verið að fara yfir myndbandsupptökur. **– aí**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Rannveig Sverrisdóttir skrifar um táknmál og jafnrétti. 18

**SPORT** Hungruð í að komast inn í búrið segir Sunna Rannveig. 20

**MENNING** Guðmundur Andri Thorsson ætlar að segja sögu langafa síns á Söguloftí Landnámsseturs í kvöld. 28

**LÍFIÐ** Chloë Sevigny er heiðursgestur RIFF í ár. 36

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SJÁVARÚTVEGURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Fremur hæg suðaustlæg átt í dag og stöku skúrir, en þurrt og bjart norðan- og norðaustanlands. Þykknar upp suðaustanlands með vaxandi austanátt annað kvöld. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig.

SJÁ SÍÐU 26

# Íþróttamenn heiðraðir eftir heimkomu




Íslensku íþróttamennirnir sem tóku þátt í Paralympics í Rio de Janeiro núna í september voru heiðraðir í húsnæði Arion banka í Borgartúni í gær. Íslensku keppendurnir héldu af landi brott 31. ágúst. Leikarnir hófust 7. september en þeim lauk hinn 18. sama mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Gáfust upp á íhaldinu

**STJÓRNMÁL** Núverandi formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna og tveir fyrrverandi formenn hafa ákveðið að segja sig úr Sjálfstæðisflokknum.

Þetta eru þær Helga Dögg Björgvinsdóttir, Jarþrúður Ásmundsdóttir og Þórey Vilhjálmsdóttir. Segja þær „fullreynt að hreyfa við þeim íhaldssömu skoðunum og gildum sem ríkja um jafnréttismál í Sjálfstæðisflokknum“.

Þá hafa tíu konur af fjórtán í stjórn Landssambandsins sagt sig úr stjórninni og nokkrar af þeim íhuga að segja sig úr flokknum.

Helga Dögg sagði í samtali við Vísi í gær að engar fleiri ákvarðanir hefðu verið teknar. Hægri sinnað kvennaframboð sé ekki inni í myndinni líkt og rætt hefur verið um að undanförnu. Þær séu ekki að fara að ganga til liðs við aðra stjórnmálaflokka á næstunni. **– jhh**

## Lítil hreyfing á fylgi flokka

**STJÓRNMÁL** Viðreisn mælist með 11,5 prósenta fylgi í könnun MMR, sem gerð var dagana 12. til 19. september.

Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn eru jafnir með 22,7 prósenta fylgi og Vinstri græn eru með 13,2 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn er með 11,0 prósenta fylgi, Samfylkingin er með 8,1 prósents fylgi og Björt framtíð með 4,1 prósent fylgi. Fylgi Viðreisnar er 2,7 prósentustigum hærra en það var í síðustu könnun fyrirtækisins sem lauk 29. ágúst.

Heildarfjöldi svarenda í könnuninni voru 949 einstaklingar, 18 ára og eldri. **– jhh**

**23%**

**myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og Pírata.**

## Börn efnaðra foreldra hrekja aðra burt

**DANMÖRK** Vel stæðir foreldrar í Danmörku hlaupa undir bagga þegar komið er að því að börnin þeirra fljúgi úr hreiðrinu. Í frétt danska ríkisútvarpsins segir að þegar foreldrarnir kaupi íbúðir handa börnunum sínum í stórborgunum hækki hefðbundnar tveggja herbergja íbúðir í verði.

Haft er eftir sérfræðingi í húsnæðismálum að þetta kyndi undir mismunun og áhrifin verði þau að annað ungt fólk hafi ekki efni á að kaupa sér húsnæði í borgunum. Það verði að leita að húsnæði utan þeirra. **– ibs**

**Þegar foreldrarnir kaupa íbúðir handa börnunum sínum í stórborgum Danmerkur hækka tveggja herbergja íbúðir í verði.**

REYKOFN



LANDMANN reykofninn er gaskynntur sem gerir mögulegt að reykja við lægra hitastig
Fjölbreytt úrval reykspæna



FULLT VERÐ 59.900
54.900

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Opið virka daga kl. 11-18

Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

# Störf á leikskóla ekki fyrir eldri borgara

**Þórkatla Sigfúsdóttir er að kveðja vinnustað sinn Ægisborg í dag eftir 34 ára samfellt starf þar. Hún kveðst ekki geta hugsað sér skemmtilegra starf en á leikskóla. Segir störfin þó reyna á líkamann og vera of erfið fyrir eldri borgara.**

**ATVINNA** „Það er mikill misskilningur að eldri borgarar geti farið að stunda þessa vinnu þó þeirri hugmynd hafi verið hreyft. Hún er það erfið líkamlega,“ segir Þórkatla Sigfúsdóttir um starf á leikskóla. „Svo eru kröfurnar þannig að fólk þarf að kunna vel á tölvur því allt þarf að skrá.“

Þórkatla er 68 ára og hefur unnið á leikskólanum Ægisborg samfleytt frá 1982. Nú er hún að hætta í dag. „Ég kvíði fyrir að hætta en heilsan leyfir ekki að ég haldi áfram, ég er orðin það slæm í fótunum,“ útskýrir hún. Kveðst samt ekki geta hugsað sér skemmtilegra starf en á leikskóla. Tíminn sé svo fljótur að líða og ekki sé ein mínúta leiðinleg. „Börnin gefa manni svo mikið og foreldrarnir líka, það er allt yndislegt fólk og ég tala nú ekki um vinnufélagana.“ Segir það líka hafa bjargað sér að vera gift kona og hafa fyrirvinnu.

Margt hefur breyst til batnaðar frá því að Þórkatla byrjaði á Ægisborg 1982. „Fyrst var þetta bara geymsla fyrir börn. Við vorum tvær á deild og reyndum að hafa ofan af fyrir börnunum og sinna þeim sem best. En í dag er starfið komið á skólastig. Ægisborg er klassaskóli og starfsfólkið allt háskólalært,“ segir hún.

Á Ægisborg eru rúmlega 80 börn á tveimur deildum. Þórkatla er á „eldri deildinni“ sem er fyrir þriggja til sex ára. Það er minni vinna en með litlu börnin. Þau eru svo mikið á handleggnum. Hún hefur unnið frá 7.30 til 14 í mörg ár, það er 81% starf. „Þegar ég kem heim er ég algerlega búin og sef í tvo tíma. Börnin taka mikla orku þótt þau séu yndisleg og það er ekki fyrir eldra fólk að bogra yfir þeim, klæða þau og reima skóna.“

Þórkatla mun ekki verða iðjulaus þó að hún hætti að vinna. Hún er frá Raufarhöfn, þar á hún óðal og þarf að sinna æðarvarpi í vor. En ætlar að byrja á að skreppa til Prag. „Ég á fullt af áhugamálum og fjölda ættingja og vina,“ segir hún. „Er líka í mörgum klúbbum svo mér mun ekki leiðast.“ **gun@frettabladid.is**



„Mér hefur fundist voða gott að vera úti með börnin og sinna þeim,“ segir Þórkatla sem lætur af störfum í dag á Ægisborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Börnin taka mikla orku þótt þau séu yndisleg og það er ekki fyrir eldra fólk að bogra yfir þeim, klæða þau og reima skóna.**
>
> Þórkatla Sigfúsdóttir


The all-new BMW 225xe iPerformance Active Tourer
www.bmw.is
BMW
Sheer Driving Pleasure
BMW 225xe
FJÓRHJÓLADRIF.
KNÚIÐ AF RAFMAGNI.
NÝR BMW 225xe xDrive. Verð frá: 4.990.000 kr.
BMW 225xe xDrive Plug-In-Hybrid með sjálfskiptingu er nýr og spennandi bíll úr iPerformance rafbílalínu BMW. Rafmagn og fjórhjóladrif sameinast á einstaklega hentugan hátt fyrir íslenskar aðstæður í þessum nýja BMW sem notar aðeins frá 2 l/100 km* í blönduðum akstri.
iPERFORMANCE
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM77166
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Enginn munur á gæðum en næstum fimmtugfaldur verðmunur

**HEILBRIGÐISMÁL** B-vítamín stungulyfi sem hækkað hefur um 4.700 prósent fyrir það eina að fá markaðsleyfi hér á landi er dreift af Icepharma og framleitt af Abcur í Svíþjóð. SÁÁ gat fyrir markaðsleyfi Icepharma keypt lyfið á 525 krónur af heildsölunni Parlogis en kaupir það nú af Icepharma á um 25.000 krónur.

B-vítamín stungulyfið sem notað hefur verið á Vogi á síðustu misserum er dæmi um lyf sem selt hefur verið án markaðsleyfis á grundvelli undanþágu. Lögbundið er að lyf skuli ekki seld hér á landi nema þau hafi áður fengið markaðsleyfi sem Lyfjastofnun veitir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Við sérstakar aðstæður getur Lyfjastofnun veitt undanþágu frá markaðsleyfi fyrir sölu lyfs, ef enginn aðili hefur sótt um markaðsleyfi.

„Lyfjastofnun fór af stað og hafði samband við einn birgjann og óskaði eftir því að þeir skráðu lyfið hér á landi," segir Bessi Jóhannesson, framkvæmdastjóri lyfjasviðs Icepharma. „Það er markmið lyfjastofnunar að skrá lyf á Íslandi. Því fylgir neytendavernd með íslenskum lyfseðlum og íslenskum pakkningum."

Bessi bætir við að í öllum aðalatriðum sé lyfið það sama. „Í rauninni er þetta nákvæmlega sama lyfið. Í þessu tilviki skráir aðili það hér á markað og fær leyfi fyrir því og verðleggur vöruna sem er svo samþykkt af lyfjagreiðslunefnd," segir Bessi. Um leið og markaðsleyfi er fengið hér á landi fyrir lyfi er því ekki leyfilegt að kaupa hitt lyfið sem kostaði um 500 krónur.

> Hins vegar er fákeppnin sem við búum við alvarlegt umhugsunarefni. Hún stendur raunverulegri samkeppni fyrir þrifum.
>
> Kristján Þór Júlíusson



Þórarinn Tyrfingsson sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að heilbrigðisráðuneytið hafi gefið einu fyrirtæki einkaleyfi á sölu lyfsins hér á landi og því hafi verðið hækkað svona mikið. Velferðarráðuneytið segir það hins vegar rangt hjá Þórarni. Kristján Þór Júlíusson segir fákeppni vera aðalorsök verðlagningarinnar. „Heilbrigðisyfirvöld verða að fara eftir settum lögum og reglum á þessu sviði sem öðrum. Hins vegar er fákeppnin sem við búum við alvarlegt umhugsunarefni. Hún stendur raunverulegri samkeppni fyrir þrifum og ég tel að við ættum nú að beina sjónum okkar að því hvort álagning á lyfjamarkaðinum sé raunhæf," segir Kristján Þór. **– sa**



**Icepharma er dreifingaraðili á Íslandi.**

## 12 þúsund hælisleitendur fara huldu höfði

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin leggur til að lögreglan fái að gera húsleit á vinnustöðum til að hafa uppi á flóttamönnum sem neitað hefur verið um hæli í Svíþjóð.

Yfir 12 þúsund hælisleitendur í Svíþjóð sem vísa á úr landi eru í felum. Á hverju ári finnur lögreglan um eitt þúsund manns sem fara huldu höfði. Leit að þeim er ekki virk en lögreglunni berast ýmsar vísbendingar. Hingað til hefur lögreglan eingöngu haft möguleika á að kanna ríkisfang einstaklinga séu þeir grunaðir um afbrot, að því er segir í frétt sænska sjónvarpsins.

Ríkisstjórnin leggur jafnframt til að hægt verði að refsa vinnuveitanda sem kerfisbundið nýtir vinnukraft sem ekki hefur fengið hæli. Auk þess er lagt til að lögreglan fái að taka fingraför af þeim flóttamönnum sem ekki fá hæli í Svíþjóð. **– ibs**

## Viðurkennir nánast ósigur fyrir Corbyn

**BRETLAND** Owen Smith, annar frambjóðenda í formannskosningum Verkamannaflokks Bretlands, nánast viðurkenndi ósigur sinn í baráttunni í gær. „Ég mun ekki þjóna í ráðuneyti Jeremys," sagði Smith og vísaði þar til mótframbjóðanda síns, núverandi formannsins Jeremys Corbyn. Athygli vakti að Smith sagði „mun ekki" í stað þess að segja „myndi ekki". Ummælin lét hann falla á blaðamannafundi.

Kosningunum er nú lokið en niðurstöður verða kynntar á morgun. Skoðanakannanir benda til stórsigurs Corbyns. Samkvæmt meðaltali nýjustu kannana er Corbyn með um tuttugu prósentustiga forskot á Smith. **– þea**

# Afar ósáttur við teymisstjórann

**Sjálfstætt starfandi sálfræðingur er ósáttur við ummæli forsvarsmanns ADHD-teymisins um að greiningar annarra sálfræðinga séu ekki endilega viðurkenndar. Hann segir ríkið stunda markaðsmisnotkun með teyminu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Orð Sigurlínar Kjartansdóttur, teymisstjóra ADHD-teymisins á Landspítalanum í Morgunblaðinu í síðustu viku, vöktu undrun nokkurra sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Þar sagði hún að vegna rúmlega tveggja ára biðtíma hjá teyminu leitaði fólk til sjálfstætt starfandi sálfræðinga og það hafi skapað vandamál innan teymisins vegna vinnulags þessara sálfræðinga og að sumar greiningar séu ekki viðurkenndar alls staðar.

„ADHD-teyminu tókst að markaðssetja sig þannig að það gæti stundað einokun og þeir sem ynnu þar hefðu einir vit á ADHD fullorðinna," segir Jón Sigurður Karlsson, sjálfstætt starfandi sálfræðingur, sérfræðingur í klínískri sálfræði og löggiltur sálfræðingur frá 1977. Meðal viðfangsefna hans er greining á ADHD. „Ég hef með ánægju boðið fólki af þessum biðlista til mín. Ég er í samkeppni og það er mun minni bið hjá mér þannig að ég segi hiklaust að peningunum sé betur varið hjá mér."

Viðtalið við Sigurlín í Mogganum var liður í því að fá meiri pening fyrir teymið. Það átti nefnilega að leggja það niður árið 2013 en ADHD-samtökin lögðust gegn því og starfið var endurskipulagt. Í staðinn krækti Landspítalinn í pening úr Sjúkratryggingum og slapp þannig við niðurskurðarhnífinn."

Fram kom í viðtalinu að eina niðurgreidda sálfræðimeðferð fyrir ADHD-sjúklinga væri hópmeðferð sem færi fram á daginn og því ætti fólk erfitt með að mæta. Jón segir lítið fyrir þær skýringar. „Þetta er væl. Þetta er ekkert annað en markaðsmisnotkun hjá ríkinu.



**Fjölmargir bíða eftir greiningu hjá ADHD-teymi Landspítalans. Biðlistinn er tvö ár. Sjálfstætt starfandi sálfræðingar eru ekki sáttir við orð forstöðumanns teymisins.**

> Fyrir nánast sama verð býð ég greiningu sem gengur lengra en hjá ADHD-teyminu og fer yfir fleiri þætti. Að þetta sé dýrt er rangt því greining og meðferð við ADHD hjá sjálfstætt starfandi getur verið góð fjárfesting og trúlega sú besta fyrir fólk í þessari aðstöðu.
>
> Jón Sigurður Karlsson sálfræðingur



ADHD-teymið hefur ekki tíma í einstaklingsmeðferð en hópmeðferð á dagvinnutíma hentar illa þeim sem eru í vinnu. Sú meðferð er ekki í boði hjá Landspítalanum."

Jón segir að kostnaður við greiningu hjá ADHD-teyminu sé 35.500 krónur en kosti hjá sér 36.000 eða 500 krónum meira. „Fyrir nánast sama verð býð ég greiningu sem gengur lengra en hjá ADHD-teyminu og fer yfir fleiri þætti. Það er ekki þannig að ADHD-teymið hafi einkaleyfi á sannleikanum. Að þetta sé dýrt er rangt því greining og meðferð við ADHD hjá sjálfstætt starfandi getur verið góð fjárfesting og trúlega sú besta fyrir fólk í þessari aðstöðu. Og það eru til fleiri lausnir en ADHD-teymið til að takast á við ADHD."

**benediktboas@365.is**




# Sigurjón og Yngvi sýknaðir

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í dag þá Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands, og Yngva Örn Kristinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra verðbréfasviðs bankans, af öllum kröfum slitastjórnar bankans sem hafði krafið þá um greiðslu á 1,2 milljörðum auk vaxta.

Slitastjórn sagði þá hafa valdið bankanum fjártjóni með athöfnum sínum eða athafnaleysi í tengslum við hlutabréfakaup á árunum 2007 til 2008.

Hæstiréttur sneri þar með við dómi héraðsdóms sem hafði dæmt Sigurjón og Yngva til að greiða samtals 237,7 milljónir í skaðabætur. Þá dæmdi Hæstiréttur slitastjórnina til að greiða Sigurjóni og Yngva Erni fimm milljónir króna í málskostnað.

Slitastjórnin reisti skaðabótakröfu sína meðal annars á því að þeir Sigurjón og Yngvi Örn hefðu brotið áhættureglur bankans með því að fara fram úr leyfilegum áhættumörkum vegna viðskiptanna, ekki gert formlega samninga við viðskiptamenn um kaup á hlutabréfunum og að skort hefði tilskilið samþykki yfirmanna bankans.



**Sigurjón með Sigurði G. Guðjónssyni, lögmanni sínum. Hæstiréttur féllst ekki á að Sigurjón og Yngvi hefðu brotið áhættureglur bankans með hlutabréfakaupum á árunum 2007 og 2008.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í héraðsdómsstefnunni sagði að saknæmi beggja hefði falist „í því að hafa af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefið samþykki fyrir umræddum kaupum þótt [þeir] hafi vitað eða mátt vita að ekki væru uppfyllt skilyrði áhættureglna bankans fyrir kaupunum og reglunnar um að bankinn mætti ekki eiga nema 10% eigin hluti". Þá hefðu þeir „sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hlutast ekki til um að hlutabréfin yrðu seld þegar fyrir lá að kaupin höfðu verið gerð án heimildar og í bága við reglur bankans og lög".

Þeir Sigurjón og Yngvi Örn vísuðu til ákvæðis í ráðningarsamningi þeirra frá árinu 2003 sem Hæstiréttur segist ekki geta túlkað á annan veg en þann að þeir hefðu mátt treysta því að þurfa ekki að bæta bankanum tjón, sem þeir kynnu að valda honum í störfum sínum, að því tilskildu að tjónið yrði bætt samkvæmt skilmálum slíkrar tryggingar. **– ai**

# MARGFALDUR SIGURVEGARI!

40 BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

ASTRA frá aðeins
**2.990.000 KR.**




## Til hamingju Opel Astra!

CAR OF THE YEAR 2016

Nýr Opel Astra vann hug og hjörtu bílasérfræðinga í allri Evrópu og þeir völdu hann Bíl ársins 2016 í Evrópu. Áður hafði hann hampað mörgum virðulegum titlum, m.a. Gullna stýrið 2016 og Bíll ársins í Danmörku 2016.

Og enn bætir hann við sig verðlaunum. Nú hefur dómnefnd Bandalags íslenskra bílablaðamanna tilkynnt um val sitt á bíl ársins á Íslandi 2017. Þar ber Opel Astra sigur úr býtum í flokki bíla í sínum stærðarflokki.

## Ný Opel Astra.
**Meira en þú átt að venjast.**

OPEL

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9
420 3330

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16**
**Verið velkomin í reynsluakstur**

**OPEL Á ÍSLANDI**
**Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is**




Skelltu þér í sólina um jólin með fjölskyldunni, makanum eða vinum. Jólaferðir til Gran Canaria hafa verið afar vinsælar síðustu ár enda frábært að njóta sólarinnar þar ytra yfir hátíðina. Heimsferðir bjóða úrval gistingar á frábærum kjörum en Gran Canaria eru einn alvinsælasti áfangastaður Evrópubúa yfir veturinn, enda er þar að finna eitt besta loftslag í heimi, milt og gott veður með jöfnu hitastigi árið um kring. Á Gran Canaria eyjunni er að jafnaði 20-25 stiga hiti á daginn.

**IFA Buenaventura**

**Frá kr. 177.345**
**m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 177.345 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr.206.995 m.v. 2 fullorðna í herb.
20. desember í 13 nætur.



**Don Diego**

**Frá kr. 145.390**
**m/ekkert fæði innif.**
Netverð á mann frá kr. 135.595 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 153.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
20. desember í 13 nætur.



**Barcelo Margaritas**

**Frá kr. 184.665**
**m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 181.830 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 202.535 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
22. desember í 10 nætur.



**Aparthotel Green Field**

**Frá kr. 125.330**
**m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 125.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 141.595 m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
22. desember í 10 nætur.




ENNEMM / SIA • NM77428 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

# Uppreisnarmenn færa sig



Konur yfirgefa hverfið al-Waer í miðhluta Homs í Sýrlandi. Fregnir herma að 120 uppreisnarmenn hafi yfirgefið al-Waer-hverfið í gær, sumir í fylgd fjölskyldna sinna. Flutningur þeirra frá svæðinu er í samræmi við vopnahléið sem náðist við sýrlensk stjórnvöld. Búist er við því að fólkið haldi til norðurhluta Homs. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Undir stöðugu eftirliti

**Í frumvarpi til aukafjárlaga er lagt til 64,5 milljóna framlag til Barnaverndarstofu til að geta staðið við dóm héraðsdóms yfir 17 ára pilti sem þarf öryggisvistun og að vera undir eftirliti allan sólahringinn. Hann reyndi að skera níu ára stúlku á háls.**

**VELFERÐARMÁL** Pilturinn var sakfelldur árið 2014 fyrir að reyna að myrða níu ára stúlku með því að skera hana á háls. Árásin var hrottaleg og þurfti að sauma 34 spor í telpuna.

Í frumvarpinu kemur fram að nauðsynlegt þyki að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að pilturinn skaði ekki sjálfan sig, önnur börn eða aðra í nærumhverfi sínu og kostar vistunin 64,5 milljónir á ári. Langmest fer í laun gæslufólks en hann þarf að vera undir eftirliti allan sólarhringinn.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að í þessu tilviki sé vandinn flókinn vegna þroskafráviks og þroskaraskana. „Svona einstaklingar hafa mjög sérstakar þarfir og því ekki auðvelt að hafa þá á stofnun með öðrum.“ Hann bætir við að vegna þess að þarna sé um að ræða barn þurfi að gæta réttinda piltsins og virða þau.

„Þarna er einstaklingur sem er hættulegur sjálfum sér og öðrum vegna fjölþætts vanda. Það þýðir að við verðum að tryggja öryggi viðkomandi, annarra og umhverfisins í kring en á sama tíma að tryggja að barnið fái notið þeirra réttinda sem mannréttindaákvæði kveða á um. Virk umgengni í samfélaginu er nauðsynleg og mikilvæg fyrir börn og unglinga. Ef vel tekst til þá er hægt að draga úr líkum á að viðkomandi fari sjálfum sér eða öðrum að voða. Þess vegna skiptir máli að gera þetta vel þegar viðkomandi er á barnsaldri því það margborgar sig þegar horft er til framtíðar.“ Bragi segir að fyrst pilturinn var ekki metinn sakhæfur, fötlunin sé mikil og að drengurinn eigi erfitt með að vera með öðrum þá sé búið til sérúrræði.

„Þetta er dýrt en það er ekki um annað að velja. Þarfir hans eru sérstakar og þá er hægt að byggja utan um einstaklinginn. Þegar frá líður og slíkir einstaklingar fullorðnast þá er hægt að minnka gæsluna.“

benediktboas@frettabladid.is



Við Herjólfsgötu í Hafnarfirði reyndi pilturinn að skera telpuna á háls með brauðhníf. Í læknisvottorði sem notað var fyrir dómi kom fram að dýpstu skurðirnir hafi verið yfir hálsæðum og barka. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

> Þarna er einstaklingur sem er hættulegur sjálfum sér og öðrum vegna fjölþætts vanda. Það þýðir að við verðum að tryggja öryggi viðkomandi, annarra og umhverfisins í kring.



Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu

# Sjö ne sais quoi

**7** GB á mánuði í
**7** mánuði fylgir

**iPhone 7**



Kemur í dag:

**iPhone 7** 32 GB
**124.990 kr.** stgr.

Væntanlegur:

**iPhone 7 Plus** 32 GB
**139.990 kr.** stgr.

iPhone 7 í Nova Lágmúla.
Við opnum kl. 08:00 í dag.
Komdu við og kíktu á iPhone 7.
Takmarkað magn.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

**Reykjavík, 23. sept. 2016**

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 17 0323 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta í gær, þann 22. september 2016, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku *www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar*

KVIKA

kvika.is

# Sagður hafa fengið 12 ára dóm í hefndarskyni

**Tólf ára dómur yfir kínverska lögmanninum Xia Lin hefur vakið hörð viðbrögð mannréttindasamtaka. Xia var handtekinn þegar hann var að búa sig undir að verja mótmælandann Guo Yushan. Hefur einnig varið listamanninn Ai Weiwei.**

**KÍNA** Lögmaður kínverska listamannsins Ai Weiwei hefur verið dæmdur í tólf ára fangelsi í Kína. Kínversk mannréttindasamtök segja dóminn hefndaraðgerð, ætlaða til þess að þagga niður í mannréttindalögfræðingum.

Lögmaðurinn Xia Lin, sem er 46 ára, hefur tekið að sér ýmis mannréttindamál fyrir kínverskum dómstólum. Meðal annars hefur hann verið verjandi hagfræðingsins Guo Yushan, sem hafði lýst yfir stuðningi við mótmælin í Hong Kong árið 2014.

Xia var einmitt handtekinn í nóvember það ár, þegar hann var að búa sig undir að verja Guo. Sjálf réttarhöldin hófust þó ekki fyrr en í júní síðastliðnum, hálfu öðru ári eftir handtökuna.

„Hann telur að þeir séu að hefna sín á sér fyrir að hafa blandað sér í Hong Kong-málið og fleiri mannréttindamál,“ er haft eftir Ding Xikui, lögmanni Xias, á fréttavef breska dagblaðsins The Guardian.

Xia var sakfelldur fyrir að hafa með svikum útvegað sér jafnvirði 80 milljóna króna til að greiða upp spilaskuld.

Stuðningsmenn hans segja ekkert hæft í þessu. Dómurinn hafi þann eina tilgang að fæla lögmenn frá því að taka að sér mannréttindamál.



Kínverski listamaðurinn Ai Weiwei, sem hefur verið í sjálfskipaðri útlegð í rúmt ár, er einn þeirra sem notið hafa aðstoðar lögmannsins Xia Lin. NORDICPHOTOS/AFP

„Þessi dómur er yfirgengilegur,“ segir Maya Wang hjá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch í viðtali við frönsku fréttastofuna AFP, „ekki bara vegna þess hve þungur hann er heldur einnig vegna þess að hann var felldur yfir mannréttindalögmanni sem hefur reynt að vernda sjálfan sig með því að vinna vinnu sína með faglegum hætti án þess að láta mikið á sér bera.“

Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um dóminn í kínverskum fjölmiðlum. Hins vegar hafa samfélagsmiðlar verið óspart notaðir til að vekja athygli á málinu.

Xia er þekktastur fyrir að hafa tekið að sér mál kínverska listamannsins Ai Weiwei, eins helsta listamanns Kína, sem hafði verið óhræddur við að vekja athygli á mannréttindabrestum. Weiwei var handtekinn árið 2011, sakaður um skattsvik, en látinn laus nokkrum mánuðum síðar. Hann hélt til Evrópu árið 2015 og hefur verið í sjálfskipaðri útlegð frá Kína síðan.

gudsteinn@frettabladid.is






Eina hraðhleðslustöð ON í Kópavogi er við Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kópavogur bíði með hraðhleðslustöðvar

**ORKUMÁL** Gatnamálastjóri og umhverfisfulltrúi Kópavogs mæla með því að bærinn fjárfesti ekki strax í hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla og reki þær.

„Talið er að fýsilegasti kostur sveitarfélagsins sé að fylgjast vel með og meta aðstæður á komandi ári og miða við aðgerðir Orku náttúrunnar varðandi ákvörðunartöku um gjaldtöku á hraðhleðslustöðvum og uppbyggingu innviða hraðhleðslustöðva ásamt því að fylgjast með alheimsþróun á rafhleðslum og innviðum,“ segir í umsögn embættismannanna til bæjarráðs Kópavogs.

„Óvissustig á markaði er mikið og þá sérstaklega út af mjög örum breytingum og hraðri þróun á sviði rafbíla og innviða fyrir rafbíla,“ segja embættismennirnir. Fyrir Kópavogsbæ séu möguleikarnir í uppbyggingu og rekstri tvíþættir.

„Telst aðkoma sveitarfélagsins geta verið sú að reka hraðhleðslustöðvar eða bjóða upp á rekstur á skilgreindum bílastæðum á bæjarlandi.“ – **gar**

# NÝR FORD EDGE AWD
## *Veitir þér frelsi til að fara lengra*




**Ford Edge hefur framúrskarandi aksturseiginleika, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni sem setur hann fremstan í sínum flokki. Ford Edge er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19'' álfelgum.**

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lægsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

## FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.090.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta dísiljeppann Ford Edge AWD**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Hljómskálinn var byggður 1922.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hyggjast friða Hljómskálann

**MENNING** „Hljómskálinn við Reykjavíkurtjörn hefur menningarsögulegt gildi sem fyrsta hús á landinu sem byggt var sérstaklega fyrir tónlistarstarfsemi,“ segir í rökstuðningi Minjastofnunar Íslands fyrir því að ytra byrði Hljómskálans verði friðlýst.

Skálinn er teiknaður af Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara og reis árið 1922. „Byggingarstíll Hljómskálans ber öll einkenni steinsteypuklassíkur en lögun hans og uppbygging gerir mannvirkið einstakt í íslenskri byggingarsögu,“ segir Minjastofnun í umsögninni sem Borgarsögusafn Reykjavíkur tekur jafnframt undir. **– gar**

# Atlantshaf yljar Eyjamönnum

**Sjóvarmadæla á að spara allt að 150 milljónum króna á ári í raforkukaup í Vestmannaeyjum og lækka húshitunarkostnað um tíu prósent. Hiti verður dreginn úr Atlantshafinu í næststærstu sjóvarmadælu í heimi.**

**ORKUMÁL** „Við ætlum að taka hitann úr sjónum og setja í hitaveituvatnið,“ segir Ívar Atlason, tæknifræðingur hjá HS Veitum, sem eru að hefja byggingu stöðvar með sjóvarmadælu í Vestmannaeyjum.

Sjóvarmadælan á að leysa af hólmi rafskautaketil sem fram til ársins 1988 nýtti hita úr hrauninu úr Vestmannaeyjagosinu en eftir að þann hita þraut hefur verið notast við rafmagn af fastalandinu.

Ívar Atlason, sem leiðir verkefnið, segir að með hækkandi rafmagnsverði hafi verið farið að huga að öðrum lausnum. „Við þurfum að kaupa óhemju magn af rafmagni á rafskautaketilinn til að hita upp hitaveituvatnið,“ segir hann.

Sem fyrr segir á að nota hitann úr sjálfu Atlantshafinu sem golfstraumurinn sér um að er nokkuð jafn, eða um 5 til 6 gráður á veturna og 10 til 12 gráður á sumrin. „Þetta virkar þannig að við þurfum að dæla upp alveg óhemju magni af sjó sem er leiddur inn í þessa varmadælu sem flytur varmann úr sjónum í hitaveituvatnið,“ segir Ívar.

Í stöðinni hitar sjórinn ammóníak sem síðan flytur varmann í hringrás í hitaveitu Eyjamanna í ferli sem endurtekur sig í mörgum þrepum.

Ívar undirstrikar að um þekkta tækni sé að ræða. Honum vitanlega verði sjóvarmastöðin hins vegar sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og sú næststærsta í í heiminum á eftir



Sjóvarmadælustöðin verður á þessum stað á hafnarsvæðinu í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

> **Við ætlum ekki að standa í einhverju veseni og reka hitaveituna í Vestmannaeyjum á ótryggri orku um aldur og ævi.**
>
> Ívar Atlason, tæknifræðingur hjá HS Veitum



14 megavatta stöð í Drammen í Noregi. Í Eyjum verði stöðin tæp 11 megavött.

Áætlaður kostnaður við stöðina er um 1.100 milljónir króna. Þar af greiðir ríkið 300 milljónir. Framkvæmdir eru komnar í gang á hafnarsvæðinu og bor sem bora á eftir sjó er á leiðinni til Eyja. Stefnt er að gangsetningu í ársbyrjun 2018.

Ívar segir sjóvarmastöðina munu skera rafmagnsþörf hitaveitunnar niður um tvo þriðju hluta. Í því felist allt að 150 milljóna sparnaður á ári miðað við núverandi raforkuverð.

„Íbúarnir eiga að fá að njóta hagræðingarinnar af þessu brölti og við stefnum að því að það sé hægt að lækka húshitunarkostnað í Vestmannaeyjum um allt að tíu prósent á næstu árum þegar allt er komið á fullt sving og búið að greiða niður þessa fjárfestingu,“ segir Ívar

Gerður hefur verið samningur við Landsvirkjun um kaup á rafmagni á varmadælurnar. Farin er sú leið að kaupa margfalt dýrari forgangsorku í stað ódýrari en ótryggrar umframorku eins og verið hefur.

gar@frettabladid.is


# Bridge gerir lífið skemmtilegra

Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land – upplýsingar á bridge.is



Bridge sameinar aldurshópana • Bridge getur bæði grætt og kætt • Bridge er brilliant!
Þú brýtur heilann í bridge • Bridge er manns gaman • Bridge er spil spilanna • Bridge alla ævi

Árlegt, alþjóðlegt stórmót *Icelandair Reykjavík Bridgefestival* fer fram 26.-29. janúar 2017 skráning á bridge@bridge.is

**Eldri borgarar spila alla mánudaga og fimmtudaga kl. 13.00-17.00 í Síðumúla 37**

## Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla. Guðmundur Páll starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært bridge sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

Námskeið í Bridgeskólanum hefjast 3. október n.k.
Allir undir 25 ára aldri fá frítt á byrjendanámskeið.
Upplýsingar hjá Guðmundi Páli Arnarsyni
í síma 8985427 eða á gparnarson@internet.is

Bridgesamband Íslands – Síðumúla 37 – 108 Reykjavík – sími 587 9360 – www.bridge.is

VEISTU Í HVERJU ÞÚ ERT AÐ FJÁRFESTA?

# Morgunfundur um ábyrgar fjárfestingar

Landsbankinn býður til morgunfundar þar sem sérfræðingar fjalla um innleiðingu og aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga. Fundurinn fer fram á Icelandair Hotels Reykjavík Natura, fim. 29. september kl. 8.30 - 10.15.
**Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.00. Allir velkomnir.**

## Dagskrá

**Opnunarávarp**
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans

**Samfélagslega ábyrgur markaður**
Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

**Heildin > summa liðanna**
Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Icelandair Group

**Risk, Fiduciary Duty and the Laws of Nature**
Gil Friend, stofnandi og stjórnarformaður Natural Logic Inc.

**Fundarstjóri:**
Hrönn Hrafnsdóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Reykjavíkurborg

**Skráning á landsbankinn.is**

**#abyrgarfjarfestingar**

# FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ



# Ísland sofnað á verðinum í jafnréttismálum

**Sigríður María Egilsdóttir skipar fimmta sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík norður. Hún segist heillast af flokknum því þar verði nýr tónn gefinn í íslenskri umræðu. Sigríður hefur hellt sér út í breytingar á námslánakerfinu og hefur sýn á lausnir fyrir húsnæðismarkaðinn og óútskýrðan launamun kynjanna.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Pólitíski áhuginn hefur alltaf verið til staðar en ég hef aldrei fundið samleið með þeim hugsunarhætti að viðhalda flokki í stað þess að viðhalda framtíðarsýn. Það sem gerist þegar stjórnmálaflokkar eru búnir að vera til í langan tíma, þá getur verið erfitt að stíga út fyrir þröngan rammann og móta skýra eða nýja sýn. Þess vegna er spennandi að taka þátt í nýjum flokki sem er að móta áherslurnar,“ segir Sigríður María Egilsdóttir, 22 ára laganemi og frambjóðandi á lista Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi norður.

Fyrir þremur árum vakti Sigríður mikla athygli fyrir Ted-fyrirlestur sem hún hélt um jafnréttismál. Um síðustu helgi tók hún svo þátt í umtöluðum þætti Vikulokanna á Rás 1 þar sem sauð upp úr á milli gesta þáttarins, hennar, Svavars Halldórssonar, framkvæmdastjóra sauðfjárbænda, og Gísla Marteins Baldurssonar. Svavar hefur fengið mikla gagnrýni eftir þáttinn fyrir að hafa reynt að þagga niður í ungri konu, Sigríði Maríu.

„Ég er ekkert endilega á því að umræðan hafi farið á þennan veg af því að ég er kona. Svavar var alveg eins við Gísla Martein og hann var við mig. Þetta fór bara eins og það fór en ég held að þetta sýni okkur að ef umræður um málefnin fara í eitthvert rugl þá kemur ekkert sérstaklega góð niðurstaða úr þeim.

Ég var ekkert ótrúlega stolt af minni frammistöðu í þættinum heldur. Við fundum það, sérstaklega eftir að útsendingunni lauk og hlutirnir höfðu að róast niður, hvað það var miklu auðveldara að eiga samtalið. Það er alltaf hægt að finna sameiginlegan flöt á málunum. Ég held að það sé miklu mikilvægara í stað þess að hjakka í því sem er ósamrýmanlegt strax. Það gefur miklu betri tón og býður upp á betri möguleika í framtíðinni. Þetta er sú breyting sem fólk hefur verið að kalla eftir í pólitík. Það eru allir orðnir þreyttir á þessari umræðu sem einkennist af heift,“ segir Sigríður.

## Höfum sofnað á verðinum

Eins og áður hefur komið fram eru jafnréttismál Sigríði mjög hugleikin. Hún segir nýjustu tölur um óútskýrðan launamun kynjanna, sem er tíu prósent, óásættanlegar.

„Ég er ekki tilbúin að vinna í heilan mánuð á ári launalaust. Mér finnst ég bara meira virði en það.“

Samkvæmt alþjóðlegum greiningum er Ísland fremst allra þjóða þegar kemur að jafnréttismálum.

„Umræðan hefur hljóðnað að miklu leyti. Við eigum bara að sætta okkur við að vera best. Eins og gerist oft þegar maður er í fyrsta sæti þá höfum við sofnað á verðinum. Þegar ég hélt fyrirlesturinn um jafnréttismál árið 2013 þá var óútskýrður launamunur líka í kringum tíu prósent. Hvar eru framfarirnar? Það að konur séu launalausar í þrjátíu daga á ári setur þetta í svo gott samhengi fyrir fólk. Það áttar sig virkilega á því í hverju óréttlætið felst.“

Hún segir að ráðast þurfi í herferð gegn kynbundnum launamun. „Það stendur auðvitað í lögum að það megi ekki mismuna á grundvelli kynferðis. Samt sjáum við það gerast. Alþingismenn hafa lagasetningarvaldið en þeir geta ekki labbað inn í hvert einasta fyrirtæki og skipað þeim fyrir um hvernig þau eigi að haga launaskránni sinni.“

Sigríður segir flókið mál hvaða aðgerðum skuli beita til að jafna laun kynjanna. „Kannski eigum við að byrja herferð og hvetja fyrirtæki til að fara yfir stöðuna hjá sér. Ef það gengur ekki þurfum við að grípa til frekari ráðstafana. Í stað þess að stjórnmál séu að skipa fólki fyrir ættu þau kannski frekar að vera tilbúin að gefa eftir á ákveðnum sviðum, ef fyrirtækin uppfylla ákveðin skilyrði. Ég held til dæmis að það væri góð þróun, einhvers konar stimpill eða jafnvel skattaívilnanir.“

## Tvöfalt kerfi

Húsnæðismálin hafa brunnið mikið á samfélaginu síðastliðin ár og sitjandi ríkisstjórn ráðist í ýmsar aðgerðir til að ná utan um vandann. „Eins og staðan er í dag búum við við tvöfalt samfélag. Það eru þeir sem geta mögulega átt fyrir útborgun í fyrstu íbúð, oftast vegna þess að foreldrar þeirra geta lánað þeim, og síðan eru það þeir sem festast á leigumarkaði. Það er ofsalega mikill ójöfnuður fólginn í þessu og mjög slæm þróun að ungt fólk í dag þurfi á fjárhagslega sterkum foreldrum að halda til að geta flutt að heiman.“

„Við búum við það að vextir af húsnæðislánum eru hærri hér en í nágrannalöndunum. Það þýðir að ef ég myndi kaupa íbúð í dag þyrfti ég að endurgreiða hana næstum því þrisvar sinnum áður en ég næði að greiða upp allt lánið. Vextirnir eru grunnvandamálið. Eins krúttleg og krónan er þá er hún líka grundvöllur margs konar vandamála. Við í Viðreisn viljum horfa til Evrópusambandsins. Við þurfum annaðhvort upptöku annars konar gjaldmiðils eða að setja upp myntráð sem býður upp á stöðugleika fyrir krónuna þannig að vextir lækki. Þetta er vandi sem við höfum búið við í mörg ár og af því við erum orðin svo pirruð á þessu verður hávært ákall um skyndilausnir. En kannski er þetta ekki vandi sem er hægt að leysa með einni ákvörðun. Kannski þurfum við plan til að leysa vandann til langs tíma litið.“

> Ég er ekki tilbúin að vinna í heilan mánuð á ári launalaust. Mér finnst ég bara meira virði.

Sigríður segir að Evrópusambandið sé samt ekki til þess fallið að leysa allan vanda Íslands. „Við viljum byrja að kjósa um hvort aðildarviðræðum verði haldið áfram. Ef þjóðin segir já þá kjósum við seinna um samninginn. Ef sá samningur er góður segjum við já, en ef hann er vondur þá segjum við bara nei. Ég vil sjá samninginn og vita hvernig hann stendur gagnvart sjávarútveginum og landbúnaðinum. Það stendur ekki til að skilja neinn út undan.“

## Ójöfnuður hjá LÍN

Annað mál sem hefur brunnið mikið á ungu fólki og námsmönnum er nýtt Lánasjóðsfrumvarp menntamálaráðherra. Sigríður segir að sumt í því séu framfarir frá núverandi kerfi en annað vegi alvarlega að jöfnuði í landinu. „Helsta gagnrýni mín er að allir þurfa að borga jafn mikið í afborganir. Það skiptir ekki máli hvort þú ert nýútskrifaður kennari eða byggingaverkfræðingur með hátt í milljón á mánuði. Við hljótum að sjá að það er ekki gott fyrir samfélagið að missa fólk úr störfum sem eru ekki eins hátt launuð vegna þess að fólk sér ekki fram á að geta greitt af námslánunum sínum. Við í Viðreisn stöndum fyrir því að tekjutengja afborganir. Það er mikilvægt jöfnunartæki.“

Þó kannanir bendi ekki til þess að Sigríður María fari á þing í þessum kosningum ætlar hún sér að vinna að breytingum í samfélaginu á kjörtímabilinu. „Þetta snýst um almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Það hefur verið ákall eftir þessari breyttu umræðu. Ég held að besta leiðin til að fólk finni fyrir því sé að eiga þetta yfirvegaða samtal og stefna á samvinnu. Mér finnst þetta áhugaverðar kosningar og finnst spennandi að taka þátt í þessu í ár því það virðist vera sérstaklega mikið ákall eftir þessari breyttu stjórnmálahefð.“

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

## Í hringiðunni á bandarískri lögmannsstofu



Sigríður María fékk, að eigin sögn, þá grillu í höfuðið að starfa erlendis í sumar. Hún sótti um sem lærlingur á bandarísku lögmannsstofunni Morrison & Foerster og kom það henni á óvart þegar hún fékk starfið.

„Ég varði sex vikum í New York og sex vikum í Washington. Það var mjög áhugavert að finna þennan menningarmun á milli Bandaríkjanna og Íslands en líka á milli þessara tveggja borga. Það var ofboðslega skemmtilegt að kynnast þessu starfsumhverfi,“ segir hún.

„Ef þú hefðir spurt mig fyrir einhverju síðan hvort ég væri týpan sem stekkur alltaf út í djúpu laugina þá hefði ég sagt nei. En núna er ég bæði að taka þátt í pólitísku starfi og nýbúin að gera eitthvað álíka klikkað og þetta, þannig að svarið ætti hugsanlega að vera já. Ég er þessi týpa.“

# NÚ HÖFUM VIÐ LÆKKAÐ ÖLL VERÐ

## Á AEG ÞVOTTAVÉLUM, ÞURRKURUM, UPPÞVOTTAVÉLUM, KÆLISKÁPUM, FRYSTISKÁPUM, OFNUM OG HELLUBORÐUM

**vegna styrkingar á gengi krónunnar og hagstæðra innkaupa.**



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

markhönnun ehf

# nettó




**HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ**

120 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM

## ÄNGLAMARK BARNAVARA

**15% AFSLÁTTUR**



Allar barnavörur frá Änglamark eru svansmerktar og unnar í samvinnu við dönsku astma- og ofnæmissamtökin.

coop ÄNGLAMARK

fairtrasa®
sustainable fair trade



## OFURTILBOÐ HELGARINNAR

### FÖSTUDAGUR 23. SEPT

*Tilboð dagsins*

**35% AFSLÁTTUR**




**HIMNESK HOLLUSTA GRÓFT HNETUSMJÖR - 250 G**

~~VERÐ ÁÐUR: 359 KR/PK~~

**35% | 241 KR/PK**

### LAUGARDAGUR 24. SEPT

*Tilboð dagsins*

**33% AFSLÁTTUR**




**ISOLA MÖNDLUMJÓLK - 1 L**

~~VERÐ ÁÐUR: 479 KR/STK~~

**33% | 321 KR/STK**

### SUNNUDAGUR 25. SEPT

*Tilboð dagsins*

**40% AFSLÁTTUR**




**NAKD NIBBLES - 40 G TOOTY FRUITY**

~~VERÐ ÁÐUR: 179 KR/PK~~

**40% | 107 KR/PK**

## SVALANDI VÍTAMÍNDRYKKIR

**25% AFSLÁTTUR**




VÍTAMÍN + SAFI + VATN + TE




ÍSLENSKA KÍSILSTEINEFNIÐ SEM HEFUR SLEGIÐ Í GEGN

geoSilica ICELAND

**25% AFSLÁTTUR**




**Bio Kult Original 60 stk.**

*Öflug blanda af mjólkursýrugerlum*

**Bio Kult Candéa 60 stk.**

*Öflug vörn gegn Candida sveppasýkingu í meltingarvegi*

the berry company

**25% AFSLÁTTUR**




**Tilboðin gilda 15. – 25. september 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Heilsudögum líkur á sunnudag*

# HEILSU & **LÍFSSTÍLSDAGAR**

15. - 25. SEPTEMBER

ALLT AÐ **25%** AFSLÁTTUR AF HEILSU- & LÍFSSTÍLSVÖRUM

## LÍFRÆNIR ÁVEXTIR OG GRÆNMETI

25% AFSLÁTTUR



## ÄNGLAMARK SNYRTIVARA

15% AFSLÁTTUR

Líkt og aðrar Änglamark vörur eru snyrtivörurnar án ilm- og rotvarnarefna, sem gerir þau að eftirsóknarverðum kosti fyrir alla fjölskylduna.



20% AFSLÁTTUR




VERÐ ÁÐUR: 3498 KR
**2.798 KR**

magicup




30% AFSLÁTTUR

JÚLÍA MAGNÚSDÓTTIR VERÐUR MEÐ SMAKK OG KYNNINGU Á UPPSKRIFTABÓK SINNI LIFÐU TIL FULLS Í NETTÓ MJÓDD Í DAG 23. SEPT. FRÁ KL. 16:00-18:00

VERÐ ÁÐUR 6.998 KR
**4.899 KR**

## *Sykurlaust Bananasplitt*

- 3 bananar ( 2 af þeim afhýddir og frystir yfir nótt)
- 1 bolli jarðaber
- 4 matskeiðar isola möndlumjólk (sykurlaus möndlumjólk)
- 2-4 dropar Stevia frá via health með vanillubragði (val)
- ¼ bolli dökkt lífrænt súkkulaði frá balance

Ofan á: kasjúhnetur, mórber, kakónibbur, hampfræ eða ykkar uppáhalds ofurfæði.

Takið banana úr frysti og geymið á borði í 10 mín. Sameinið einn banana í matvinnsluvél eða blandara ásamt 2 msk möndlumjólk og vinnið þar til ísáferð fæst. Leggið til hliðar eða geymið í frysti á meðan þið gerið jarðaberjaís. Sameinið aftur í matvinnsluvél eða blandara hinn frosna bananan, jarðaber, möndlumjólk og steviudropa og vinnið þar til ísáferð fæst.

Skerið næst ferska bananann þversum og setjið á disk ásamt ísunum tveimur og hellið yfir með bræddu súkkulaði og því sem þið viljið.

QUEST NUTRITION

25% AFSLÁTTUR




~~ÁÐUR: 398~~ | NÚ: 299 KR




GLÓALDIN SAFI - 1 L
VERÐ ÁÐUR: 199 KR/STK
**189** KR/STK

## KYNNINGAR Í VERSLUNUM NETTÓ

**23. SEPT**
- kl:15-19 Nettó Glerártorgi - Himneskt hnetusmjör, maískex & ginger ale
- kl:16-18 Nettó Granda - Ragga Nagli
- kl:15-19 Nettó Hrísalundi - HH hnetusmjör og maískex
- kl:15-18 Nettó Mjódd - HH hnetusmjör, maískökur & Bai
- kl:16-18 Nettó Mjódd - Júlía Magnúsdóttir með smakk og kynningu á uppskriftarbók bók sinni Lifðu til fulls
- kl:16-19 Nettó Mjódd - Guðrún Bergmann
- kl.16:00-19:00 Nettó Krossmóa - Geosilica

**24. SEPT**
- Kl:13-17 Nettó Glerártorgi - Hafra Chiagrautur m.Isola möndlumjólk, kanil & turmerik
- kl:14-16 Nettó Granda - Ragga Nagli
- Kl:14-17 Nettó Granda - Voelkel og Derit snakk
- kl:16-19 Nettó Krossmóa Geosilica

**25. SEPT**
- Kl:14-17 Nettó Mjódd - Nakd nibbles Tooty Fruity, Derit snakk & Bai

# Dómarar skrái hagsmuni sína



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Samkvæmt svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins kom fram að ráðuneytið hafi hafnað tillögum nefndar um dómarastörf þess efnis að haldin yrði opinber skrá um eignarhluti dómara í félögum og atvinnufyrirtækjum.

Þessi niðurstaða ráðuneytisins er í mikilli mótsögn við þær kröfur um aukið gagnsæi sem uppi eru í samfélaginu. Þegar hafa Alþingi og sveitarfélög brugðist við þessari kröfu með hagsmunaskráningu fulltrúa almennings.

Reyndar hefur umræða um mál þar sem fulltrúar almennings hafa látið hjá líða að greina frá hagsmunum sínum leitt til pólitísks óróa og afsagna eins og frægt er orðið.

Sú umræða og afleiðingar hennar sýna svo ekki verður um villst að almenningur gerir þær kröfur til þeirra sem gegna æðstu trúnaðarstörfum samfélagsins að hagsmunir séu uppi á borðinu.

Framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið hafa gengist undir þessar kröfur og gert kröfu um að þingmenn og ráðherrar skrái hagsmuni sína. Ekki er að sjá að nein önnur rök gildi um dómsvaldið.

Rök innanríkisráðuneytisins eru veik og vísa til þess að sjónarmið um friðhelgi einkalífs og almannahagsmuni stangist á. Nú er enginn skyldaður til dómarastarfa og stétt dómara er ekki ein um það að þurfa að fórna einhverjum réttindum við það að takast á hendur ábyrgðarstörf í umboði almennings.

Í Fréttablaðinu í gær var rætt við Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómara, og Stefán Má Stefánsson, prófessor emeritus við lagadeild Háskóla Íslands.

Jón Steinar bendir réttilega á að dómarar fara með þýðingarmikið vald í málefnum fólksins í landinu og þurfi að sæta því að hugsanlegir hagsmunir séu uppi á borðinu. Stefán Már bendir á ábyrgð dómara í því hvernig réttaröryggi kemur fram út á við. Hann bætir við að traust og trúverðugleiki sé alfa og ómega réttarkerfisins.

**Rök innanríkisráðuneytisins um friðhelgi einkalífsins vega ekki þungt þegar grundvallaratriði um traust og trúverðugleika mikilvægustu stofnana landsins eru í húfi.**

Undir þessi rök er auðvelt að taka. Rök innanríkisráðuneytisins um friðhelgi einkalífsins vega ekki þungt þegar grundvallaratriði um traust og trúverðugleika mikilvægustu stofnana landsins eru í húfi. Maður skyldi ætla að grundvallarskyldur um að ekki megi draga í efa að ákvarðanir dómara byggi á lögum og óvilhallri túlkun þeirra vegi þyngra en að leynd megi hvíla yfir eignarhlutum dómara í fyrirtækjum.

Táknmynd réttlætisins er gyðjan með bundið fyrir augun, vog í annarri hendi og sverð í hinni. Blindan er tákn þess sem spyr hvorki um stétt né stöðu, heldur fellir dóma sína eingöngu á grundvelli hlutlægs mats á málavöxtum og lögum. Það ætti ekki að þurfa að útskýra fyrir dómurum eða innanríkisráðuneytinu að sjálfvalin blinda réttlætisgyðjunnar er ekki tákn um blindu gagnvart eigin hagsmunum.

Æskulýðs-
sjóður
Umsóknarfrestur **17. október**

Lýst er eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

**Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is. Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi fyrir kl. 17.00 mánudaginn 17. október 2016.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Andrés Pétursson,
andres.petursson@rannis.is,
sími 515 5833.

rannís
www.rannis.is

#NOTSKÓGUR grafísk hönnun

## Halldór




## Frá degi til dags

**Lengi tekur Viðreisn við**
Þrjár þungavigtarkonur sögðu sig úr Sjálfstæðisflokknum í gær. Segja þær fullreynt að hreyfa við íhaldssömum skoðunum um jafnréttismál í Sjálfstæðisflokknum. Ekki leið á löngu þar til karlmennirnir innan úr Sjálfstæðisflokknum voru búnir að útskýra fyrir þessum þremur konum að staðan innan flokksins væri bara ágæt. Fyrrverandi formaður SUS ákvað að hrútskýra þessa stöðu með því að telja fyrir stelpurnar. Eitt er víst að ógæfu Sjálfstæðisflokks virðist verða margt að vopni fyrir þessa kosningar. Klofningsframboðið bíður á meðan með opinn faðminn fyrir alla þá sem skunda úr Valhöll.

**Fanney frísk eftir 33 ár**
Fanney Björk Ásbjörnsdóttir sem barist hefur við lifrarbólgu C sem íslenska ríkið gaf henni í vöggugjöf eftir barnsburð er læknuð af sjúkdómnum. Barðist hún fyrir því að fá meðferð frá ríkinu í í langan tíma því hún sýktist við blóðgjöf fyrir 33 árum. Það er gleðiefni að eftir allan þennan tíma skuli Fanney Björk vera laus við þennan illvíga sjúkdóm en að sama skapi skammarlegt fyrir okkur hin sem samfélag að leyfa slíku að viðgangast lengi. Vonum við að sams konar saga verði aldrei sögð í íslensku samfélagi sem er svo ríkt af alls kyns gæðum.

sveinn@frettabladid.is

# Endurskoðun er mikilvæg fyrir bændur



Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands

Fyrir rúmri viku samþykkti Alþingi lög er varða framkvæmd búvörusamninga. Málið fékk mikla umfjöllun í þinginu á þeim fimm mánuðum sem það var þar til umfjöllunar og tók nokkrum breytingum. Sú viðamesta var án efa ákvæði um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli fyrir 18. október næstkomandi skipa formlegan samráðshóp um endurskoðun búvörusamninganna þar sem aðkoma afurðastöðva, atvinnulífs, bænda, launþega og neytenda skuli tryggð. Með þessu víðtæka samráði er markmiðið að skapa sátt um framtíðarsýn fyrir íslenskan landbúnað.

Lögin gera ráð fyrir að bændur muni greiða atkvæði um endanlegan samning að lokinni endurskoðun og svo þarf Alþingi að fjalla um og samþykkja þær lagabreytingar sem endurskoðaðir eða nýir samningar kalla á. Byggir það á þeirri almennu reglu að til þess að samningur taki gildi þá þurfi hann hljóta samþykki allra samningsaðila. Þetta hefur fengið marga sem tekið hafa þátt í umræðunni um búvörusamningana til að gera því skóna að bændur geti með einhverjum hætti komið í veg fyrir endurskoðun og þannig sé ekki um virka endurskoðun að ræða. Hefur jafnvel verið ýjað að því að það sé hagur bænda að koma í veg fyrir þessa endurskoðun. Ekkert er fjær sanni.

**Það er mjög mikilvægt fyrir bændur að endurskoðun samninganna fari fram.**

Í nýsamþykktum lögum er kveðið á um að allir fjórir samningarnir skuli endurskoðaðir árið 2019. Endurskoðunarákvæði laganna byggir á endurskoðunarákvæðum sem eru til staðar í öllum samningunum fjórum og kveður á um að endurskoðun þeirra skuli fara fram árin 2019 og 2023. Þessa samninga hafa bændur samþykkt í atkvæðagreiðslu. Vilji bænda til endurskoðunar hefur því alltaf legið fyrir.

Það er mjög mikilvægt fyrir bændur að endurskoðun samninganna fari fram. Bæði eru ákvæði í samningunum sem eðlilegt er að endurmeta og síðan eru það hreinir og klárir hagsmunir allra málsaðila, ekki síst bænda, að sátt náist um íslenskan landbúnað. Þess vegna fögnuðu Bændasamtök Íslands því víðtæka samráði sem meirihluti atvinnuveganefndar lagði til og ráðist verður í á næstu þremur árum. Bændur munu ganga til þeirrar vinnu með opnum hug og ríkan vilja til sáttar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Illa nýttur fjársjóður

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Almennt gildir sú regla í dýraríkinu að eftir því sem dýrin eru stærri þeim mun lengri er meðgangan. Meðganga fíla er um 22 mánuðir og geta mennskar mæður prísað sig sælar með sína níu í samanburði. En þar með er vitaskuld ekki öll sagan sögð, því ólíkt flestum dýrum þá fer því víðs fjarri að mennskt barn sé á nokkurn hátt tilbúið þegar því er skilað út í heiminn. Á meðan kálfar og lömb standa óstudd upp á fyrstu mínútum jarðvistarinnar þá mega afkvæmi okkar mannanna kallast meira eða minna ósjálfbjarga fyrstu tuttugu árin eftir fæðingu.

## Brösug byrjun

Og ekki nóg með það. Allra fyrstu árin reyna börnin til þrautar á þolrif líkamlegrar og andlegrar heilsu foreldranna með óútreiknanlegri svefnhegðun, sífelldum veikindum og stórhættulegri forvitni. Við taka örfá ár skemmtilegra krúttlegheita áður en afkvæmin gerast aftur sjálfum sér og umhverfi sínu stórhættuleg.

En þrátt fyrir brösuga byrjun mannsævinnar dregur enginn í efa mikilvægi þess að viðhalda hringrás lífsins—og náttúran hefur séð til þess að fæstir telja eftir sér þá fyrirhöfn sem fylgir því að koma nýjum einstaklingum til þroska.

## Úr hvítvoðungi í manneskju

Eftir því sem samfélagið verður flóknara þá lengist tíminn sem þarf til þess að undirbúa einstakling til þess að verða fullgildur þátttakandi í mannlífinu. Ekki eru margar kynslóðir síðan hugtakið „unglingur“ fór að hafa merkingu. Áður fyrr var stór hluti starfa nefnilega þess eðlis að líkamlegur þroski var nægjanleg forsenda til þess að geta sinnt þeim. Eftir því sem viðfangsefnin reyna meira á sköpunargáfu, þekkingu, reynslu—og svo ekki sé talað um visku—þá tekur einfaldlega lengri tíma að hnoða úr hvítvoðungi fullsteypta mannveru.

Nú þegar enginn efast lengur um að „unglingar“ eru ekki fullorðnir einstaklingar er smám saman að verða viðurkenndara að æskuárin teygjast jafnvel ennþá lengra inn á fullorðinsárin. Fólk bíður sífellt lengur með að flytja að heiman, giftast, stofna fjölskyldu og koma sæmilegri reiðu á líf sitt.

Fólk flakkar örar á milli áhugamála og starfa, heldur áfram að sækja skóla og mennta sig langt fram eftir aldri og lifir þar að auki mun lengur við góða heilsu en fyrri kynslóðir, enda reyna flest störf nútímans meira á vitsmunalega og andlega getu heldur en líkamlegt þrek. Fjölmörg störf eru nefnilega þess eðlis að það er engin heilbrigð skynsemi fólgin í því að þrýsta fólki út úr þeim við þann handahófskennda viðburð að afmælisdagur númer 68 eða 70 rennur upp.

## Elstur og bestur

Í næstu viku verða þau tímamót í Bandaríkjunum að íþróttaþulurinn Vin Scully lýsir sínum síðasta leik. Hann er rödd hafnaboltaliðsins Los Angeles Dodgers og fyrir löngu orðinn að lifandi goðsögn. Hann lýsti sínum fyrsta leik árið 1950 og er þetta því 67. tímabilið hans.

Í bandarískum íþróttum—sérstaklega hafnabolta—eru góðir íþróttaþulir hafðir í sérstöku öndvegi. En Vin Scully trónir yfir öllum öðrum. Hann talar ljóðrænt og fallega, röddin er blíð og blæbrigðamikil, hugmyndaauðgin

> **Fullfrískt fólk á áttræðis- og níræðisaldri mun að öllum líkindum hæglega geta haldið áfram að sinna fjölmörgum af þeim störfum sem framtíðin býður upp á.**

óþrjótandi, þekkingin botnlaus og af hverri setningu hans ljómar manngæska og viska. Það er því engin nostalgísk meðaumkun sem gerir það að verkum að engum hefur dottið í hug að skipta Scully út fyrir einhvern yngri. Þótt hann sé kominn vel á 89. aldursár þá er hann almennt álitinn sá besti í sínu fagi.

Scully beitir agaðri vinnubrögðum en flestir kollegar hans, enda er sagt að hann mæti þremur til fjórum klukkutímum fyrir hvern einasta leik, og verji einum klukkutíma í að æfa sig í míkrafóninn—fara yfir tölfræðilegar staðreyndir og sögumola sem hann hefur í handraðanum til þess að segja þegar framrás leiksins býður upp á. Hann kynnir sér sögu leikmannanna, finnur sögulegar hliðstæður og kryddar lýsingar sínar með viðeigandi fróðleiksmolum um mannkynssögu, vísindi, bókmenntir, stjórnmál, trúarbrögð, eða hvaðeina sem honum finnst passa hverju sinni.

Þrátt fyrir háan aldur og langa reynslu hefur Scully aldrei fest sig í fortíðinni og gerir sér engar grillur um að sólin hafi skinið bjartar á gærdaginn heldur en daginn í dag. Hann er móttækilegur fyrir nýjungum þótt hann sé ekki ginnkeyptur fyrir dægurflugum. Hann leyfir sér stundum að velta fyrir sér hvernig standi á skeggvexti og húðflúrum leikmannanna nú til dags—en aldrei í tóni sem gefur til kynna hneykslan eða fordæmingu. Hann segir sögur frá fyrri tíð, en leyfir sér líka að verða barnslega spenntur yfir því sem er að gerast á líðandi stundu. Honum hefur með hugarfari sínu tekist að verða aldrei ýkja gamall þótt vissulega sé orðið ansi langt síðan hann fæddist.

Hið frábæra starf Vin Scully byggist því algjörlega á góðri vitsmunalegri og andlegri heilsu—en felur í sér mjög takmarkaða líkamlega áreynslu.

## Ung og fersk á gamals aldri

Nú á dögum—þegar fólk þarf lengri tíma til þess að fullorðnast og heilsa flestra dugir lengur frameftir aldri—verður stöðugt mikilvægara að finna leiðir til þess að sníða samfélagsgerðina eftir þessum breytingum. Fullfrískt fólk á áttræðis- og níræðisaldri mun að öllum líkindum hæglega geta haldið áfram að sinna fjölmörgum af þeim störfum sem framtíðin býður upp á. Þekking, reynsla og viska mun vega sífellt þyngra á meðan líkamlegt atgervi skiptir stöðugt minna máli.

En til þess að fólk geti haldið áfram að sinna nytsamlegum störfum fram eftir aldri þarf að eiga sér stað sú hugarfarsbreyting, að starfsævin sé ekki bara tröppugangur upp á við, heldur sé full sæmd í því að draga hægt og rólega úr ábyrgð og álagi undir lok starfsævinnar en halda áfram að leggja sitt af mörkum og styðja yngri kynslóðirnar í viðfangsefnum samtímans.

Þannig getum við vonandi leyft hinum vannýtta fjársjóði, sem er starfsorka eldri kynslóða, að njóta sín til fulls.



# Okkar sameiginlegi sjóður



Fjölnir Sæmundsson
lögreglufulltrúi

**Í mínum huga snýst umræðan um skattaundanskot, aflandsfélög eða skattaskjól ekki bara um lög heldur einnig og ekki síður um siðferði. Þetta er spurning um siðferði hvers og eins. Hvort hann er tilbúinn til að taka þátt í að byggja upp samfélagið og sjá til þess að þeir sem eru hjálpar þurfi geti lifað með reisn?**

Í fréttum undanfarið hefur mátt lesa um vonir margra um betra og réttlátara samfélag. Algeng ósk er að heilbrigðiskerfið verði endurreist og að kostnaður sjúklinga lækki. Margir leggja áherslu á að bætur til eldri borgara og öryrkja verði að hækka til þess að þessir hópar geti lifað mannsæmandi lífi. Margar stofnanir samfélagsins segjast á sama tíma búa við svo alvarlegan fjárskort að þær geti vart rekið sig.

Við þessar aðstæður hlýtur maður að spyrja sig hvort það samfélag sem við höfum verið að byggja upp undanfarna áratugi gangi einfaldlega upp. Í þessu ástandi þar sem stór hluti almennings kallar eftir aukinni aðstoð ríkis og sveitarfélaga vekur það furðu mína að á sama tíma séu hópar fólks sem vilji lækka tekjur ríkisins. Talað er um að nauðsynlegt sé að lækka skatta og gjöld hjá atvinnulífinu jafnvel þótt ógnargróði bæði fjármála- og sjávarútvegsfyrirtækja blasi við. Sumir sem gera sig gildandi í umræðunni virðast ekki vilja sjá tengsl á milli skattheimtu og möguleika okkar á því að byggja upp réttlátt samfélag. Margir virðast líta á skatta sem refsingu og vilja ekki átta sig á því að fyrir þá upphæð sem þeir greiða í skatt séu þeir að greiða fyrir þá þjónustu.

Þingmenn, varaþingmenn og væntanlega frambjóðendur vara við skattpíningu ef aðrir flokkar en þeir sem nú stjórna komast til valda. Sagt er að skattgreiðendur verði að halda fast um budduna og að ríkið ætli að seilast í vasa þeirra. Þegar fólk sem svona skrifar er spurt hvernig eigi að bæta hag ríkisins eða bæta heilbrigðiskerfið er talað um hagræðingu eða hið útþynnta hugtak að skoða hlutina heildstætt. Því miður er það svo að eina hagræðingin sem ég, sem einn úr hópi skattgreiðenda, man eftir var lækkun auðlindagjalds í sjávarútvegi sem ég sé ekki að hafi skilað sér í bættum hag ríkissjóðs.

Það sem truflar mig í umræðunni um vandamál okkar samfélags er skortur á vilja margra að greiða skatta. Viðhorfið til skattheimtu virðist almennt vera að verið sé, með ósanngjörnum hætti, að lækka ráðstöfunartekjur fólks. Mín skoðun er að fólk ætti heldur að sjá það sem fjárfest er fyrir skattfé okkar. Það er borin von að heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði ókeypis ef fólk er ekki tilbúið að greiða skatta.

**Snýst um siðferði**

Að þessu sögðu blasir við sú sorglega staðreynd að stór hópur fólks reynir með ýmsum ráðum að komast undan skattgreiðslum. Lögmenn og aðrir ráðgjafar hafa látið hafa eftir sér að það sé ekki ólöglegt að komast undan því að greiða skatt með því að nýta sér glufur í skattkerfinu. Það er jafnvel svo að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafa legið undir grun um að komast hjá skattgreiðslum. Í mínum huga snýst umræðan um skattaundanskot, aflandsfélög eða skattaskjól ekki bara um lög heldur einnig og ekki síður um siðferði. Þetta er spurning um siðferði hvers og eins. Hvort hann er tilbúinn til að taka þátt í að byggja upp samfélagið og sjá til þess að þeir sem eru hjálpar þurfi geti lifað með reisn?

Ég tel afar mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að afstaða til skattheimtu snýst um lífssýn. Mín lífssýn er sú að mér þykir sanngjarnt að ég greiði hærri skatt en sá sem hefur lægri tekjur en ég. Í stéttarfélagi mínu greiði ég hærri krónutölu í félagsgjöld en þeir sem eru á lægri launum. Mér þykir það sjálfsagt og á undan mér svo aðrir sem greiddu meira. Með því að skila mínu til samfélagsins lít ég þannig á að ég sé að skapa frelsi fyrir marga hópa þess. Góðar tekjur ríkisins skapa aukin gæði í samfélaginu sem í framhaldinu skapa ólíkum hópum frelsi til að standa betur fjárhagslega. Þeir sem segjast vilja auka hagsæld þeirra sem standa höllum fæti geta ekki á sama tíma talað um að lækka tekjur ríkisins eða reynt að koma sjálfum sér undan skattgreiðslum.

# Jafnrétti með táknmálsrannsóknum



Rannveig Sverrisdóttir
lektor í táknmálsfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

**Táknmál gera því meira en að stuðla að jafnrétti, þau virkja líka heilann og stuðla að samvinnu og skilningi þvert á landamæri.**

Nú stendur yfir alþjóðleg baráttuvika döff (þeirra sem eiga táknmál að móðurmáli) og er yfirskrift vikunnar „táknmál gerir mig að jafningja“. Svipuð yfirskrift eða öllu heldur markmið hafði evrópskt samstarfsverkefni (styrkt af COST) sem miðaði að því að skrifa málfýsingar fyrir táknmál í Evrópu. Verkefnið leiddi saman rannsakendur frá 15 löndum sem fengust við enn fleiri táknmál og unnu þeir saman á fjögurra ára tímabili að því að skrifa leiðarvísa sem nota mætti til að vinna málfýsingar fyrir ólík táknmál. En markmiðin voru víðtækari, með því að varpa ljósi á málfræði evrópskra táknmála og gera málfýsingar raunhæfar er um leið verið að opna leiðir að fullri þátttöku heyrnarlausra (döff) í samfélaginu. Með málfýsingum verður málfræði táknmála aðgengileg táknmálssamfélögum, málfræðingum, kennurum og þjóðfélaginu almennt sem styrkt getur stöðu táknmáls í hverju landi. Jafnframt stuðla málfýsingar að varðveislu á tungumálum döff og málarfleifð og gefa börnum á máltökualdri möguleika á tileinkun málsins. Eins og yfirskrift vikunnar segir þá eru það einmitt táknmálin, þekking á þeim og kunnátta í þeim, sem gera döff jafna heyrandi.

Málfýsingar eru fróðlegar fyrir málvísindamenn sem hafa áhuga á samanburði tungumála, bæði raddmála og táknmála, en þær hafa víðtækara gildi. Þær eru nauðsynlegar til að hægt sé að móta málstefnu táknmála en þekking á tungumáli er grundvöllur málstefnu. Með málfýsingum má einnig byggja kennslu og semja og þróa námsefni, bæði fyrir móðurmálskennslu þeirra sem hafa táknmál að móðurmáli en einnig kennslu og námsefni fyrir þá sem læra táknmál sem annað mál, hvort sem um er að ræða fjölskyldur heyrnarlausra, táknmálstúlkanema eða bara áhugamenn um tungumál. Málfýsingar eru einnig mikilvæg heimild um mál og menningu hópanna sem málið tala en lítið er til af heimildum um mál og menningu flestra táknmálssamfélaga, merkilegur menningararfur sem alls ekki má týnast. Fyrrnefndir leiðarvísar eru því gott dæmi um það hvernig rannsóknir á sviði hugvísinda hafa hagnýtt gildi á fjölbreyttan hátt.

**Stuðla að samvinnu og skilningi**

Opinber skrá yfir táknmál heimsins telur þau 138 en þau eru líklega töluvert fleiri þar sem aðeins lítill hluti þeirra hefur verið rannsakaður og mörg eru líklega enn óþekkt utan samfélaganna sem þau tala. Þessi 138 táknmál fyrirfinnast vítt og breitt um allan heiminn, frá Íslandi til Ástralíu og frá Malasíu til Venesúela svo eitthvað sé nefnt. Það er í raun undarleg staðreynd hversu lík að uppbyggingu þau táknmál sem rannsökuð hafa verið eru, dreifing þeirra og ólík menningarsamfélög fá mann til að gera ráð fyrir því gagnstæða. En einmitt þessi staðreynd, að bygging þeirra er lík, auðveldar samvinnu fólks úr ólíkum málsamfélögum. Að lokum má minnast á þann gróða sem það að læra táknmálið getur fært hverjum og einum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það að læra táknmál er stórkostleg þjálfun fyrir heilann og getur auðveldað ýmsa skynjun auk þess að hafa jákvæð áhrif á minni fólks. Táknmál gera því meira en að stuðla að jafnrétti, þau virkja líka heilann og stuðla að samvinnu og skilningi þvert á landamæri.

# EF kláfferjuferðir upp á Esjuna



Sigþór Magnússon
formaður Íbúasamtaka Kjalarness

Þau láta ekki alltaf mikið yfir sér ef-in sem við setjum fram í umræðunni. Þegar upp er staðið eru það þó þau sem gera oft gæfumuninn. Magnús Skarphéðinsson skrifaði litla grein í Fréttablaðið, „Auðvitað kláfferjuferðir upp á Esjuna“. Þar rómar hann hugmyndir um kláfferju, að því er virðist án þess að hafa kynnt sér málið vel. Sem betur fer lætur hann efasemdir sínar í ljós: „ef vel væri að verkefninu staðið, og verðinu yrði stillt í hóf“.

En það er ekki vel að verkinu staðið og náttúran er ekki að njóta vafans frekar en hvalirnir forðum og þá dugðu okkur ekki rökin að stilla veiðum í hóf. Borgin er heldur ekki að fara að standa að þessari framkvæmd, hún er að gera einkaaðilum kleift að eigna sér hluta af Esjunni til að ryðja í hana 40 til 50 m breiða braut með 37-45 m háum möstrum. (Á heimasíðu sinni segir Landsnet m.a. um Fljótsdalslínu: „Snjóflóðamöstrin eru engin smásmíð en meðalhæð þeirra er í kringum 30 metrar“ og þykir þeim nóg um.) Til glöggvunar má einnig nefna að Garðskagaviti er 28,6 m hár. Það á ekki bara að gera þessa braut heldur leggja sjö metra breiðan veg upp í mitt fjall og reisa 1.000 til 1.500 m² byggingu í upphafsstöð sem væri allt að 15 m há, 800 til 1.000 m² byggingu á Rauðhól sem er 470 m yfir sjávarmáli sem einnig gæti verið 15 m há og síðan 300 til 500 m² byggingu uppi á topp Esjunnar.

Glöggur maður eins og Magnús hlýtur að átta sig á að kláfferja sem á að taka allt að 80 manns og er á stærð við stærstu strætisvagna veldur umhverfisáhrifum margfalt á við það „þegar nýjar biðstöðvar eru settar upp“ hjá Strætó. Magnús bendir á að við höfum vítin til að varast einkaframkvæmdir á náttúruperlum. Hann bendir á Bláa lónið en einnig má benda á Þríhnúkagíg þar sem aðgangseyrir er 42 þúsund krónur á mann. Dýr væri sú fjölskylduferð.

Þetta mál snýst ekki um útsýni eða aðgengi að útsýni. Það eru ótal leiðir til að sjá yfir Reykjavíkursvæðið hvort sem er ofan af Úlfarsfelli, úr Hallgrímskirkjuturni, af svölum Perlunnar eða af Bláfjöllum eins og Ómar Ragnarsson hefur bent á. Þetta mál snýst um stjórnsýslu borgarinnar og náttúruvernd. Er eitthvað að marka loforð og áætlanir um Grænan trefil ef græðgi og skammsýni fær forgang þrátt fyrir viðvarnir frá öllum umsagnaraðilum í borgarkerfinu og stofnunum ríkisins?

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!




Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Þegar hætta á reykingum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring. Þegar dregið er úr reykingum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútum fyrir notkun lyfjatyggigúmmísins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420): Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmígrunnurinn inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Sofandi að feigðarósi – Landsnet sekkur



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur

Alvarleg staða Landsnets var fyrirsjáanleg. Og hún á að öllum líkindum eftir að versna. Fjallað var um þetta í blaðagreinum árið 2012 en Landsnet hafði þá þegar ratað inn á ógæfubrautir. Á fundi með iðnaðarráðherra, Ragnheiði Elínu Árnadóttur, og skrifstofustjóra iðnaðar, Ingva Má Pálssyni, var sömuleiðis snert á málinu árið 2013. Staðan í dag – ósætti, tafir og óvissa – er rökrétt afleiðing af vinnubrögðum Landsnets, Bakki er bara enn eitt málið í langri röð slíkra mála.

Verulegar líkur eru á að Landsnet eigi eftir að skaða íslenskan orkuiðnað enn frekar, óháð hinu fyrirsjáanlega óafturkræfa umhverfistjóni að ógleymdum óumdeildum neikvæðum áhrifum á stærstu atvinnugrein landsins; ferðamannaiðnað.

Fólk flest er ekki upplýst um þá staðreynd að Landsnet gerir enn ráð fyrir sínum hefðbundnu lausnum (stálgrindum) í öllum fyrirliggjandi áætlunum um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins; 100 milljarða uppbygging flutningskerfa framtíðarinnar verður keyrð áfram á fortíðinni. Jafnvel þótt stærstur hluti samfélagsins sé ósáttur við lausnir Landsnets er engu breytt í þessum efnum. Sem er áhugavert staðreynd. Ólíklegt verður að teljast að áætlanir Landsnets eins og þær liggja fyrir verði nokkurn tíma samþykktar í samfélaginu. Það kemur ekki í veg fyrir að þær verði barðar í gegn með pólitísku valdi ef að líkum lætur.

**Áfram vaðið yfir fólk**

Það ætti ekki að vefjast fyrir Landsvirkjun, móðurfélagi Landsnets, að sjá hvert stefnir nú þegar fyrirtækið hefur komið sér upp vörumerkjasérfræðingi á raforkusviði. Ímynd vörunnar sem fyrirtækið byggir starfsemi sína á er jú afar mikilvæg. Raforkuflutningskerfi eru þekktasta birtingarmynd fyrirbærisins raforka og hún er neikvæð. Hún er ekki bara svolítið neikvæð, hún er svo illa liðin í samfélaginu að það er vart hægt að finna nokkuð svo mikilvægt sem á sama tíma mætir svo mikilli mótspyrnu. En menn láta sér ekki segjast, áfram er vaðið yfir fólk, fjöll og firnindi með slóð efnislegrar og óefnislegrar eyðileggingar í eftirdragi. Fleiri lögfræðingar og fleiri dómsmál er uppskeran. Skyldi þetta skapa jákvæða ímynd af raforku?

Jákvæð ímynd vindorku á heimsvísu er ekki tilviljun heldur afrakstur frumkvöðlastarfs sem hófst í Danmörku. Danir enduruppgötvuðu vindorku og þróuðu betri tækni með nútímaverkfræði. Ætli það hefði skilað sama árangri að bjóða fram stálgráar vindmyllur reistar á hægryðgandi stálgrindaflækjum samkvæmt aðferðafræði frá miðri síðustu öld? Halda svo úti áróðri samtímis um að hér fari besta aðferðin og aðrar lausnir borgi sig ekki? Það var ekki sjálfgefið að hvít vindtúrbína á hvítum stofni yrði ein sterkasta táknmynd umhverfisvænnar orku í heiminum. Í stuttu máli byggir árangurinn á nýsköpun, tækniþróun og þekkingu Dana á mörgum sviðum. Slík uppskera krefst framtíðarsýnar.

Framtíðarsýn yfirvalda á þessu sviði er mér ráðgáta, en virðist vera þessi: Hendum 100 milljörðum í hugsjónir og arfleifð sem ekki standast kröfur samtímans – hvorki tæknilega né umhverfislega – en setjum um leið einn lítinn sætan milljarð í nýsköpunarfyrirtækin svo þau geti leikið sér fram yfir kosningar. Byggjum á meðan skjaldborg um örfáa sérhagsmunaliða við eftirlaunaaldur, til að tryggja að úreltri 100 milljarða hugmyndafræði þeirra um raforkuflutningskerfi verði örugglega áfram þröngvað upp á samfélagið. Bein ríkisafskipti – s.s. með heimilun á upptöku lands eða skipan vanhæfra sérfræðinga í nefndir – ættu að koma með það sem upp á vantar, svo það sé alveg öruggt að rannsóknir og tækniþróun á samkeppnisforsendum geti ekki stuðlað að framförum á þessu sviði. Einmitt þannig fáum við stöðuna sem upp er komin í starfsumhverfi Landsnets og er fullkomlega rökrétt.

**Einokun og sérhagsmunagæsla**

Barack Obama sagði fyrr á árinu: Að gera ekkert er ákvörðun. Einmitt það hefur verið gert; ekkert. Staðan í dag er afleiðing af þeirri stóru ákvörðun. Landsnet er ítrekað staðið að vafasömum vinnubrögðum án þess að við því sé brugðist. Viðvarandi einokun og sérhagsmunagæsla hefur skilað okkur ónothæfum lausnum. Það fyrst og fremst að valda tjóni í orkuiðnaði. Í stað þess að frjóvga jarðveginn fyrir nýja framtíðarsýn og lausnamiðaða tækniþróun á þessu umdeilda sviði stillir ráðherra sér upp í fremstu varnarlínu sérhagsmunaafla sem ætla að byggja 100 milljarða flutningskerfi á fortíðinni; án þess að uppfylla lögboðnar kröfur.

Að orðstír Íslands sé lagður undir á þessum hæpnu forsendum eru mistök. Það þarf að endurskipuleggja starfsumhverfið um flutningskerfi raforku. Eða er ætlunin að sigla áfram sofandi inn í fortíðina?

Með öðrum orðum; myndum við í dag byggja nýtt háskólasjúkrahús samkvæmt hugmyndafræði frá miðri síðustu öld?

> **Að orðstír Íslands sé lagður undir á þessum hæpnu forsendum eru mistök. Það þarf að endurskipuleggja starfsumhverfið um flutningskerfi raforku. Eða er ætlunin að sigla áfram sofandi inn í fortíðina?**










40 eignir til sölu að Hólum í Hjaltadal

TÆKIFÆRI TIL FERÐAÞJÓNUSTU Á SÖGUFRÆGUM STAÐ

Til sölu 40 íbúðir í háskólaþorpinu að Hólum í Hjaltadal. Íbúðirnar eru í eigu Nemendagarða Hólaskóla. Gert er ráð fyrir að selja a.m.k. 38 þeirra til sama aðila. Auk þess er um að ræða tvö stök hús sem henta mjög vel sem orlofshús, t.d. fyrir stéttar– eða starfsmannafélög. Hjaltadalur er með fegurstu dölum landsins og Hólar þekktur sögustaður. Eignirnar henta vel í ferðaþjónustu og eru miðsvæðis á Norðurlandi. Fjölmargir útivistarkostir eru í næsta nágrenni og miklir möguleikar á að auka þjónustu á svæðinu, sem og samstarf við Háskólann á Hólum.

Nánari upplýsingar um eignirnar veita neðangreindar fasteignasölur.

Fasteignasala Sauðárkróks | Fasteignasalan Byggð | Eignamiðlun | Fasteignasalan Miklaborg

Eignamiðlun: Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík · Sími 588 9090 · eignamidlun@eignamidlun.is

Ágúst Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
453 5900
agust@krokurinn.is

Björn Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
464 9955
bjorn@byggd.is

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is

Jón Rafn Valdimarsson
Löggiltur fasteignasali
695 5520
jonrafn@miklaborg.is



Söguleg stund. Sunna Rannveig er mætt til Kansas City og ætlar sér stóra hluti í búrinu í nótt. Hún er hér í sólinni ytra. MYND/MJOLNIR.IS/KJARTAN PÁLL

# Hungruð í að komast inn í búrið

Sunna Rannveig Davíðsdóttir mun brjóta blað í sögunni í nótt er hún berst í Kansas City. Hún verður þá fyrsta íslenska atvinnubardagakonan í MMA. Hún getur ekki beðið eftir bardaganum.

**MMA** „Mér líður mjög vel og er tilbúin,“ segir Mjölniskonan Sunna Rannveig Davíðsdóttir en hún var í slökun á hótelherbergi sínu er Fréttablaðið heyrði í henni. Hún hafði náð vigt fyrr um daginn en hún var 52,2 kíló á vigtinni.

Hún mun mæta hinni bandarísku Ashley „Doll Face“ Greenway í búrinu rétt eftir miðnætti í kvöld. Þetta er bardagi á vegum Invicta-bardagasambandsins en þar berjast aðeins konur. Stelpurnar sem berjast í UFC voru flestar í Invicta áður en þær fóru yfir til UFC.

### Heilbrigður niðurskurður

Greenway á einn atvinnubardaga að baki sem hún vann eftir dómaraákvörðun. Hún barðist tólf sinnum sem áhugamaður og vann átta af þeim bardögum. Þær eru báðar 31 árs gamlar en Greenway hefur aðeins meiri reynslu.

„Þetta var rosalega góður niðurskurður hjá mér. Mjög heilbrigður og mér leið vel allan tímann,“ segir Sunna en hún byrjaði að létta sig fyrir um sex vikum. Þá var hún tæpum ellefu kílóum þyngri en hún er í dag.

„Ég var orðin þyngri en ég venjulega er. Ég er vön því að vera 57-59 kíló en ég bætti á mig miklu af vöðvum og fór því upp í 63 kíló. Ég fór að breyta æfingunum mínum síðustu vikur þannig að ég væri ekki að pumpa vöðvana. Fór meira að hjóla og svona. Fór á gott og heilbrigt mataræði. Ég þurfti bara að losa mig við 1,7 kíló fyrir vigtunina. Það rann af mér í baðinu og var lítið mál. Mér líður vel og er með skýran huga.“

Sunna Rannveig er búin að æfa gríðarlega vel fyrir bardagann og eftir allt puðið er loksins komið að stóru stundinni, að hún heyi sinn fyrsta bardaga sem atvinnumaður.

### Andlega hliðin í góðu lagi

„Það er rosalega góð tilfinning. Fókusinn er mjög góður hjá mér, líkaminn er góður og andlega hliðin er í fínu lagi. Nú er ég bara að hlaða batteríin og borða svolítið af kolvetnum. Ég er eins tilbúin og ég get orðið. Morgundagurinn má bara koma núna. Ég er hungruð að komast inn í búrið,“ segir Sunna og hlær við. Leynir sér ekki að hún er í góðu andlegu jafnvægi og líður vel.

Sunna varð Evrópumeistari í MMA áhugamanna fyrir tæpu ári og í kjölfarið ákvað hún að gerast atvinnumaður. Hún hefur lagt mikið á sig og er gríðarlega ánægð með æfingabúðirnar.

### Lærði að meta hvíldina

„Þetta eru bestu æfingabúðir sem ég hef farið í. Ég var með mínu liði heima á Íslandi og það var rosalega vel haldið utan um okkur. Við gerðum ýmsar breytingar á æfingafyrirkomulaginu, tókum inn reglulega hvíldardaga. Ég þarf á því að halda að mér sé sagt að hvíla og ég finn að það gefur mér mjög mikið. Ég hef komist að því núna að hvíldin er jafn mikilvæg og æfingarnar,“ segir Sunna og bætir við að öll aðstaða hjá Invicta í Kansas City sé til fyrirmyndar.

Hún hefur nýtt tímann í Bandaríkjunum til þess að vinna í andlegu hliðinni sem skiptir ekki síður miklu máli.

„Það er steikjandi hiti hérna og ég hef reynt að hafa eins hægt um mig og mögulegt er. Er ein á hótelherbergi við hliðina á hóteli strákanna sem eru með mér. Ég er þar ein í eigin hugarheimi. Þar er ég að hugleiða, iðka jóga, lesa og hlusta á tónlist. Strákarnir hafa skoðað borgina fyrir mig og við vitum því hvert við viljum fara eftir bardagann,“ segir Sunna yfirveguð.

### Ég mun vinna

Sunnu líst vel á andstæðinginn sem bíður hennar og er spennt fyrir því að mæta í búrið með Greenway.

„Mér líst rosalega vel á hana. Þetta er áhugaverður andstæðingur með svipaðan bakgrunn og ég. Hún er reyndar með aðeins meiri reynslu en ég tek ekkert mark á því. Ég er miklu meira tilbúin en hún. Ég er ánægð með að fá þennan andstæðing og það verður gaman að takast á við hana og það er enginn vafi í mínum huga að ég mun standa uppi sem sigurvegari,“ segir Sunna Rannveig ákveðin en Greenway skrifaði á Twitter að hún væri með mikla innibyrgða reiði og gæti ekki beðið eftir því að kýla Sunnu.

„Ég vissi ekki af þessu og er lítið að spá í samfélagsmiðlunum. Ég er að hugsa um mig og kippi mér ekkert upp við þetta.“

### Mun finna leið til að klára hana

Eins og áður segir efast Sunna ekki um að hún muni vinna en hvernig telur hún að bardaginn muni þróast?

„Ég er tilbúin að takast á við allt sem verður á vegi mínum. Ég sé hana alveg fyrir mér koma með látum í mig. Þar mun ég finna leið til þess að refsa henni og síðan mun ég finna leið til þess að klára hana. Hvort sem það verður með höggum eða í gólfinu. Þetta verður frábær dagur og ég get ekki beðið eftir því að fara að sofa svo ég geti vaknað á morgun.“ **henry@frettabladid.is**



Sunna Rannveig er búin að æfa gríðarlega vel síðustu vikur. MYND/MJOLNIR.IS/KJARTAN PÁLL

## Nýjast

**Olísdeild karla**

**Valur - Haukar 25-21**

**Mörk Vals**: Anton Rúnarsson 6/1 (11/2), Vignir Stefánsson 5 (7), Josip Juric 5 (13), Ýmir Örn Gíslason 4 (5), Orri Freyr Gíslason 2 (3), Sveinn Aron Sveinsson 2/1 (8/2)
**Mörk Hauka**: Adam Haukur Baumruk 6 (11), Guðmundur Árni Ólafsson 4/1 (4/1), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (7).

**Fram - Selfoss 31-27**

**Mörk Fram:** Arnar Hálfdánsson 6, Þorsteinn Hjálmarsson 6, Andri Helgason 4, Sigurður Þorsteinsson 4, Elías Bóasson 4, Þorgeir Davíðsson 2, Valdimar Sigurðsson 2.
**Mörk Selfoss:** Elvar Örn Jónsson 7, Teitur Einarsson 7, Einar Sverrisson 4, Hergeir Grímsson 3, Guðni Ingvarsson 2.

**Akureyri - Afturelding 24-30**

**Mörk Akureyrar**: Kristján Orri Jóhannsson 6, Karolis Strropus 5, Mindaugas Dumcius 4, Sigþór Heimisson 3, Andri Snær Stefánsson 2, Brynjar Grétarsson 2, Friðrik Svavarsson 2
**Mörk Aftureldingar:** Mikk Pinnonen 8, Birkir Benediktsson 4, Árni Bragi Eyjólfsson 4, Elvar Ásgeirsson 3, Gunnar Malmquist 3, Kristinn Bjarkason 3, Guðni Kristinsson 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Grótta | 6 | FH | 3 |
| Afturelding | 6 | Fram | 3 |
| ÍBV | 5 | Haukar | 2 |
| Stjarnan | 5 | Valur | 2 |
| Selfoss | 4 | Akureyri | 0 |

**KRISTBJÖRG TEKUR VIÐ FYLKI**
Eiður Benedikt Eiríksson er hættur sem þjálfari Fylkis í Pepsídeild kvenna en þetta kom fram í tilkynningu frá félaginu í gær.
Eiður hættir strax með liðið og mun Hafsteinn Steinsson aðstoðarþjálfari einnig hætta.
Kristbjörg Helga Ingadóttir, sem kom inn í þjálfarateymi Fylkis fyrr í sumar, stýrir liðinu í síðustu tveimur leikjum tímabilsins.
Fylkir hefur ekki náð sér á strik í sumar og unnið aðeins þrjá leiki af sextán. Liðið er í sjöunda sæti með þrettán stig og er í harðri fallbaráttu ásamt Selfossi, KR og ÍA.
Fylkir mætir Þór/KA á laugardag og leikur svo gegn Selfossi á heimavelli í lokaumferðinni.
„Því miður var tímabilið mikil vonbrigði og tel ég að ástæðan fyrir því hafi verið að ég vildi breyta of miklu á stuttum tíma í stað þess að halda í það góða sem var fyrir,“ sagði Eiður í yfirlýsingu.

**ÍSLAND Í NEÐSTA FLOKKI**
Íslenska karlalandsliðið í körfubolta verður í neðsta styrkleikaflokki af sex þegar dregið verður til riðlakeppni EM 2017 í lok nóvember. Ísland er í 21. sæti í styrkleikaröðun FIBA á liðunum 24 sem keppa á EM á næsta ári. Styrkleikaflokkarnir eru sex en eitt lið úr hverjum flokki er í riðlunum fjórum sem verða leiknir í jafn mörgum löndum: Finnlandi, Ísrael, Rúmeníu og Tyrklandi. Líkt og 2015 fá gestgjafarnir fjórir að velja sér eina þjóð, sem er ekki í sama styrkleikaflokki og þeir, og bjóða henni að vera með sér í riðli og koma að skipulagningu leikjanna. Ljóst er að Ísland spilar ekki í Rúmeníu þar sem þjóðirnar eru í sama styrkleikaflokki. Ísrael, Tyrkland og Finnland koma því til greina.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | **Tour Champs** | Golfstöðin |
| 18.30 | **Dortmund - Freiburg** | Sport |

Lífsstíll

# EKKI HÆGT AÐ LEIÐAST Í VINNUNNI

Fríða Bryndís Jónsdóttir hélt óvænt til London 19 ára gömul til að starfa sem au-pair í ár. Sjö árum síðar stýrir hún deild hjá Deloitte í London sem einblínir á nýsköpun og frumkvöðlafyrirtæki í fjármálaheiminum og rekur auk þess eigið fyrirtæki í frístundum.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Ráðgjöf og stuðningur við svokölluð FinTech-fyrirtæki er starfsvettvangur Fríðu Bryndísar Jónsdóttur sem leiðir starfsemi deildar hjá Deloitte í London og á Norðurlöndunum sem einblínir á nýsköpun og frumkvöðlafyrirtæki í fjármálaheiminum.

Þrátt fyrir að sinna annasömu og krefjandi starfi gefur hún sér líka tíma til að reka eigið fyrirtæki í frístundum sem heitir [rå oils] en það þróar, framleiðir og selur náttúrulegar olíur við ýmsum húðkvillum. Dagarnir eru því oft langir en hún kvartar ekki; lífið í London er skemmtilegt og spennandi en þar hefur hún búið í sjö ár ásamt unnusta sínum, David Lindström.

„Starf mitt í dag gengur aðallega út á að hjálpa FinTech-sprotafyrirtækjum og stórum fjármálastofnunum að vinna saman. Ég vinn aðallega í Bretlandi og á Norðurlöndunum en er auk þess í mikilli samvinnu við aðrar Deloitteskrifstofur um allan heim. Enda trúum við því að alþjóðleg samvinna sé það sem þurfi til þess að styðja best við nýsköpun.“

### ALLIR VINNA SAMAN

FinTech-fyrirtæki nota nýja tækni og viðskiptamódel til að bjóða upp á skilvirkari og oft hagkvæmari fjármálaþjónustu en þekkst hefur. Þar er áhersla lögð á upplifun viðskiptavinar og þarfir, með lausnum sem oft passa ekki inn í hefðbundið framboð fjármálafyrirtækja.

Hún segir mikinn vilja frá báðum aðilum til að vinna saman og stuðla að nýsköpun. „Það gerir starfið einmitt svo skemmtilegt. Við sjáum mjög hraðar framfarir í tækni innan fjármálageirans vegna þess að báðar hliðar eru að vinna saman og leggja sitt af mörkum. Sprotafyrirtækin með nýsköpun sína og hraða, og stóru fjármálafyrirtækin með markaðskraftinn, stóra viðskiptavinahópa og sterka tækniinnviði. Þetta tel ég að sé algjörlega lykillinn að nýsköpun í fjármálageiranum.“

### SKAMMUR FYRIRVARI

Aðdragandann að búsetu Fríðu Bryndísar ytra má rekja til þeirrar óvæntu ákvörðunar hennar að gerast au-pair stúlka í London eftir útskrift frá Verslunarskóla Íslands. „Eftir útskrift var ég ekki viss hvað ég vildi gera. Hugurinn stefndi á lögfræði án þess að ég vissi endilega af hverju. Þá sá ég auglýsingu þar sem óskað var eftir íslenskri au-pair stúlku í London. Ég hringdi strax og sannfærði þau um að ráða mig sem þau gerðu.“

Þremur dögum síðar var hún flutt til London en hafði þá aldrei komið til Englands áður. „Ég man að þetta gerðist allt svo hratt að ég náði ekki einu sinni að segja öllum frá ákvörðun minni. Ég uppfærði bara statusinn minn á Facebook í „living in London“ og kommentaflóðið tók við.“

Þar dvaldi hún í yndislegt »



„Mér hefur alltaf gengið illa að einbeita mér að einum hlut í einu þannig að starf ráðgjafans hentar mér alveg einstaklega vel því þar er ég alltaf að takast á við nýja hluti,“ segir Fríða Bryndís Jónsdóttir sem starfar hjá Deloitte í London.

OptiBac probiotics




„Lykilatriði er að taka inn góða góðgerla og þessir henta mér frábærlega. Ég mæli algjörlega með Optibac, Veita betri líðan og minnka óþægindi.“



Anna G. Steinsen
heilsumarkþjálfi, þjálfari, fyrirlesari og jógakennari

PRENTUN.IS

www.facebook.com/optibaciceland

Fæst í apótekum og heilsubúðum






**Fríðu Bryndísi og kærastanum hennar, David Lindström, finnst mjög gaman að sigla og fara út á bátnum saman eins oft og þau geta.**



**Mæðgurnar Fríða og Elín Ólafsdóttir reka saman fyrirtækið [rå oils] en Fríða sinnir því í frítíma sínum. Samstarfið gefur henni mikið enda eru þær mjög nánar.**

» ár að eigin sögn. „Ég lærði mikið á þessu tímabili og fullorðnaðist hratt, kynnist nýju fólki og nýjum lífsstíl. Það var þá sem ég ákvað að ég vildi vinna í viðskiptum en hafði þó ekki hugmynd um hvernig.“

### VILDI AFLA SÉR REYNSLU

Hún hóf nám í viðskipta- og hagfræði í Exeter en þar kynntist hún m.a. frumkvöðlafræði þegar hún tók þátt í PwC's Business Champions Competition. „Þar stofnuðum við saman fyrirtæki sem gekk út á að hjálpa háskólanemum að selja notaða hluti sín á milli. Okkur gekk vel, við lentum í öðru sæti í landskeppninni og unnum okkur inn sæti í PwC's Talent Academy sem er n.k. sumarskóli fyrir framúrskarandi háskólanemendur. Einnig fengum við sumarstörf sem lærlingar hjá þeim og það var þá sem ég uppgötvaði að ég vildi vinna innan frumkvöðlavettvangsins.“

Fríða Bryndís gekk alltaf með þann draum í maganum að stofna eigið fyrirtækið að lokinni útskrift. Hún vildi hins vegar búa áfram í London og án fastrar vinnu og reglulegra tekna sá hún ekki fram á að geta það. „Um leið sá ég að það gæti verið gott að verða mér úti um reynslu hjá stóru og virtu fyrirtæki áður en ég stofnaði eigið fyrirtæki. Því sótti ég um starf ráðgjafa hjá Deloitte, án þess í raun að vita út á hvað starfið gekk. Slík störf voru eftirsótt hjá nýútskrifuðum nemum og starfslýsingin hljómaði vel.“

Hún sá þó fljótt að starfið átti



**Á Rangers íshokkleik í New York. David er mikill íshokkíaðdáandi og hefur smitað Fríðu af þeim áhuga.**

mjög vel við hana. „Mér hefur alltaf gengið illa að einbeita mér að einum hlut í einu þannig að starf ráðgjafans hentar mér alveg einstaklega vel því þar er ég alltaf að takast á við nýja hluti. Það er hreinlega ekki hægt að láta sér leiðast í þessari vinnu.“

### Í LAGI AÐ MISTAKAST

Í upphafi kom hún að fjölbreyttum verkefnum hjá Deloitte þar sem hún starfaði með fyrirtækjum úr ólíkum atvinnugreinum. Eftir að hafa unnið í verkefni fyrir fjármálafyrirtæki í tæpt ár sá hún að nýsköpun í fjármálatækni var starfsvettvangur sem hún vildi einblína á. „Ég bað þá um að fara í lán til annars fyrirtækis sem heitir Startupbootcamp FinTech, sem rekur viðskiptahraðal fyrir sprotafyrirtæki innan fjármálatækni. Eftir dvölina þar sneri ég aftur til Deloitte þar sem ég einbeitti mér algjörlega að því að stofna nýsköpunardeild okkar í tengslum við fjármálatækni.“

Þar sem hún hefur að mestu leyti starfað í Englandi þekkir hún sprotaumhverfið best þar. Hún segir stuðning hins opinbera þar í landi vera mjög góðan, bæði þegar kemur að fjármagni en ekki síður þegar kemur að lagaumhverfinu. „Ég hef líka tekið eftir því að heima á Íslandi er fólk almennt hræddara við að mistakast og lítur á það sem slæman hlut. En að mistakast er einmitt mjög mikilvægur hluti af nýsköpun enda lærist svo margt í því ferli sem getur nýst seinna meir.“

### LÍTIL AFSLÖPPUN

Eftir langan vinnudag gefst lítill tími til afslöppunar í sófanum því þá bíða verkefni tengd fyrirtæki hennar úrlausnar. „Nánast allur frítíminn minn fer í að reka fyrirtækið mitt [rå oils] sem þróar, framleiðir og selur náttúrulegar olíur við ákveðnum húðkvillum og við öldrun húðar. Það er í raun eitt af því skemmtilegasta sem ég geri. Þar fæ ég útrás fyrir sköpunargleðina og fæ á sama tíma að hjálpa fólki sem vill finna náttúrulegar leiðir til að vinna á húðkvillum sínum. Við móðir mín, Elín Ólafsdóttir, stofnuðum það fyrir nokkru og það er æðislegt að fá að deila þessari reynslu með henni og byggja upp fyrirtækið saman, enda erum við bestu vinkonur.“

Helsta afslöppun Fríðu felst þó í eldamennsku en henni þykir afskaplega gaman að elda mat. „Ég og kærastinn eigum þá matarástríðu sameiginlega og eldum alltaf eitthvað gott í matinn. Það getur þó þýtt kvöldmat kl. 23 þegar okkur dettur í hug að gera heimagert pasta í matinn á miðvikudagskvöldi. Annars höfum við það markmið að prófa tvær nýjar uppskriftir á viku. Við erum bæði miklir aðdáendur matreiðsluþátta og fylgjumst t.d. vel með Masterchef-þáttaröðunum og matreiðsluþáttum Jamie Oliver.“

### SPENNANDI FRÍ FRAM UNDAN

Fram undan í vetur er áframhaldandi uppbygging FinTech-deildar fyrirtækisins, bæði í Bretlandi og á Norðurlöndunum. „Annars hreyfist þessi markaður svo hratt að það er í raun mjög erfitt fyrir mig að plana vinnuna fram í tímann. Ég þarf alltaf að vera tilbúin til að gera eitthvað nýtt í hverju degi.“

Það eru líka spennandi tímar fram undan hjá fyrirtæki þeirra mæðgna. „Við erum með nokkur verkefni í gangi og önnur samvinnuverkefni í bígerð, bæði á Íslandi og erlendis. Einnig erum við í stöðugri vöruþróun og spenntar fyrir að koma nýjum vörum á markað.“

Fram undan eru líka langþráð ferðalög en þeim Fríðu Bryndísi og David finnst mjög gaman að ferðast um heiminn. „Við erum nú þegar búin að bóka ferðir til Taílands, Singapúr og New York auk þess sem við erum að skoða margar fleiri ferðir fyrir næsta ár. Ég hlakka ótrúlega mikið til að fá að eyða meiri tíma í að upplifa ný lönd og menningarheima árið 2017.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

ÓJ&K

110 ára

1906-2016

Ó. Johnson & Kaaber ehf

Ó. Johnson & Kaaber var stofnað árið 1906 af miklum frumkvöðlum, þeim Ólafi Þ. Johnson og Ludvig E. Kaaber, sem hófu að flytja inn matvæli á tímum hafta og einokunar. Þetta voru áræðnir menn sem nýttu sér nýjustu tækni þess tíma, ritsímann, til að komast í samband við umheiminn og kaupa til landsins matvöru og aðrar nauðsynjar. Þannig varð til fyrsta eiginlega heildsala landsins sem nú fagnar 110 ára afmæli.

**Við verðum ekki eldri með árunum**
**...heldur nýrri með hverjum deginum.**

Hér má sjá hluta af þeim vörumerkjum sem við seljum og erum stolt af.





Töluverð tækifæri ættu að vera til að bæta mataræði barnshafandi kvenna og kvenna á barneignaraldri hér á landi. NORDIC PHOTO/GETTY

# EKKI DÆMA ÚT FRÁ HOLDAFARI

Niðurstöður íslenskrar rannsóknar benda til að of þungar konur séu ekki endilega í aukinni hættu á að fá meðgöngusykursýki tengda offþyngd á meðgöngu ef þær borða hollt fæði. Almennt er mataræði þungaðra kvenna gott.




**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is




**Ingibjörg Gunnarsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur.**

Töluverð tækifæri ættu að vera til að bæta mataræði barnshafandi kvenna og kvenna á barneignaraldri. Niðurstöður rannsóknar á mataræði barnshafandi kvenna sem birtar voru í síðasta tölublaði Læknablaðsins benda til þess að hluti þeirra virðist ekki fullnægja þörf fyrir ákveðin næringarefni sem öll gegna lykilhlutverki við fósturþroska. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka næringargildi fæðu hjá barnshafandi konum á höfuðborgarsvæðinu og að kanna hvort mataræði kvenna í kjörþyngd fyrir þungun væri frábrugðið því sem er hjá konum sem voru yfir kjörþyngd. „Almennt var mataræði flestra þátttakenda nokkuð gott en hluti hópsins virðist, miðað við skráningar þátttakenda, fá of lítið af joði, fólati og D-vítamíni,“ segir Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur og einn af höfundum rannsóknarinnar.

„Það er vel þekkt að fólat er mikilvægt á meðgöngu, nægjanleg neysla á því getur minnkað líkur á heila- og mænuskemmdum. Skortur á fitusýrunni DHA og joði hefur svo verið tengdur lakari útkomu á greindarprófum hjá börnum. Þetta eru næringarefni sem eru gríðarlega mikilvæg í fósturþroska eins og reyndar flest önnur efni en þetta eru þau sem við sjáum að eru af skornum skammti hjá hluta kvenna.“

## HUGA ÞARF BETUR AÐ FÆÐUVALI

Í rannsókninni kom einnig fram að einungis fimmtungur kvennanna náði lágmarksviðmiðum trefjaneyslu sem eru 25 grömm á dag og að viðbættur sykur veitti að jafnaði tólf prósent af heildarorku fæðis kvennanna. Lítil gæði heildarmataræðis hér á landi eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna. Ingibjörg segir að fyrir rannsóknina hafi hún leyft sér að dreyma um að staðan væri skárri en raunin varð. „Huga þarf betur að fæðuvali kvenna fyrir og á meðgöngu, ekki síst meðal kvenna yfir kjörþyngd. Það er þó mikilvægt að fram komi að flestar konur eru að gera vel, að borða þokkalega hollan mat, en það eru ákveðnir hópar sem við höfum áhyggjur af og teljum að það þurfi að auka vægi næringar í mæðraeftirliti,“ segir Ingibjörg.

## FLÓKIÐ AÐ KANNA MATARÆÐI

Ingibjörg nefnir að í dag séu ekki nein skimunartæki í notkun í mæðraeftirliti til að meta næringu. „Við erum að vinna í því núna í samstarfi við Landspítalann að þróa skimunartæki sem gæti fundið þær konur sem hefðu gagn af ráðgjöf eða næringarmeðferð á meðgöngu. Við erum komin með vel yfir tvö þúsund konur sem hafa svarað stuttum spurningalista um fæðuval og markmiðið er að sjá hvort hægt sé að sjá sambærileg tengsl á milli fæðuvals og þyngdaraukningar, sykursýki og annars sem hefur sést í stærri og flóknari rannsóknum með því að nota einfalt tæki, eins og spurningalista, til að kanna mataræði.“

> Hluti hópsins virðist, miðað við skráningar þátttakenda, fá of lítið af joði, fólati og D-vítamíni.
>
> Ingibjörg Gunnarsdóttir

Aðferðafræði til að kanna mataræði er flókin að sögn Ingibjargar. Í rannsókninni, sem Ingibjörg gerði ásamt þeim Ellen Ölmu Tryggvadóttur og Bryndísi Evu Birgisdóttur næringarfræðingum, Þórhalli Inga Halldórssyni faraldsfræðingi og læknunum Helga Medek og Reyni Tómasi Geirssyni, héldu þátttakendur matardagbók í fjóra daga. Niðurstöðurnar voru síðan slegnar inn í forrit og nákvæmlega reiknað hvað hver og ein borðaði. „Þannig fást nákvæmar upplýsingar um magn og skammtastærðir og því gríðarlega mikilvægar upplýsingar sem liggja nú fyrir,“ lýsir Ingibjörg.

## ÞYNGDIN EKKI EINI ÞÁTTURINN

Undirmarkmið rannsóknarinnar var að kanna hvort mataræði kvenna í kjörþyngd fyrir meðgöngu væri frábrugðið mataræði kvenna sem voru of þungar eða of feitar fyrir meðgöngu. Niðurstöðurnar sýndu að mjög lítill munur var á því. Enginn marktækur munur var á orkuinntöku, skiptingu orkuefnanna eða neyslu á viðbættum sykri eða næringarefnum. „Það sem við sáum hins vegar var að hjá þeim konum sem voru yfir kjörþyngd en borðuðu hollan mat voru líkurnar á því að þær fengju meðgöngusykursýki ekki mikið hærri en hjá konum í kjörþyngd. Það bendir til þess að hægt sé að minnka líkurnar verulega með því að vanda sig og þó að kona sé yfir kjörþyngd sé hún ekki endilega í aukinni hættu á að fá meðgöngusykursýki.“

Ingibjörg segir tilhneigingu vera til þess að bjóða konum sem eru yfir kjörþyngd eða í offitu lífsstílsráðgjöf en ekki öðrum. „Ráðgjöfin er því bara veitt á grundvelli þyngdar sem mér finnst ekki góð nálgun. Ef einstaklingi er boðin lífsstílsráðgjöf þá ætti einhverju að vera ábótavant varðandi lífsstíl hans. Það þyrfti því að byggja þetta boð á því hvernig fólk borðar og hreyfir sig en ekki hve þungt það er,“ segir Ingibjörg.

## ÞÖRF Á ENDURSKOÐUN

Barnshafandi konum er bent á bækling um mataræði á meðgöngu sem gefinn var út árið 2008 en Ingibjörg segir að þörf sé á að endurskoða bæklinginn. „Hægt er að finna nýrri upplýsingar á heimasíðunni Næring móður og barns (www.nmb.is) þar sem búið er að uppfæra upplýsingar um næringu á meðgöngu út frá nýrri þekkingu. Við þurfum samt sem áður að halda áfram að vinna í því að koma upplýsingum um næringu í ferli í meðgönguverndinni.“






# Ný TT námskeið

## *fyrir stelpur og konur*

hefjast með fundi **2. október kl. 17:00** ☺

**TT-1** námskeiðin okkar fyrir konur fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsrækt, sjálfsstyrkingu, fundi, vigtun og mælingar. Þessi sívinsælu námskeið hafa margsannað ágæti sitt og reynst konum afburðavel til að ná markmiðum sínum.

**TT-3** námskeiðin okkar eru fyrir 16 - 25 ára stelpur. Þetta eru sérsniðin lífsstílsnámskeið fyrir þær sem vilja taka mataræðið í gegn og komast í gott form. Við byggjum námskeiðin á áralangri reynslu af því að kenna ungmennum líkamsburð og listdans.

*Komdu, við kunnum þetta!*

**Innritun stendur yfir í síma 581 3730. Nánari upplýsingar á jsb.is**

**Kynntu þér fjölbreytt úrval af námskeiðum og opnum tímum á jsb.is**

**Mótun BM**
Áhersla lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Mótandi æfingar fyrir kvið, rass- og lærvöðva.

**Hlýtt Yoga**
Styrkjandi og liðkandi yoga í heitum sal þar sem áhersla er lögð á meðvitund í æfingum og tengingu við öndun.

**Einkaþjálfun**
Þjálfarar JSB eru fagmenn og vita nákvæmlega hvað þarf til að ná settum markmiðum og aðstoða við aðhald ef þess er óskað

**Fit Form 60+**
Alhliða líkamsrækt sem stuðlar að auknu þreki, þoli, liðleika og frábærri líðan.

**1-2-3**
Bjóðum röð af 30 mínútna krefjandi tímum í opna kerfinu.

*Velkomin í okkar hóp!*

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is***

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ÆVINTÝRASÖGUR Í GEGNUM MATINN

**Ingibjörg Ásta Pétursdóttir** gaf út bók á dögunum sem nefnist Mensa – Matur, minningar og litlir hlutir sem skipta máli. Hún rak kaffihúsið Mensu í Lækjargötu í áraraðir og hótel í Flatey.



Ingibjörg Ásta hefur búið í Frakklandi, Marokkó og síðan rekið þekkta veitingastaði á Íslandi, eins og Mensu og hótelið í Flatey. MYND/GVA


**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is




Ingibjörg Ásta hefur búið í Frakklandi og Marokkó og í bókinni rifjar hún upp ævintýralegt líf sitt og gefur girnilegar uppskriftir sem hafa fylgt henni. „Ég hef unnið með mat svo lengi sem ég man eftir. Þegar ég rak Mensu var ég með vinsælar bökur sem fáir virðast kunna að gera. Það hafði lengi blundað í mér að gera bók með uppskriftum að bökunum. Ég punktaði niður fyrir bökubók en svo fór sú hugmynd aldrei lengra en ofan í skúffu. Bókaskrif taka tíma og ég hef alltaf verið mjög upptekin," segir hún.

Ingibjörg vann lengi í veiðihúsum og eldaði ofan í franska laxveiðimenn. Hún stofnaði veisluþjónustuna Mensu í framhaldi af því en hefur selt hana núna auk þess sem hún hefur látið eldhúsið á hótel Flatey í aðrar hendur. „Ég er komin á þann aldur að mér fannst tími til að hægja á og þá gat ég skrifað þessa bók. Mig langaði hins vegar ekki til að gefa út venjulega kokkabók heldur vildi hafa hana öðruvísi. Ámundi Sigurðsson, grafískur hönnuður sem starfaði sem þjónn á Mensu, hefur stundum viðrað við mig bókaskrif. Ég treysti Ámunda til að gera bókina fallega. Hún er kaflaskipt eftir viðkomustöðum í lífi mínu. Þetta er sjálfsævisaga í gegnum mat," útskýrir höfundurinn.

Ingibjörg Ásta giftist frönskum manni þegar hún var 18 ára. Þau stofnuðu heimili í Frakklandi og eignuðust tvö börn. „Síðan fluttum við til Marokkó og bjuggum þar í eitt ár og svo aftur til Frakklands. Við hjónin slitum samvistir og ég flutti með börnin heim til Íslands árið 1980 og setti upp kaffihúsið Mensu. Ég hafði keypt mikið af antíkstellum og munum sem hentuðu vel fyrir veitingahús. Matargerð hefur alltaf verið ástríða hjá mér og ég lærði margt á árunum í Frakklandi og í Marokkó. Matargerðarlistin er í genunum hjá mér því það eru margir í fjölskyldunni mjög flinkir kokkar," segir Ingibjörg sem gefur hér uppskrift að kjúklingi frá Marokkó og fylltum paprikum.











## TAGINE MEÐ KJÚKLINGI

**Fyrir sex**

Þótt kjúklingurinn sé eldaður í tagine í Marokkó er vel hægt að nota þykkbotna pott.

**1 kjúklingur (1,25 kg), skorinn í um 8 bita**
**2 msk. olía**
**1 stór laukur**
**5 hvítlauksgeirar**
**½ msk. raspaður ferskur engifer**
**2 tsk. Arabískar nætur (krydd frá Pottagöldrum)**
**Saffran milli fingra**
**½ msk. kúmin**
**¼ tsk. cayennepipar**
**3 dl vatn**
**1 niðursoðin sítróna**
**1 hnefi ferskt kóríander til skrauts**
**225 g svartar ólífur (settar síðast út í réttinn)**
**Svartur pipar úr kvörn (3-4 snúningar)**
**1 tsk. sjávarsalt**



Girnilegur kjúklingaréttur ættaður frá Marokkó.

Skerið kjúklinginn í bita og steikið hann í olíu á pönnu skamma stund áður en hann er settur í þykkbotna pott ásamt niðurskornum lauk, pressuðum hvítlauk, vatni, sítrónu og öllu kryddinu. Látið sjóða við vægan hita í ½ klukkustund. Þá er ólífunum bætt út í pottinn og soðið áfram í nokkrar mínútur. Bæta má við ½ tsk. af kjúkingakrafti í pottréttinn ef fyllingu vantar í bragðið þegar rétturinn er smakkaður til í lokin.

Niðursoðnar sítrónur er erfitt að finna í verslunum, svo ég sting upp á að þið gerið eftirfarandi:

1 sítróna er skorin í báta, takið steinana úr og troðið bátunum í krukku með sjávarsalti á milli laga. Lokið krukkunni og geymið í ísskáp í 3-4 daga áður en þið notið sítrónubátana. Ekki gleyma að dusta saltið af bátunum áður en þeir fara í pottinn. Minnkið þá saltmagnið í pottréttinn því sítrónurnar eru vel saltar í gegn.

Tagine-rétturinn er borinn fram með soðnum cous-cous kornum og kjúkingabaunum, ef vill. Rétturinn er skreyttur með fersku kóríander.

## FYLLTAR PAPRIKUR

**Fyrir sex**

Þetta er franskur réttur. Fyrir grænmetisætur má sleppa kjöti og bæta við grænmeti í staðinn. „Það er æðislega gott líka."

**8 paprikur**
**200 g hrísgrjón**
**2 hvítlauksgeirar**
**300 g hakkað nautakjöt**
**2 laukar**
**1 dl olía**
**2 msk. smátt skorin steinselja**
**80 g rúsínur**
**Saffran milli fingra**
**½ tsk. túrmerik**
**Salt og pipar**



Fylltar paprikur frá Frakklandi.

Sjóðið grjónin með salti, saffrani og túrmerik. Afhýðið laukinn og skerið frekar smátt. Steikið upp úr helmingnum af olíunni á pönnu, merjið hvítlaukinn og bætið honum út í. Þegar laukurinn er glær, bætið þá hakkinu saman við og hrærið vel í. Þegar kjötið er steikt er hrísgrónum, steinselju og rúsínum bætt út á pönnuna. Hrærið allt saman og kælið. Smakkið til með salti og pipar.

Skerið þvert á paprikurnar, í annan endann. Fræhreinsið þær og leggið hattinn til hliðar. Raðið papikunum hlið við hlið, þétt í eldfast mót. Fyllingin er sett ofan í þær, hatturinn ofan á og restinni af olíunni er hellt yfir. Bakað í ofni í u.þ.b. 35-40 mínútur við 200°C hita.



# Sjávar-útvegurinn

23. september 2016

MYND/GVA




OKKAR HÆFNI – ÞINN HAGUR

Egersund Net er hluti af Egersund Group, sem stofnað var árið 1952. Upp úr 1970 hóf Egersund Net eigin netaframleiðslu og varð sjálfstætt félag árið 1996.
Allar götur síðan hefur Egersund Net skapað sér orðspor sem leiðandi fyrirtæki í Evrópu í framleiðslu og þjónustu á búnaði til fiskeldis.

Egersund Net
PART OF EGERSUND GROUP

www.egersundnet.no

# Gaman að starfa við hvalaskoðun

Hvalaskoðunarferðir hafa verið mjög vinsælar á Norðurlandi. Nokkur fyrirtæki við Eyjafjörð sérhæfa sig í hvalaskoðun og nýtt fyrirtæki fór af stað í maí sem heitir Whale Watching Akureyri. Heiða Friðjónsdóttir líftæknifræðingur starfar þar og hefur farið í nokkrar sjóferðir.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Heiða segir að hvalaskoðun sé sívaxandi atvinnugrein á Norðurlandi. Erlendir ferðamenn eru 98% farþega. Á Húsavík hefur verið öflug starfsemi hvalaskoðunarbáta og sömuleiðis á Dalvík. Heiða segir að nánast undantekningalaust sjáist hvalur í ferðunum og ekki þarf að sigla langt út til að komast á slóðir þeirra. „Við förum aldrei lengra en út í Hrísey,“ segir hún. „Það var ansi mikið að gera í sumar en nú er farið að hægjast um með haustinu,“ segir hún.

Skjálfandaflói og Eyjafjörður eru heppilegir til hvalaskoðunar. Sjá má hrefnur, höfrunga, hnúfubaka og jafnvel steypireyðar á góðum degi. Fuglalífið þykir sömuleiðis einstakt.

Heiða segir að þetta sé mjög skemmtilegt starf. Alltaf eru leiðbeinendur um borð sem lýsa því sem fyrir augu ber. „Það er fólk sem er menntað sem sjávarlíffræðingar eða með aðra líftæknimenntun. Þegar ég hef farið í ferðir aðstoðar maður fólk með hlýja galla, við seljum veitingar og þess háttar. Oftast er talað við fólkið á ensku en þegar við fáum hópa, til dæmis Þjóðverja, þá fáum við leiðsögumenn með þýskukunnáttu,“ segir hún. „Mér sýnist fólk koma alls staðar frá, meira að segja frá Ástralíu. Margir farþegar skemmtiferðaskipa vilja fara í hvalaskoðun.“



Hvalaskoðun laðar að erlenda ferðamenn á Norðurlandi. Þessi mynd er frá Húsavík.



Svandís Lóa Ágústsdóttir vann á hvalabáti sem gerður var út frá Ólafsvík.



Heiða Friðjónsdóttir starfar hjá Whale Watching Akureyri.

## Ekki alltaf sléttur sjór

Svandís Lóa Ágústsdóttir starfaði fyrir Sæferðir fyrir nokkrum árum í hvalaskoðunarferðum. Skipið var gert út frá Ólafsvík en hefur hætt siglingum. „Það var auglýst eftir starfsmanni og mig langaði að prófa svona starf. Ég sótti líka um árið áður en þá var karlmaður ráðinn,“ segir Svandís. „Starfið fólst í því að hugsa um farþegana, selja veitingar og fylgjast með fólkinu um borð. Þetta gat verið erfitt starf því það var ekki alltaf sléttur sjór. Stundum varð fólk sjóveikt og kastaði upp. Stundum komu stórir hópar, ég man eftir 100 manna hópi frá Kína en félagið bauð upp á sérstakar hópferðir. Farnar voru tvær ferðir á dag, morgun og síðdegis. Rúturnar komu snemma á morgnana en yfirleitt voru færri gestir seinni partinn,“ útskýrir Svandís. Hún segir að þetta hafi verið skemmtileg vinna og aldrei þurfti að sigla langt til að sjá hval.“

> **Hvalaskoðun er vaxandi atvinnugrein á Norðurlandi. Erlendir ferðamenn eru 98% farþega.**
>
> *Heiða Friðjónsdóttir*

Svandís bjó á þessum tíma í Ólafsvík en tók sig upp fyrr á þessu ári og flutti til Dalvíkur. „Hér á Dalvík eru hvalaskoðunarbátar og ég hef heyrt að það sé mikið að gera hjá þeim. Flestir farþegar eru útlendingar og það er mikill vöxtur í þessari atvinnugrein,“ segir Svandís sem dreif sig í pungaprófið þegar hún var í sjómennskunni.

# ISS Ísland ehf. sérfræðingar í þrifum í matvælafyrirtækjum

ISS hefur sinnt þrifum í matvælafyrirtækjum og í fiskiðnaði frá árinu 2000. Fyrirtækið er hluti af alþjóðlegu keðjunni ISS A/S sem er með 515 þúsund starfsmenn í vinnu í 53 löndum. Hjá ISS á Íslandi starfa 720 manns og þar af starfa um 70 eingöngu við þrif í kjöt- og fiskvinnslufyrirtækjum.

„Vöxtur fyrirtækisins hér á landi hefur verið nokkuð stöðugur og jafn undanfarin ár,“ segir Björk Baldvinsdóttir, sviðsstjóri sölu –og viðskiptaþróunar hjá ISS á Íslandi.

„ISS hefur margra ára reynslu í þrifum. Við erum sífellt að þróa tækni, áhöld, aðferðir og verklag til að auka öryggið enn meira og stuðla að betri og hagkvæmari vinnubrögðum. Við þrifin notum við eigin búnað sem er sérhannaður til að tryggja að viðkvæm vinnslutæki skemmist ekki. Þetta snýst um betri ferla, betra gæðakerfi og skilvirkari vinnubrögð og síðast en ekki síst um þjálfun starfsfólks.“

## Strangt verklag

„Við erum sérfræðingar í þrifum í matvælafyrirtækjum þar sem skiptir máli að vinna samkvæmt ströngum umgengnis- og verklagsreglum og öll skráning og skjalfesting er gríðarlega mikilvæg.

Það felst öryggi í því fyrir stjórnendur í matvælaiðnaði að hafa aðgang að fyrirtæki með sérhæft starfsfólk til að sjá um þennan mikilvæga þátt í starfseminni. Þetta skiptir ekki síst máli fyrir þá sem selja afurðir á kröfuharða erlenda markaði. Við leggjum áherslu á að aðstoða fyrirtækin þannig að stjórnendur geti einbeitt sér betur að kjarnastarfseminni,“ segir Björk. „Þjónustustjóri matvælasviðs ISS er Haukur Björnsson en hann er þrautreyndur í faginu og býr yfir gríðarlegri reynslu og víðtækri þekkingu á öllu sem lýtur að fiskvinnslu eftir áratuga störf í greininni.“

Mörg stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins nýta sér þjónustu ISS á Íslandi. Þar má meðal annars nefna HB Granda, Síldarvinnsluna í Neskaupstað og Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.iss.is**



Björk Baldvinsdóttir, sviðsstjóri sölu- og viðskiptaþróunar. MYND/ISS



Haukur Björnsson, þjónustustjóri matvælasviðs ISS.

> **Það felst öryggi í því fyrir stjórnendur í matvælaiðnaði að hafa aðgang að fyrirtæki með sérhæft starfsfólk til að sjá um þennan mikilvæga þátt.**
>
> *Björk Baldvinsdóttir*



„Við erum sérfræðingar í þrifum í matvælafyrirtækjum þar sem skiptir máli að vinna samkvæmt ströngum umgengnis- og verklagsreglum.“

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson


Hafið hefur kennt okkur
50
1965-2015
VÍSIR
Hafið hefur kennt okkur auðmýkt gagnvart náttúruöflunum og ábyrgðartilfinningu gagnvart lífríkinu. Hafið hefur kennt okkur að hagnýta tæknina af virðingu fyrir fiskum og mönnum.
Starfsfólk Vísis þakkar fyrir fimmtíu ára sögu og hlakkar til að standa áfram í stafni íslensks sjávarútvegs.
Visirhf.is

# Ætlað að ýta undir áhuga ungs fólks

**Sjávarútvegur er ein rótgrónasta atvinnugrein landsins. Mikill uppgangur er í greininni og hvert nýsköpunarverkefnið rekur annað. Yngsta kynslóðin er þó ekki endilega meðvituð um söguna og möguleikana sem felast í sjónum. Til að bregðast við því var ákveðið að ráðast í gerð heimasíðu og smáforrits um íslenskan sjávarútveg fyrir grunnskólabörn. Hvort tveggja var formlega kynnt í gær.**

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Ný heimasíða og nýtt smáforrit um íslenskan sjávarútveg sem hvort tveggja hefur fengið nafnið Trillan var kynnt í gær en þá atti Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kappi við unglinga í spurningakeppni sem byggir á Trillunni. Bæði heimasíðan og smáforritið er ætlað til fræðslu á grunnskólastigi. Markmið Trillunnar er að nemendur kynnist sjávarútveginum og hlutverki hans í íslensku samfélagi á skemmtilegan og líflegan máta. Sjávarútvegurinn spannar mjög vítt svið og er ætlunin að kveikja áhuga nemenda á ólíkum hliðum þessa rótgróna en fjölbreytta atvinnuvegar.

Með heimasíðunni og forritinu verður bæði hægt að lesa sér til gagns og gamans sem og prófa kunnáttu sína á gagnvirkan hátt í skemmtilegum spurningaleik. Um er að ræða nýtt tól sem kennarar, foreldrar og aðrir geta notað til að fræða ungmenni um sjávarútveginn og tengdar atvinnugreinar.

„Við vitum að til þess að áfram verði nýsköpun í sjávarútveginum þá þurfum við að efla áhuga unga fólksins á þeim tækifærum sem felast í hafinu. Það erum við að gera með verkefni eins og Trillunni.



**Þór segir hugmyndina hafa kviknað fyrir þremur árum. Hún er nú orðin að veruleika.**

> **Við vitum að til þess að áfram verði nýsköpun í sjávarútveginum þá þurfum við að efla áhuga unga fólksins á þeim tækifærum sem felast í hafinu.**
>
> *Þór Sigfússon*



**Trillan gefur ungu fólki betri tilfinningu fyrir því hvað er í sjónum og hvernig megi nýta það.**




**Kennsluaðferðir eru að breytast og fara í meira mæli fram í gegn um snjallforrit. Trillan er svar við því.**

Undirbúningur og hugmyndavinna hófst fyrir þremur árum í klasasamstarfi flestra skóla sem sinna haftengdum greinum á Íslandi. Þar var strax mikill áhugi á að finna leiðir til að efla áhuga ungs fólks. Trillan er afrakstur þess starfs,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans. Hann segir nýja kynslóð nú geta fengið aðeins betri tilfinningu fyrir því hvað er í sjónum og með hvaða hætti megi nýta það.

Að sögn Þórs hefur ekki verið um auðugan garð að gresja í kennsluefni tengdu sjávarútveginum í grunnskólum landsins og margir sem gera sér jafnvel ekki grein fyrir því að sjávarútvegurinn er ein meginuppistaðan í íslensku samfélagi. „Þá hefur orðið mikil breyting í íslensku skólakerfi á síðustu árum. Kennslan er orðin fjölbreyttari og fer að einhverju leyti fram í gegn um tölvur. Mikil eftirspurn er eftir íslenskum kennsluforritum og fjölgar þeim hratt. Það þykir því mikilvægt að mæta þessari þróun og kveikja áhuga nemenda á sjávarútvegi í gegnum smáforrit fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.“

Í aðalnámskrá grunnskólanna er þess krafist að nemendur öðlist skilning á sögu landsins og atvinnulífi. Verkefnið tengist því að sögn Þórs beint inn í aðalnámskrá grunnskólanna. „Lífleg uppsetning fræðslu og gagnvirkra leikja er þó hönnuð með stóran markhóp í huga. Bæði heimasíðan og forritið inniheldur því efni sem ætti að höfða til allra.

**Hægt er að nálgast forritið í Appstore og Playstore. Heimasíða verkefnisins er www.trillan.is.**

# Flytur í sérútbúið húsnæði

**Würth á Íslandi ehf. var stofnað árið 1988 og styttist því í þrjátíu ára afmælið. Fyrirtækið þjónustar allan almennan iðnað og er sjávarútvegurinn þar á meðal. Mikil aukning er líka í staðgreiðslu til viðskiptavina í verslunum. Fyrirtækið flytur höfuðstöðvarnar á Íslandi í sérútbúið 2.700 fermetra húsnæði í Norðlingaholti í nóvember og verður opnað með pompi og prakt eftir áramót.**

Würth-samsteypan, sem er með höfuðstöðvar í Þýskalandi, samanstendur af 413 fyrirtækjum í 84 löndum með ríflega 70 þúsund starfsmenn. „Við erum 38 starfsmenn hér heima og störfum um allt land. Við erum með tvær verslanir í Reykjavík, eina á Akureyri og svo bætist við verslun í Norðlingaholtinu. Eins erum við með starfsmenn fyrir austan og vestan. Okkar bragur er að heimsækja alla verslandi viðskiptavini en bíða ekki eftir að þeir komi til okkar og hefur það gefist vel,“ segir Róbert H. Hnífsdal Halldórsson, sölu- og markaðsstjóri Würth.

Höfuðstöðvar Würth hafa hingað til verið að Vesturhrauni 5 í Garðabæ en verða fluttar að Norðlingabraut 8 í nóvember og er stefnt að því að opna með pompi og prakt eftir áramót. „Við viljum gefa okkur góðan tíma í að koma öllu fyrir og gera þetta svolítið grand,“ segir Róbert.



**Nýju höfuðstöðvarnar verða í 2.700 fermetra húsnæði í Norðlingaholti. Þær verða opnaðar eftir áramót.** MYND/EYÞÓR



**Róbert H. Hnífsdal Halldórsson, sölu- og markaðsstjóri Würth.**

> **Við munum hvetja almenning til að líta við enda sinnum við ekki einungis iðnaðarmanninum heldur líka hinum venjulega bílskúrsgrúskara.**
>
> *Róbert H. Hnífsdal Halldórsson*

## Byggt til framtíðar

„Þetta hús er hannað fyrir okkur og lagað að okkar starfsemi. Það er mun stærra en húsnæðið sem við erum í, eða um 2.700 fermetrar. Við erum hins vegar að byggja til framtíðar og horfum til næstu 25 ára.“

Würth á Íslandi einbeitti sér í fyrstu að þjónustu við bifreiðaverkstæði en síðan við tré- og málmiðnaðinn sem og allan almennan iðnað. „Í dag eru álverin og bílaverkstæðin okkar stærstu viðskiptavinir. Mikil aukning er þó í staðgreiðslu til almennra viðskiptavina í verslunum. Hingað kemur fólk að kaupa öryggi, perur og þurrkublöð fyrir bílinn en mikið af þessu er hætt að fást á bensínstöðvum,“ segir Róbert.

Hann segir um 40.000 manns keyra fram hjá nýju höfuðstöðvunum á dag. „Við munum hvetja almenning til að líta við enda sinnum við ekki einungis iðnaðarmönnum heldur líka hinum venjulega bílskúrsgrúskara.“

## Þjónusta sjávarútveginn á sjó og landi

Róbert segir þjónustu við sjávarútveginn stóran hluta af starfseminni. „Vélstjórarnir þurfa ýmsar efnavörur og kítti og fiskvinnslan í landi hin ýmsu vinnuföt og persónuhlífar,“ segir Róbert en Würth hefur löngum staðið mjög framarlega í hvers kyns hönskum svo dæmi séu nefnd.



Vöruúrvalið í Würth er að sögn Róberts breitt og gott. „Við erum með allar gerðir af festingum. Má þar nefna bolta, skrúfur, snittteina, rær, skinnur og hnoð. Sömuleiðis mikið af efnavörum eins og hreinsiefnum, smurefnum og límefnum. Þá erum við með persónuhlífar eins og gleraugu, hanska, andlitsgrímur, heyrnarhlífar, eyrnatappa og hjálma ásamt vinnufatnaði og skóm.

Í Würth fást líka slípivörur eins og borar, snitttappar, skurðar- og slípskífur. „Þá erum við með allar gerðir af handverkfærum sem og rafmagns- og loftverkfæri.“ Fyrir tveimur árum bættust svo við stærri tæki fyrir verkstæði en þetta eru lyftur, hjólastillitæki og dekkjavélar svo dæmi séu nefnd. Eins hillukerfi og verkfæravagnar.

Eftir flutning höfuðstöðvanna í nýtt og glæsilegt húsnæði verður eftir sem áður starfrækt verslun í hverfinu nálægt Vesturhrauni en samningar standa yfir um nýtt húsnæði. Sömuleiðis er verslun að Bíldshöfða 16 og Tryggvabraut 24 á Akureyri.

# Ferðamenn fylgjast með vinnslunni

Fiskvinnslan Stakkavík í Grindavík fór nánast fyrir tilviljun inn í ferðaþjónustubransann. Upplifun ánægðs Þjóðverja rataði í þýska ferðahandbók og nú heimsækja Þjóðverjar fiskvinnsluna í stórum stíl en í Stakkavík er hægt að fylgjast með vinnslunni úr sjó og alla leið í súpuskál.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Þetta byrjaði bara smátt og smátt og í raun var ekkert á dagskránni að taka á móti ferðamönnum,“ segir Margrét Benediktsdóttir en hún tekur á móti gestum í Fiskvinnslunni Stakkavík í Grindavík. Breytingar á húsnæði fiskvinnslunnar hafi opnað fyrir ýmsa notkunarmöguleika og hlutirnir undið upp á sig.

„Við stækkuðum húsnæðið fyrir nokkrum árum, bættum við skrifstofum og fengum eldhúsaðstöðu og fleira. Okkur vantaði einnig nýja stakkageymslu og þegar hún var gerð myndaðist gólfpláss þar sem útbúinn var salur. Niðri í vinnslusalnum voru einnig gerðar breytingar og byggt glerrými þar sem unnið er að snyrtingu á fiski en þar myndaðist gjarnan gegnumtrekkur. Í framhaldinu var byggður útsýnispallur þar fyrir ofan og þaðan er hægt að horfa yfir allan salinn og fylgjast með vinnslunni eins og hún leggur sig. Þangað förum við að fara með gesti og sýna þeim vinnsluna,“ útskýrir Margrét og segir flóru gestanna margbreytilega, bæði líti einstaklingar við en mikið sé um að hópar panti leiðsögn.

„Við erum að fá alls konar hópa fyrir utan erlenda ferðamenn. Hingað koma líka einstaklingar, skólahópar, saumaklúbbar og vinnustaðir í óvissuferðum. Fisktækniskólinn hefur komið hingað með nemendur en svo hafa leikskólarnir líka komið í heimsókn. Á sumrin fáum við sérstaklega mikið af Þjóðverjum. Við lentum í einhverri þýskri ferðahandbók eftir að Þjóðverji sem hafði komið í heimsókn skrifaði um okkur þar ytra og listaði okkur sem eitthvað sem „ekki mætti missa af“. Það er bara rosalega skemmtilegt,“ segir Margrét.

En hvers konar dagskrá er boðið upp á í fiskvinnslunni? „Vinnutíminn hjá okkur er frá klukkan 7 á morgnana til 15 virka daga, þó stundum lengur og annað slagið um helgar. Ef um stóra hópa er að ræða höfum við opið um helgar. Við erum með myndband af verkuninni sem sýnir allt sem fer fram á gólfinu en auk þess erum við með mjög áhugavert myndband sem sýnir bát fara út á sjó. Hann leggur línu og kafari fer niður og myndar fiskinn bíta á krókana. Þar sést vel hvað hann er drjúgur að stela beitu af krókunum. Myndband þetta hefur slegið rækilega í gegn og er það talsett á ensku, þýsku og íslensku. Þá bjóðum við upp á fiskisúpu og fish and chips ef pantað er með dagsfyrirvara. Verðinu er stillt í hóf,“ segir Margrét.



**Af útsýnispallinum sést yfir alla vinnsluna.**



**„Á sumrin fáum við sérstaklega mikið af Þjóðverjum. Við lentum í einhverri þýskri ferðahandbók eftir að Þjóðverji sem hafði komið í heimsókn skrifaði um okkur þar ytra og listaði okkur sem eitthvað sem „ekki mætti missa af“. Það er bara rosalega skemmtilegt,“ segir Margrét.** MYNDIR/STAKKAVÍK EHF.



**Breytingar á húsnæði fiskvinnslunnar opnuðu fyrir ýmsa notkunarmöguleika og smám saman fór boltinn að rúlla.**

> **Í framhaldinu var byggður útsýnispallur og þaðan er hægt að horfa yfir allan salinn og fylgjast með vinnslunni eins og hún leggur sig. Þangað fórum við að fara með gesti og sýna þeim vinnsluna.**
>
> *Margrét Benediktsdóttir*

**Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www.stakkavik.is**

HRAÐFRYSTIHÚS HELLISSANDS HF

*Hjartanlega til hamingju með OPTIM ICE ísþykknibúnaðinn*

*Hraðfrystihús Hellissands hf valdi gæði, reynslu og rekstraröryggi!*










Mikilvægt er að kæla aflann hratt fyrstu klukkustundirnar eftir veiði, það lengir geymsluþol verulega.

optimar KAPP Iceland

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | optimar@optimar.is | www.optimar.is

# Stórsýningin Sjávarútvegur 2016

Sjávarútvegur 2016 er ómissandi sýning fyrir alla þá sem starfa í sjávarútvegi og hafa áhuga á greininni. Hún er haldin í Laugardalshöll sem er eina íþróttamiðstöðin hérlendis sem er sérhönnuð undir sýningar. Rúmlega 120 fyrirtæki munu sýna í báðum sölum hallarinnar.

Stórsýningin Sjávarútvegur 2016 – Iceland Fishing Expo verður haldin í Laugardalshöll dagana 28.-30. september. Sýningin er sú stærsta sem haldin hefur verið á árinu og um leið fyrsta alþjóðlega sjávarútvegssýningin sem eingöngu er skipulögð af innlendum aðilum.

Undirbúningurinn hefur staðið yfir í tæplega tvö ár að sögn Ólafs M. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra sýningarinnar. Hann segir að rúmlega 120 fyrirtæki, bæði innlend og erlend, muni kynna fjölbreyttar vörur sínar og þjónustu í báðum sýningarsölum Laugardalshallar og mikið verði um dýrðir. „Svona sýning er einfaldlega ómissandi fyrir alla þá sem starfa í sjávarútvegi og hafa áhuga á greininni. Hún verður bæði mjög fagleg en ekki síður skemmtileg. Einn stærsti kostur svona stórra sýninga er að þar hittast fulltrúar úr fjölbreyttum fyrirtækjum greinarinnar og spjalla saman, kynnast vörum hver annars eða stofna til viðskipta. Gestir njóta þess síðan að kynnast ólíkum þáttum þessarar mikilvægustu atvinnugreinar þjóðarinnar. Til að auka enn frekar á notalegheitin munum við starfrækja glæsilegan veitingastað á pöllunum milli sýningarsvæða þannig að hér verður frábær stemning.“

### Sérhönnuð höll

Ólafur var kallaður á fund með fulltrúum 24 fyrirtækja á sínum tíma og þannig fór boltinn að rúlla af stað. „Við höfum fundið mikinn meðbyr strax frá upphafi og fundið fyrir miklum áhuga meðal innlendra og erlendra fyrirtækja. Það eru ekki mörg ár síðan fólk tengdi fyrirtæki í sjávarútvegi við gamaldags útgerðir en í dag er flóra fyrirtækja orðin fjölbreytt innan greinarinnar. Öflug nýsköpun hefur farið þar fram undanfarin ár en íslenskar vörur og hugvit er flutt út í stórum stíl. Gestir sýningarinnar munu sjá þennan mikla fjölbreytileika hér í Laugardalshöll.“

Það eru mörg ár síðan svo stór sýning hefur verið haldin í Laugardalshöllinni en Ólafur segir ákvörðun um staðarval í raun hafa verið einfalda. „Það eru ekki allir sem vita að Laugardalshöll er eina íþróttamiðstöðin hér á landi sem er sérhönnuð undir sýningar. Fyrir vikið er hægt að stýra mjög vel þáttum á borð við lýsingu, loftræstingu og hljóðvist. Á svona fjölmennum sýningum skipta svona hlutir miklu máli, bæði fyrir sýnendur en ekki síður alla gestina. Hér eru líka næg bílastæði sem er einnig nauðsynlegt.“

### Skemmtileg verðlaun

Það eru margir aðrir sem koma að skipulagningu sýningarinnar að sögn Ólafs og nefnir hann þar helst fyrirtækin Iceland Travel, Athygli og Sýningarkerfi. „Athygli hefur verið með öfluga kynningu hér heima og erlendis. Iceland Travel hefur annast skipulag skráningar fyrir okkur og marga fleiri þætti sýningarinnar og Sýningarkerfi, sem hafa starfað í 30 ár, buðu upp á góð tilboð á sýningarkerfum.“

Nokkur samtök innan sjávarútvegsins eru stuðningsaðilar sýningarinnar en þau munu veita viðurkenningar á sýningunni að sögn Ólafs. „Það eru Sjómannasamband Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFÚ, Félag vélstjóra og málmtæknimanna, VM, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda og Íslenski sjávarklasinn. Þessi samtök munu veita ýmsar viðurkenningar á sérstakri opnun miðvikudaginn 28. september sem eingöngu er ætluð boðsgestum. Mig grunar að mesti spenningurinn sé fyrir því hver verður valinn Trillukarl ársins en að auki verða mörg skemmtileg verðlaun veitt.“

Sýningin stendur yfir dagana 28.-30. september. Opnunarathöfn fyrir boðsgesti er kl. 14.00 miðvikudaginn 28. september, þar sem m.a. nokkrar viðurkenningar verða veittar. Húsið verður opnað kl. 15 fyrir almenna gesti sama dag og er opið til 19.00. Fimmtudag og föstudag er sýningin opin milli 10 og 18.

**Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandfishexpo.is**



**Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Sjávarútvegs 2016.** MYND/RAX

> **Einn stærsti kostur svona stórra sýninga er að þar hittast fulltrúar úr fjölbreyttum fyrirtækjum greinarinnar og spjalla saman, kynnast vörum hvers annars eða stofna til viðskipta.**
>
> *Ólafur M. Jóhannesson*

# Það nýjasta í fiskileitarlausnum

Sónar ehf. í Hafnarfirði hefur vaxið jafnt og þétt síðasta áratug. Fyrirtækið býður upp á vönduð siglinga-, fiskileitar- og og fjarskiptatæki fyrir skip og báta. Starfsmenn hlakka mikið til sýningarinnar í Laugardalshöll þar sem þeir ætla að kynna nýjustu lausnir á sínu sviði.

Sónar ehf. í Hafnarfirði býður upp á heildarlausnir í siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartækjum fyrir skip og báta. Fyrirtækið var stofnað árið 2005 af þeim Guðmundi Bragasyni og Vilhjálmi Árnasyni. Í upphafi störfuðu þeir bara tveir en reksturinn hefur undið upp á sig jafnt og þétt og í dag eru starfsmenn sjö talsins að sögn Vilhjálms sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Það má segja að við getum útvegað allt sem þarf hvað tæki varðar í brúna á skipum og bátum af öllum stærðum ásamt miklu úrvali loftneta auk fleiri tækja.“

Vaxandi umsvif hafa verið í sölu og þjónustu á fjarskiptabúnaði frá SAILOR að sögn Guðmundar, sem gegnir stöðu markaðs- og sölustjóra, enda gæðavara sem skipstjórnendur þekkja af góðu einu. „Við erum auk þess með gamalgróin og heimsþekkt vörumerki eins og JRC, Kaijo, SeaTel, Raymarine, Wesmar, ComNav, Kannad og fjölda annarra merkja,“ bætir hann við.

### Mögnuð tæki

Á Sjávarútvegssýningunni ætlar Sónar að leggja áherslu á að kynna það nýjasta í ýmsum fiskileitarlausnum að sögn þeirra félaga. „Við erum eina fyrirtæki landsins með umboð fyrir svonefnda fjölgeisladýptarmæla en það eru dýptarmælar sem sýna 120° þversniðsmynd undir skipinu, ýmist þvert á skip (WASSP) eða þvert á skip og fram/aftur (SeapiX). Að sjá fisk- og botnupplýsingar á svo stóru svæði undir skipinu er mjög mikilvægt og gerir allar veiðar markvissari. Bæði WASSP og SeapiX fjölgeisladýptarmælarnir nota nýjustu CHIRP tækni og hafa rækilega sannað sig, m.a. við makríl- og síldveiðar. Við hvetjum því skipstjórnendur og útgerðarmenn til að kíkja á nýjustu útgáfur þessara mögnuðu fiskileitartækja á bás okkar í Laugardalshöll.“

Á sýningunni verður einnig frumsýndur nýr Split Beam dýptarmælir frá KAIJO sem er þekkt fyrir að framleiða afar vandaða og öfluga dýptarmæla og sónartæki að þeirra sögn. „Einnig kynnum við nýjar sjónvarpslausnir frá Seatel, fjarskiptalausnir frá Sailor, Doppler Current straummæli frá JRC og IP myndavélalausnir frá Raymarine svo fátt eitt sé nefnt.“

### Endurnýjun fram undan

Sónar ehf. hefur verið mjög framarlega í tækjapökkum fyrir nýsmíðar línuskipa og báta alveg frá upphafi. „Nýlegar nýsmíðar sem voru með öll tæki frá okkur eru Vigur SF-80 og Gullhólmi SH-201. Nú erum við að vinna við uppsetningu tækjapakka í nýsmíðar fyrir Stakkavík og Einhamar Seafood svo dæmi sé tekin. Við horfum einnig til þess að stærri línuskip eru mörg hver orðin afar gömul og þegar kemur að að endurnýjun þá erum við tilbúnir með fjölbreyttar lausnir í siglinga- og fjarskiptatækjum.

Við höfum frá stofnun fyrirtækisins lagt mikla áherslu á að þjónusta okkar sé eins og best verði á kosið og finnum að það kunna notendur okkar vel að meta. Við hlökkum mikið til að hitta sem flesta í Laugardagshöllinni 28. til 30. september.“



**„Við hvetjum því skipstjórnendur og útgerðarmenn að kíkja á nýjustu útgáfur þessara mögnuðu fiskileitartækja á bás okkar í Laugardalshöll,“ segja Vilhjálmur Árnason framkvæmdastjóri (t.v.) og Guðmundur Bragason, sölu- og markaðsstjóri Sónar.** MYND/EYÞÓR



Laugardalshöll er sérhönnuð undir sýningar og býður upp á tvo rúmgóða sýningarsali. Næg bílastæði eru fyrir gesti stórsýningarinnar Sjávarútvegur 2016. MYND/LAUGARDALSHÖLL

# Mennirnir á bak við tjöldin

**Undanfarin ár hefur Nortek einbeitt sér æ meira að fyrirtækjum í sjávarútvegi. Fyrirtækið, sem er leiðandi hér á landi í ýmsum öryggis- og tæknilausnum, á 20 ára afmæli í ár og verður með einn af stærstu básum sýningarinnar ásamt Nordata, dótturfyrirtæki sínu.**

Nortek er leiðandi fyrirtæki hér á landi í ýmsum öryggis- og tæknilausnum og hefur verið það frá stofnun fyrir 20 árum. Meðal helstu vara sem Nortek býður upp á eru aðgangsstýringar, brunaviðvörunarkerfi, innbrotaviðvörunarkerfi, eftirlitsmyndavélakerfi og slökkvikerfi.

Undanfarin ár hefur Nortek einbeitt sér æ meira að fyrirtækjum í sjávarútvegi og í dag koma um 40% af veltu fyrirtækisins þaðan. Ólíkt stærri öryggisfyrirtækjum hér á landi, sem eru sýnilegri með notkun starfsmanna á vettvangi, eru starfsmenn Nortek meira „mennirnir á bak við tjöldin“ að sögn Björgvins Tómassonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, og vísar þar í þekkt atriði með Spaugstofunni. „Við fókusum á tæknina sjálfa og réttu tækin. Við erum stolt af því að fagna 20 ára afmæli í ár en fyrirtækið var stofnað á Akureyri á sínum tíma. Í dag rekum við tvær starfsstöðvar, eina á Akureyri og aðra í Reykjavík.“

> **Við fókusum á tæknina sjálfa og réttu tækin. Við erum stolt af því að fagna 20 ára afmæli í ár en fyrirtækið var stofnað á Akureyri á sínum tíma.**
>
> *Björgvin Tómasson*

### Hrunið breytti miklu

Viðskiptavinir Nortek eru um allt land og í ólíkum greinum þótt sjávarútvegsfyrirtækin séu fyrirferðarmikil. Það var einmitt eftir bankahrun sem starfsmenn fyrirtækisins hófu að beina sjónum sínum enn frekar að sjávarútvegi að sögn Björgvins. „Við höfum mikla vöruþróun á þeim tíma og þá helst í kringum fiskiskipin okkar. Núna erum við t.d. með sjö stór verkefni í skipasmíðastöðvum í Tyrklandi. Þar er verið að smíða skip í ýmsum stærðum fyrir nokkrar stórar íslenskar útgerðir, þ.á m. Samherja, Fisk Seafood, Útgerðarfélag Akureyringa og HB Granda. Búnaður sem við útvegum í þessi skip er m.a. brunavarnarkerfi, myndavélakerfi, orkustjórnunarkerfi, upplýsingakerfi og gagnaver með kælingu svo eitthvað sé nefnt.“

### Gott sýningarhús

Mikil tilhlökkun er meðal starfsmanna Nortek vegna sjávarútvegssýningarinnar að sögn Björgvins. Sjálfur segist hann gríðarlega ánægður með sýninguna og ekki síður staðsetninguna. „Ég hef alltaf verið hrifinn af Laugardagshöllinni, sérstaklega nýja frjálsíþróttahúsinu, sem er að mínu mati sérstaklega gott sýningarhús. Þar er t.d. mun betri hljóðvist en víðast hvar annars staðar sem er mjög gott fyrir bæði sýnendur og sýningargesti.“

Nortek, ásamt dótturfyrirtæki sínu Nordata, verður með einn af stærstu básum sýningarinnar (B-13) auk þess að vera með rúmgott útisvæði. „Tilefnið er fyrst og fremst 20 ára afmæli Nortek í ár og vildum við því gera eitthvað eftirminnilegt af því tilefni. Við verðum þar fyrst og fremst til að styrkja tengslin við viðskiptavini okkar. Íslenski markaðurinn er auðvitað lítill og eftir 20 ár þekkjum við þá marga vel en það er alltaf gaman að kynnast nýjum líka. Svona sýning er líka mikilvæg almennt fyrir útgerðina og fiskvinnsluna í landinu því nær allir sölu- og þjónustuaðilar verða þar undir einu þaki. Þannig geta flestir spjallað saman á meðan sýningin stendur yfir í stað þess að eyða mörgum dögum í að ferðast á milli birgja.“




„Svona sýning er líka mikilvæg almennt fyrir útgerðina og fiskvinnsluna í landinu því nær allir sölu- og þjónustuaðilar verða þar undir einu þaki,“ segir Björgvin Tómasson, framkvæmdastjóri Nortek, sem tekur þátt í Sjávarútvegi 2016. MYND/ANTON BRINK

# Íslenskur sjávarútvegur og markaðsstarf erlendis

**Íslandsstofa** og forverar hennar hafa sinnt þjónustu við íslenskan sjávarútveg í um 30 ár. Fyrirtækjum í framleiðslu og sölu á sjávarafurðum, sem og fyrirtækjum sem þjónusta sjávarútveginn, býðst fjölbreytt þjónusta, allt frá ráðgjöf og aðstoð í undirbúningi útflutnings, til þátttöku í markaðsverkefnum á erlendum mörkuðum.

### Markaðsstarf Iceland Responsible Fisheries

Íslandsstofa kynnir íslenskar sjávarafurðir undir merkjum Iceland Responsible Fisheries skv. samningi við Ábyrgar fiskveiðar ses. Kynningin miðar að því að treysta stöðu sjávarafurða á erlendum mörkuðum og styrkja ímynd Íslands sem upprunalands sjávarafurða þar sem stundaðar eru ábyrgar fiskveiðar. Vottun fiskistofna skiptir miklu í markaðsstarfinu, en hún staðfestir ábyrga fiskveiðistjórnun og góða umgengni um vistkerfi sjávar. Á vefnum ResponsibleFisheries.is er að finna ítarlegar upplýsingar um vottunarverkefnið, þátttöku fyrirtækja o.fl.

### Lífið er saltfiskur – í Suður-Evrópu

Fyrirtækjum í framleiðslu og sölu á söltuðum þorskafurðum býðst að taka þátt í markaðsverkefni sem miðar að því að styrkja stöðu saltaðra þorskafurða á Spáni, Ítalíu og í Portúgal. Gæði, ferskleiki og fagmennska eru meginskilaboðin og íslenska sjávarþorpið er í öndvegi í kynningunni sem er unnin undir slagorðinu „Smakkaðu og deildu leyndarmáli íslenska þorsksins (bacalao)". Áhersla hefur verið á viðburði erlendis, samstarf við matreiðslumenn og dreifingaraðila erlendis, kynningar í kokkaskólum, notkun samfélagsmiðla auk þess sem blaðamönnum hefur verið boðið til Íslands til að kynna sér upprunalandið.



Sergi Arola og Eneko Atxa, Michelin-stjörnukokkar, voru með sýnikennslu fyrir gesti á Madrid Fusion, einni virtustu matarráðstefnu heims.



Björgvin Þór Björgvinsson, Andri Marteinsson og Berglind Steindórsdóttir, starfsmenn Íslandsstofu, á sjávarútvegssýningunni í Brussel að kynna íslenskar sjávarafurðir og tæki og búnað fyrir sjávarútveg.

### Að sýna sig og sjá aðra

Íslandsstofa skipuleggur þátttöku fyrirtækja í sjávarútvegssýningum og kaupstefnum erlendis sem og ferðir viðskiptasendinefnda. Á sýningum í Boston, Brussel og Qingdao í Kína eru þjóðarbásar undir merkjum Íslands sem tryggir meiri slagkraft í kynningu og markaðsstarfi.

### Hugvit og lausnir fyrir sjávarútveg

Íslandsstofa vinnur að því að auka áhuga og eftirspurn erlendis eftir íslensku hugviti og lausnum sem miða að aukinni nýtingu sjávarfangs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi.

### Renndu ekki blint í sjóinn

Með ráðgjöf, þjálfun og miðlun upplýsinga til fyrirtækja sem sækja á erlenda markaði, er lagður grunnur að góðum undirbúningi markaðssóknar og vali á markaði. Alþjóðlegt net ráðgjafafyrirtækja og viðskiptafulltrúa í sendiráðum Íslands erlendis, veitir íslenskum fyrirtækjum aðstoð á markaði og við að finna rétta samstarfsaðilana.

Íslenskum fyrirtækjum stendur til boða að taka þátt í ýmsum verkefnum og námskeiðum á vegum Íslandsstofu til að auka færni og möguleika á árangri í útflutningi. Má þar nefna útflutningsverkefnið ÚH og handleiðsluverkefnið Útstím.

**Nánari upplýsingar á islandsstofa.is og responsiblefisheries.is.**














Þegar togvírnum er spólað fullkomlega undir stöðugu átaki er núningur í lágmarki þannig að togvírinn endist mun betur.



Taugin fer í gegnum vírastrekkitækið á hafnarbakkanum. Þetta leiðir til þess að togvírinn er undir stöðugu átaki í gegnum allt innsetningarferlið.

# Átaksvindur eru góð viðbót við þjónustunet Hampiðjunnar

Ný þjónusta **Hampiðjunnar** í notkun á vírastrekkitæki hefur reynst bylting fyrir togara sem þurfa að taka nýja togvíra og togtaugar um borð. Tæknin hefur verið notuð í Danmörku í yfir ár en nú hafa undirstöður fyrir slíkt tæki verið settar upp í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Síðan verður þessi þjónusta líka í boði á næsta ári í Neskaupstað, þegar nýtt netaverkstæði Fjarðaneta verður tekið í notkun í lok árs 2017.

Haraldur Árnason hjá Hampiðjunni segir að vírastrekkitækið sé raunar ekki nýtt af nálinni því að tækin, sem framleidd eru af fyrirtækinu Ibercisa á Spáni, hafi verið notuð erlendis og þá aðallega fyrir olíuiðnað og því sé nýjung að nota þau við þjónustu fiskiskipa.

„Við höfum notað vírastrekkitæki hjá Cosmos Trawl, í Hirtshals í Danmörku, í rúmt ár með mjög góðum árangri. Tuttugu skip hafa notast við þessa nýju þjónustu og hafa viðskiptavinir okkar verið mjög sáttir við niðurstöðuna og þjónustuna," segir Haraldur.

### Einföld en skilvirk aðferð

Haraldur útskýrir virknina. „Grundvallaratriðið er einfalt; nýir togvírar eða DynIce taugar eru átaksstrekktir inn á togspil skipanna, en í stað þess að fara beint af tromlunni verður til millistig þar sem taugin fer í gegnum vírastrekkitækið á hafnarbakkanum. Þetta leiðir til þess að togvírinn er undir stöðugu átaki í gegn um allt innsetningarferlið."

Þegar togvírinn er tekinn inn á gamla mátann er átakið breytilegt, og það verður ávallt einhver núningur á milli víranna. Þegar togvírnum er spólað fullkomlega undir stöðugu átaki er núningur í lágmarki þannig að togvírinn endist mun betur. „Við gerum ráð fyrir að hann endist einu og jafnvel tveimur árum lengur," segir Haraldur.

### Fyrsta skipti sem togvírarnir raðast 100% rétt

„Þetta er bráðnauðsynlegt tæki og ég skil það hreinlega ekki hvernig maður fór eiginlega að hér áður fyrr. Það er ekki eins og maður hafi ekki tekið nýja togvíra um borð fyrr, en þetta er í fyrsta skiptið sem þeir raðast rétt inn á spiltromlurnar. Munurinn er ótrúlegur og allt hefur virkað fullkomlega."



Haraldur Árnason framkvæmdastjóri hjá Hampiðjunni. MYND/GVA

> Þetta er bráðnauðsynlegt tæki og ég skil það hreinlega ekki hvernig maður fór eiginlega að hér áður fyrr. Þetta er í fyrsta skiptið sem þeir raðast rétt inn á spiltromlurnar.
>
> *Jón Valgeirsson, skipstjóri Bergey VE*

Þetta segir Jón Valgeirsson, skipstjóri á togaranum Bergey VE, en fyrir síðustu veiðiferð var skipt um togvíra skipsins og nýir vírar teknir um borð. Vírarnir voru keyptir hjá útibúi Hampiðjunnar í Vestmannaeyjum og þeim var komið fyrir á spilunum undir álagi með nýju vírastrekkitæki sem Hampiðjan í Vestmannaeyjum setti upp á bryggjunni á athafnasvæði félagsins fyrr í sumar. Þetta er fyrsta tækið sinnar tegundar á Íslandi en að sögn Inga Freys Ágústssonar, netagerðarmeistara og útibússtjóra Hampiðjunnar í Eyjum, hefur sambærilegt tæki verið í notkun hjá Cosmos Trawl, dótturfélagi Hampiðjunnar í Danmörku, með góðum árangri í u.þ.b. eitt ár.



Nýr togvír tekinn um borð í togara í Hirtshals í Danmörku



Vírarnir raðast 100% rétt. Hér er spiltromla á Bergey VE.

Spöng & Eiðistorg

# Mexíkó dagar




## HÆGELDAÐAR KJÚKLINGABRINGUR Í JALAPENO-JÓGÚRT MARINERINGU BORNAR FRAM Í TACOSKELJUM MEÐ MAÍSBAUNA- OG RADÍSUSALSA

600 g kjúklingabringur
1 dós hrein jógúrt
3 msk jalapeno relish
2 msk fersk mynta
1 tsk cumin
2 msk hunang
1 msk paprikuduft
1 tsk sjávarsalt

Setjið allt hráefnið nema kjúklingabringurnar í skál og blandið saman. Skerið bringurnar langsum í 3 parta og setjið í eldfast mót, hellið blöndunni yfir kjúklinginn og látið marinerast í ca. 5 tíma. Bakið við 150°C í 35 mín.

*Maísbauna- og radísusalsa*
200 g niðursoðin maís
1 stk vorlaukur (fínt skorinn)
½ stk rauður chili (fínt skorinn)
1 poki radísur (fínt skornar)
½ stk agúrka
1 tsk cumin
2 msk majónes
2 msk fínt skorin mynta
2 stk lime
sjávarsalt
1 pakki tacoskeljar
½ stk icebergsalathaus

Skerið gúrkuna langsum og skafið kjarnann úr henni með skeið. Skerið gúrkuna svo fínt niður. Bætið öllu hráefninu nema tacoskeljunum og iceberginu út í og blandið saman með sleif og smakkið svo til með limesafanum og saltinu. Skerið icebergsalatið í þunnar ræmur og setjið í botninn á tacoskeljunum. Leggið síðan kjúklingabringurnar ofan á það og setjið í lokin vel af salsanu.




**UNGNAUTA-HAKK**
**1.815**kr/kg
verð áður **2.269**




**UNGNAUTA-STRIMLAR**
**2.959**kr/kg
verð áður **3.699**




**MÍNÚTUSTEIK**
**3.999**kr/kg
verð áður **4.999**

## KÍKTU Á ÚRVALIÐ Á FERSKUM PIPAR Í HAGKAUP



**PIPAR STYRKLEIKI**

| SCOVILLE STYRKLEIKASKALI | PIPAR TEGUNDIR |
|---|---|
| 1.500.000 | VARÚÐ! TRINIDAD SCORPION |
| 800.000 | JOLOKIA (GHOST PEPPER) |
| 350.000 | HABANERO RAUÐUR, SCOTCH BONNET, HABANERO APPELSÍNUGULUR |
| 100.000 | STERKUR! HAIMEN |
| 80.000 | THAI |
| 30.000 | |
| 20.000 | MEÐAL CAYENNE |
| 10.000 | CHIPOTLE |
| 5.000 | MILDUR/MEÐAL |
| 1.000 | JALAPENO, POBLANO |
| 800 | CHILLI RAUÐUR, CHILLI APPELSÍNUGULUR |
| 500 | CHILLI GRÆNN |
| 400 | |
| 300 | MILDUR SANTE FEE |
| 200 | PIMENTO |
| 100 | |
| 0 | PAPRIKA |



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ég ætla að nýta látbragðsleikinn og fara í karakter

**Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur ætlar að stíga inn á Söguloft Landnámsseturs í kvöld og segja sögu langafa síns, stórathafnamannsins Thors Jensens sem kom til Íslands fjórtán ára allslaus drengur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Söguloft Landnámssetursins í Borgarnesi hefur verið vettvangur fjölbreyttra og skemmtilegra viðburða á síðustu árum. Þetta fyrrum pakkhús, reist fyrir tilstilli Thors Jensens athafnamanns á sínum tíma, var nýtt sem birgðaskemma fyrir verslunina allt til ársins 1970. Saga hússins er því samofin sögu Thors Jensens en í kvöld ætlar rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson að segja sögu þessa merka langafa síns.

### Sitja uppi með mig

Guðmundur Andri tekur því þó með öllum fyrirvara að hann sé að fara að leika á Söguloftinu í kvöld þó svo þar hafi sitthvað frægra leikara stigið á svið. „Segja frá, skulum við kalla það,“ segir Guðmundur Andri og hlær. „En um leið og maður kemur þarna inn á Söguloftið þá fyllist maður einhverjum anda. Þetta er gamli baðstofufílingurinn sem ríkti á Íslandi um aldir. Svo skemmir nú ekki fyrir að Thor Jensen skyldi hafa látið reisa þetta hús árið 1889 þegar hann var þarna verslunarstjóri.“

Aðspurður hvað hafi orðið til þess að Guðmundur Andri sé að fara að segja sögu langafa síns þá segir hann að hann hafi nú einfaldlega verið beðinn um það. „Það var ekkert flóknara. Kjartani og Sirrý hjá Landnámssetrinu fannst að það þyrfti að nefna Thor Jensen á þessum stað og ég hef það fram yfir marga að vera afkomandi hans. En það er náttúrulega fullt af fólki sem veit miklu meira um hann og er betur til þess hæft en ég og svo eru líka til leikarar sem hefðu getað leikið hann en þau sitja uppi með mig.“

Guðmund Andra rekur fyrst minni til þess að hafa heyrt langafa síns getið þegar hann var um sex ára gamall. „Það var þegar hundrað ára afmæli Thors Jensens var haldið og þá komu allir afkomendur hans saman. Ég man aðeins eftir þessari samkomu og það er til mynd af mér þarna þar sem ég sit á gólfinu. Næst heyrði ég hans svo getið seint og síðar meir. Pabbi fór að segja mér frá honum þegar ég fór að eldast en hann hafði haft heilmikið af þessum afa sínum að segja. Pabbi bar mikla virðingu fyrir þessum afa sínum þannig að er ég alinn upp við gott umtal um hann og allt þetta fólk.“

### Frumkvöðull

Thor Jensen kom hingað aðeins fjórtán ára gamall, allslaus ungur maður og Guðmundur Andri segist rekja þessa forvitnilegu sögu á Söguloftinu. „Hann hafði verið á skóla frá tíu ára aldri, þar lærði hann verslun sem iðn, en Danir taka verslun sem iðn en ekki glæpastarfsemi eins og Íslendingar gera, en eftir það nám kemur þriggja ára starfsnám og honum bauðst þá að fara í slíkt á Borðeyri. Þess vegna siglir hann hingað og það svona markar upphaf þessarar sögu.

Ævi þessa manns var merkileg og það er með ólíkindum hvað hann kom miklu í verk og fitjaði upp á mörgu. Hann var náttúrulega eins konar landnámsmaður og dreymdi stóra drauma um Ísland. Hann sá hér óskaplega mikla möguleika og fannst einhvern veginn að aðeins það besta væri nógu gott fyrir Ísland.“

Thor Jensen var af þeirri kynslóð sem mótaði íslensku þjóðina ákaflega mikið og Guðmundur Andri tekur undir það. „Já, vissulega og líf hans var í bókstaflegum skilningi forsenda fyrir tilveru minni þar sem ég væri ekki til ef hann hefði ekki verið til. En það er líka þannig að störf hans og annarra af hans kynslóð eru forsenda fyrir lífskjörum okkar hér. Hann var mikill frumkvöðull í togaraútgerð sem varð til þess að miklir peningar komu inn í landið eftir að þeir höfðu vart sést hér frá landnámsöld. Þannig að athafnir þessarar kynslóðar mótuðu líf okkar sem á eftir komu svo sannarlega mikið.“



Guðmundur Andri Thorsson lýgur því brosandi að það verði ör búningaskipti og mikið sjónarspil í frásögn hans um Thor Jensen á Söguloftinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Látbragðsleikur

Þessi kynslóð átti einnig stóran þátt í því að móta menningarlíf í Reykjavík framan af síðustu öld og Guðmundur Andri þekkir einnig til þeirrar sögu. „Já, mikil ósköp. Það er dæmi um slíkt við Fríkirkjuveg 11, húsið sem oft er kennt við langafa, en þar í kjallaranum er leiksvið. Þar var ég raunar sjálfur í látbragðsskóla með börnum intellígensíunnar á sínum tíma og kom fram á þessu leiksviði. Þannig að hann var menningarforkólfur og synir hans styrktu líka listamenn. Þar á meðal Halldór Laxness til þess að skrifa Vefarann, þar sem hann gerði grín að þeim, og eins styrktu þeir Stefán Íslandi með því að borga honum kaup til þess að vera í söngnámi svo eitthvað sé nefnt.“

Nú er komið að því í kvöld að Guðmundur Andri stígur á svið á Söguloftinu og aftur annað kvöld og þá væri nú forvitnilegt að vita hvort að hann hyggist sækja í smiðju látbragðsleiksins í kjallaranum að Fríkirkjuvegi 11. „Jú, ég verð að nýta það og fara í karakter. Þetta verður mikið sjónarspil, ör búningaskipti, mikið props og flugeldasýning í lokin en ég er auðvitað að ljúga þessu,“ segir Guðmundur Andri og hlær prakkaralega.“

# Listin að lifa og deyja

LEIKHÚS

**Maður sem heitir Ove**

★★★★☆

**Byggt á skáldsögu eftir Fredrik Backman**

**Kassi Þjóðleikhússins**

**Leikgerð:** Marie Persson Hedenius, Johan Rheborg og Emma Bucht
**Leikari:** Sigurður Sigurjónsson
**Leikstjórn:** Bjarni Haukur Þórsson
**Leikmynd og búningar:** Finnur Arnar Arnarson
**Lýsing:** Magnús Arnar Sigurðarson
**Tónlist:** Frank Hall
**Hljóðmynd:** Kristján Sigmundur Einarsson og Frank Hall
**Þýðing:** Jón Daníelsson



Sigurður Sigurjónsson leikari er á meðal allra bestu leikara þjóðarinnar segir í dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ef heilt þorp þarf til að ala upp barn er þá ekki sanngjarnt að heilt þorp styðji einstakling síðustu sporin í lífinu? Kassi Þjóðleikhússins hefur nú verið opnaður fyrir haustið og fyrsta sýningin að þessu sinni er leikgerðin Maður sem heitir Ove, byggð á sænsku metsölubókinni eftir Fredrik Backman, en handritið er úr smiðju þeirra Marie Persson Hedenius, Johans Rheborg og Emmu Bucht. Aftur á móti er potturinn og pannan á bak við sýninguna þúsundþjalasmiðurinn Bjarni Haukur Þórsson sem hefur verið að gera það gott erlendis síðustu árin.

Ellilífeyrisþeginn og ekkillinn Ove vaknar klukkan korter í sex á hverjum morgni, án vekjaraklukku, og klukkan tíu mínútur í sex kveikir hann á kaffivélinni, hans síðasta morgunverk er að fara í eftirlitsferð um götuna sína. Vanaverkin eru grunnstoðir tilvistar hans en eftir skelfilegan missi tapar Ove kjölfestunni. Hann riðar nánast til falls og kýs frekar snöruna en að falla til jarðar.

Áður en lengra er haldið verður að koma ákveðnu atriði á hreint: Sigurður Sigurjónsson er ekkert annað heldur en einn af albestu leikurum þjóðarinnar. Þess væri óskandi að hann fengi að spreyta sig á höfuðverkum Williams Shakespeare eða annarri klassík hið fyrsta. Í hlutverki Ove sýnir hann fádæma tækni og lipra tímasetningu án þess að byggja framsetninguna á ýkjum eða geiflum.

Persónugallerí sýningarinnar er fjölbreytt, þó stundum skorti sumar þeirra dýpt, en Sigurður dregur fram blæbrigði hvers og eins með látlausum leik. Í þeim mætist bæði kómík og drama, sorgir og ástir. Nágrannarnir Parvaneh, Patrick, Adrían og fleiri sýna fúlegginu Ove að lífið sé þess virði að lifa með væntumþykju og hlýju, án þess að segja neitt beint.

En í persónugalleríinu liggur einnig einn galli sýningarinnar og sýnir skýrt mörkin á milli leikgerða og frumsaminna leikrita: leikgerðin getur stuðst við persónusköpun bókarinnar og þá er hætta á því að leikverkið þynnist. Það er nefnilega freistandi að draga upp einfaldar persónur og leyfa áhorfendum að fylla inn í eyðurnar með upplýsingum úr grunnverkinu.

Bjarni Haukur er ekki að finna upp hjólið hvað leikstjórnina varðar. Hann gefur Sigurði pláss til að vinna og setur frásögn Ove í forgang frekar en sýninguna sjálfa. En í umgjörðinni liggur hinn galli sýningarinnar: hún er ekki nægilega góð. Leikmyndina hannar Finnur Arnar Arnarsson, hún er algjörlega flöt og frekar óspennandi, virðist vera eins konar viðbót frekar en partur af sýningunni. Aftur á móti er lýsing Magnúsar Arnar Sigurðarsonar vel heppnuð og gefur heimi Ove dýpt, og tilvist kattarfjandans er sköpuð á snotran hátt.

Í höndum verri leikara væri Maður sem heitir Ove varla nema miðlungsgóð sýning en frammistaða Sigurðar, sem á öruggLega eftir að verða jafnvel enn þá betri með tímanum, nægir til að hífa Ove upp úr meðalmennskunni og ofan í hjörtu áhorfenda. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hugljúf sýning sem Sigurður Sigurjónsson ber uppi.


GÖNGUSKÓDAGAR
ÚT MÁNUDAG
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM*
Hágæða gönguskór frá Meindl, The North Face, Scarpa o.fl.
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

SAMBÍÓIN SAMbio.is

TOM HANKS ★★★★½ VARIETY ★★★★½ HOLLYWOOD REPORTER ★★★★½ SEATTLE TIMES ★★★★★ CHICAGO SUN-TIMES
Nýjasta stórmynd Clint Eastwood
SULLY

BRIDGET JONES'S BABY ★★★★ EMPIRE ★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

CHAN KNOXVILLE ★★★★ ROGEREBERT.COM
Geggjuð grín-spennumynd
SKIPTRACE

Jason Statham er grjótharður í þessari mögnuðu spennumynd
MECHANIC

WAR DOGS ★★★★½ VARIETY

Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna ★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
Sýnd með íslensku tali
ROBINSON CRUSOE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 5:40 - 8 - 10:10 |
| SULLY VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 |
| BLAIR WITCH | KL. 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 |
| KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ÍSL TAL | KL. 3:20 - 5:40 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 4 - 6 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 3:20 - 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL TAL 2D | KL. 4 - 6 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SULLY | KL. 6:50 - 9 - 10:10 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 5:50 - 10:30 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| BEN-HUR | KL. 8 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 10:10 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 - 10:40 |
| SULLY | KL. 8 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 6 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL TAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 8 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BLAIR WITCH | KL. 10:20 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSL TAL | KL. 6 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

BRIDGET JONES'S BABY
87% - ROTTENTOMATOES ★★★★ - GUARDIAN
DON'T BREATHE
FORELDRABÍÓ
BRIDGET JONES BABY
KL. 12 Í DAG Í SMÁRABÍÓI
michael bublé
HÁSKÓLABÍÓI 25. SEPTEMBER
FORSALA HAFIN
★★★★★ - HS, MORGUNBLAÐIÐ
EIÐURINN
KUBO
SHALLOWS ★★★
Þétt og örugg uppbygging, flottur hákarlatryllir
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
RELATIONSHIP STATUS: BEYOND COMPLICATED
BRIDGET JONES'S BABY
EIÐURINN
KUBO
TILBOÐ KL 3:30

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BRIDGET JONES'S BABY | 5:30, 8, 10:10 |
| EIÐURINN | 5:30, 6, 8, 9, 10:20 |
| KUBO 2D ÍSL.TAL | 3:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 3:30 |
| NÍU LÍF | 3:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## 23. SEPTEMBER

### Tónlist

**Hvað?** DJ Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgata 12
Styrmir, sonur dansins, verður að spila alls konar hrærigraut af geggjuðu stöffi á nafnlausa staðnum Hverfisgötu 12.

**Hvað?** Rökkvi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Jógvan Joensen og Rógvi Odvørson spila færeyska tóna í Norræna húsinu enda eru þeir svo sannarlega frá Færeyjum. Frítt inn.

**Hvað?** Foreign Land
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressó, Austurstræti
Stuðsveitin Foreign Land verður hress á Hressó, eins og vera ber og mun spila nokkur vel valin lög. Sveitina skipa þau Brynjar Már Karlsson, Einar Rúnarsson, Einir Guðlaugsson, Haraldur Gunnlaugsson, Haukur Hafsteinsson, Jóhann Jón Ísleifsson og Rakel María Axelsdóttir.

**Hvað?** Fusion Groove & Logi Pedro
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Stór dagur í sögu djammsins í Reykjavík. Fusion Groove byrjar kvöldið og kemur fólki í gott grúv áður en ljósin verða deyfð og sjálfur konungur næturlífsins, Logi Pedro Stefánsson, stígur úr skugganum sveipaður reykmekki og hendir nettustu tónlist í heiminum í dag á fóninn. Yfirleitt ætlar allt um koll að keyra þegar þessi drengur heiðrar Prikið með nærveru sinni og það er vel hægt að gera ráð fyrir að það breytist ekki þetta kvöldið.

**Hvað?** Aisha Orazbaeyva – Telemann + Sciarrino & Nono ásamt Unu Sveinbjarnardóttur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Fiðluleikarinn knái Aisha Orazbayeva flytur tónlist fyrir einleiksfiðlu eftir Telemann, Luigi Nono og Salvatore Sciarrino. Aisha er að fylgja eftir nýjustu hljómplötu sinni á þessu tónleikaferðalagi sínu. Una Sveinbjarnardóttir mun leika með Aishu í hluta tónleikanna.

**Hvað?** Upphitun fyrir Deathfest
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Hljómsveitin Skinned er á tónleikaferðalagi og byrjar túrinn í Reykjavík á þessu sérstaka upphitunarkvöldi fyrir sjálfa dauðahátíðina. Ásamt henni verða þarna böndin Severed, Hubris og hljómsveitin Grit Teeth sem verður þarna að skemma tennurnar í grunlausum gestum. 1.000 krónur inn.

**Hvað?** Reggae kvöld
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** BarAnanas, Klapparstíg
Elvar, sem allir þekkja úr RVK Soundsystem, ætlar að spila tónlist frá Karíbahafinu á barnum sem er kenndur við suðræna ávöxtinn ananas. Í massalægð eins og gengur núna yfir landið er mjög mikilvægt að gera gott úr aðstæðum og hverfa til hlýrri aðstæðna – að minnsta kosti í huganum. Hér er kjörinn vettvangur fyrir svoleiðis.


**Olga Sonja er heilinn á bak við STRIPP sem verður sýnt í Tjarnarbíói í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Neon Demon | 17:30, 20:00, 22:30 |
| Viva ENG SUB | 18:00 |
| Sigur Rós: Heima ENG SUB | 18:00 |
| Yarn ENG SUB | 20:00 |
| Þrestir / Sparrows ENG SUB | 20:00 |
| Me Before You | 22:00 |
| 101 Reykjavík ENG SUB | 22:00 |

THE NEON DEMON
YARN

**Hvað?** Sin Fang og Tilbury
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Sin Fang var að gefa út geggjaða plötu og Tilbury er á leiðinni að gefa út plötu á þessu ári þannig að það er víst að þarna verði hellingur af brakandi ferskri tónlist spilaðri við bestu aðstæður. 2.000 krónur inn.

**Hvað?** Dúndurfréttir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hvíta húsið, Selfossi
Fyrir skömmu fagnaði bandið Dúndurfréttir 20 ára afmæli sínu en sveitin hefur allan þennan tíma verið að flytja klassískt rokk og mun halda því áfram í kvöld.

**Hvað?** Ball með Stuðlabandinu
**Hvenær?** 00.00
**Hvar?** Mælifell, Sauðárkróki
Sunnlenska hljómsveitin Stuðlabandið ætlar að halda alvöru sveitaball í Skagafirðinum. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Laufskálaréttargleði
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Miðgarður, Varmahlíð
Þeir Alex Már, Jón Gestur og Sigvaldi ætla að halda uppi stuðinu í Miðgarði en þar verður barstemming og dansgólf í kvöld enda Laufskálarétt fram undan. Miðaverð 1.500 kr. og 18 ára aldurstakmark.

## Fyrirlestur

**Hvað?** NATO og mikilvægi GIUK-hliðsins
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
Opinn Varðbergsfundur í Safnahúsinu. Clive Johnstone, flotaforingi og yfirmaður sameiginlegrar flotastjórnar NATO, heldur ræðu.

## Karókí

**Hvað?** Kvikmyndakarókí Hits & tits
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn, Háskóla Íslands
Dúóið Hits & tits, þær Margrét Erla Maack og Ragnheiður Maísól Sturludóttir, halda sérstakt kvikmyndakarókíkvöld í tilefni af RIFF. Þarna verður kvikmyndatónlist gert hátt undir höfði og hvort sem gestir vilja vera Sandy og Danny eða syngja eitthvert töffaralag úr Tarantino-mynd, er lofað miklu stuði.

## Sýningar

**Hvað?** Hugleikur Dagsson og Lóa Hjálmtýsdóttir
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Vínyl, Hverfisgötu
Nú stendur yfir sýning á verkum Hugleiks Dagssonar og Lóu Hjálmtýs í Vínyl. Húmorinn er ávallt hafður að leiðarljósi hjá þeim tveimur og auðvitað er hægt að fjárfesta í verkunum þeirra.

**Hvað?** Stripp
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Aukasýning á sýningunni Stripp fer fram í kvöld vegna þeirra gífurlegu vinsælda sem sýningin hefur hlotið. Leikhópurinn Dance for Me stendur að sýningunni en hún byggir á reynslu Olgu Sonju af því að hafa starfað sem strippari í Berlín á meðan hún var þar í námi. Athugið að hluti sýningarinnar fer fram á ensku. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Stertabenda
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Kúlan, Lindargötu
Stertabenda var útskriftarsýning Grétu Kristínar Ómarsdóttur frá sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands síðasta vor. Nú er Stertabenda sett upp í Kúlunni í samstarfi við Þjóðleikhúsið og aðeins örfáar sýningar á dagskrá. Miðaverð 3.500 krónur.

# Skilnaðadrottningin fer með mál Angelinu

Brad Pitt vill ekki veita Angelinu Jolie forræði yfir börnum þeirra sex. Þetta kemur fram í frétt TMZ um skilnað þeirra hjóna, en vefsíðan varð fyrst til að segja frá skilnaði þeirra á þriðjudag. Brad og Angelina hafa verið saman í tólf ár og gengu í hjónaband fyrir tveimur árum.

Í skilnaðarskjölunum kemur fram að Angelina fari fram á fullt forræði yfir sex börnum þeirra hjóna og vilji einungis veita Brad umgengnisrétt. Heimildarmaður TMZ segir að Brad sé ekki tilbúinn til að ganga að þeim skilmálum og vilji sameiginlegt forræði. TMZ hefur einnig heimildir fyrir því að Brad sæti nú rannsókn barnaverndarnefndarinnar í Los Angeles vegna nafnlausrar tilkynningar um að hann hafi beitt börn sín líkamlegu og andlegu ofbeldi. Atvikið sem um ræðir á að hafa átt sér stað um borð í einkaþotu og var leikarinn sagður undir áhrifum áfengis.

Lögfræðingur Angelinu staðfesti fregnirnar á þriðjudag og sagði að leikkonan hefði sótt um skilnað til að viðhalda „heilbrigði fjölskyldunnar“ en vilji ekki tjá sig frekar um málið.

Lögfræðingurinn Laura Wasser sem fer með málið fyrir hönd Angelinu hefur sinnt mörgum sambærilegum málum og hlotið viðurnefnið „disso queen“, eða skilnaðadrottningin. Á meðal fyrrverandi skjólstæðinga hennar eru Johnny Depp, Kim Kardashian, Heidi Klum, Stevie Wonder, Mariah Carey og Britney Spears. Laura sinnir svo mörgum skilnaðarmálum fyrir fræga einstaklinga að hún hefur ráðlagt skjólstæðingum sínum að hinkra ögn og sækja um skilnað á sama tíma og önnur stjörnupör í þeim tilgangi að minnka fjölmiðlafárið í kringum fregnirnar.

„Stundum segi ég við skjólstæðinga mína: Það er annað par, ég get ekki sagt hver þau eru, en þú ættir að hinkra ögn og sækja um skilnað á sama tíma og þau,“ var haft eftir henni.

Brad og Angelina kynntust árið 2004 við tökur á myndinni Mr. and Mrs. Smith. Brad var þá kvæntur leikkonunni Jennifer Aniston. Þetta er því annar skilnaður Brads og þriðji skilnaður Angelinu, en hún var áður gift Billy Bob Thornton (2000-2002) og Jonny Lee Miller (1996-1999).



**Fjölskyldan var dugleg að ferðast heimsálfanna á milli.** MYND/GETTY


*Gæði og glæsileiki*
*endalaust úrval af hágæða flísum*



Finndu okkur á facebook

CARPET VESTIGE

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Pretty little liars**
**08.50 The Middle.**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The Smoke**
**11.05 Restaurant Startup**
**11.45 Grand Designs: House of the Year** Frábærir þættir þar sem kynnirinn Kevin McCloud heimsækir nokkur glæsilegustu hús í Bretlandi.
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Heaven is for Real**
**14.40 Mona Lisa Smile**
**16.35 Chuck**
**17.15 Tommi og Jenni**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**19.20 Impractical Jokers**
**19.45 The X-Factor UK**
**20.45 The X-Factor UK** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið situr söngkonan Nicole Scherzinger og svo hinn kunni umboðsmaður Louis Walsh en hann er sá sem stofnaði hið víðfræga strákaband Boyzone og að lokum hinn fjölhæfi framleiðandi Sharon Osbourne.
**21.45 Southpaw**
**23.45 Peace, Love &Misunderstanding** Gamanmynd frá árinu 2011 með þeim Jane Fonda, Catherine Keener og Kyle MacLachlan í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um þau Diane og Mark sem eru að skilja og Diane ákveður að fara með börnin þeirra tvö í heimsókn til móður sinnar sem hún hefur ekki hitt í 20 ár.
**01.15 The Big Nothing**
**02.40 Gimme Shelter** Sannsöguleg mynd sem fjallar um Apple, ólétta unglingsstelpu sem býr hjá ofbeldisfullri og eiturlyfjasjúkri móður sinni. Hún ákveður að strjúka frá henni og freista þess að finna pabba sinn og möguleika á betra lífi. Þegar hún finnur hann býður hann henni að búa hjá sér og fjölskyldu sinni en Apple er illa farin eftir harkalegt uppeldi móður sinnar. Hún á erfitt með að fóta sig í lífinu og hefur áhyggjur af framtíð sinni og ófædds barnsins. Með aðalhlutverk fara Vanessa Hudgens, Brendan Fraser og Rosario Dawson.
**04.20 That Awkward Moment**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Barcelona - Atletico Madrid**
**08.45 Northampton - Man. Utd.**
**10.30 LA Rams - Seattle Seahawks**
**13.15 Þýski boltinn**
**14.55 Þýski boltinn**
**16.35 Stjarnan - ÍA**
**18.25 Þýski boltinn**
**20.30 PL Match Pack**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 La Liga Report**
**22.00 Leicester - Chelsea**
**23.40 Premier League World**
**00.10 PL Match Pack**
**00.40 Premier League Preview**
**01.10 Bundesliga Weekly**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory** Níunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Lip Sync Battle**
**20.20 Silicon Valley**
**20.50 NCIS: New Orleans**
**21.35 The Sandhamn Murders**
**22.20 Fresh off the Boat** Önnur syrpa þessara gamanþátta um taívanska fjölskyldu sem flytur til Ameríku á tíunda áratugnum og freistar þess að fá að upplifa ameríska drauminn.
**22.45 Supernatural**
**23.25 Fóstbræður**
**23.50 Entourage**
**00.20 Lip Sync Battle**
**00.40 Silicon Valley**
**01.10 NCIS: New Orleans**
**01.50 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.37 Stóri og Litli**
**09.49 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Latibær**
**10.25 Brunabílarnir**
**10.47 Mæja býfluga**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.37 Stóri og Litli**
**13.49 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Latibær**
**14.25 Brunabílarnir**
**14.47 Mæja býfluga**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.37 Stóri og Litli**
**17.49 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Latibær**
**18.25 Brunabílarnir**
**18.47 Mæja býfluga**
**19.00 Smáheimar: Dalur týndu mauranna**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Inside the PGA Tour**
**08.25 Tour Championship**
**13.25 Evian Championship**
**17.00 Tour Championship**
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Special: Coming Home (Nicklaus Show)**
**23.35 Championship Tour Highlights**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10 500 Days Of Summer** Rómantísk gamanmynd með Zooey Deschanel (New Girl) og Joseph Gordon-Levitt (Inception) í aðalhlutverki. Myndin fjallar um unga konu sem trúir ekki á sanna ást og unga rómantíska manninn sem verður ástfanginn af henni.
**13.45 Dolphin Tale**
**15.30 Earth to Echo**
**17.05 500 Days Of Summer**
**18.40 Dolphin Tale**
**20.25 Earth to Echo**
**22.00 The Gambler**
**23.55 Behind the Candelabra** Stórbrotin mynd með Michael Douglas og Matt Damon í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á ævisögu píanósnillingsins Valentino Liberace og fjallar um 6 ára ástarsamband hans og Scotts Thorson sem var miklu yngri en hann. Leikstjóri myndarinnar er Steven Soderbergh.
**01.55 Broken City**
**03.45 The Gambler**

## RÚV

**14.55.Alþingiskosningar 2016: Leiðtogaumræður** Kosningaumfjöllun RÚV ýtt úr vör. Formenn stjórnmálaflokkanna mætast í sjónvarpssal í beinni útsendingu.
**16.50 Popp- og rokksaga Íslands**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lautarferð með köku**
**18.06 Pósturinn Páll**
**18.20 Lundaklettur**
**18.28 Drekar**
**18.50 Öldin hennar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**20.00 Útsvar (Garður - Árneshreppur)**
**21.15 Þrymur stráð**
**22.50 The Box**
**00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Black-ish**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Biggest Loser**
**09.45 The Biggest Loser**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**13.55 Girlfriends' Guide to Divorce**
**14.40 Jane the Virgin**
**15.25 The Millers**
**15.50 The Good Wife**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 The Bachelor**
**21.20 The Bachelor**
**22.20 Under the Dome**
**23.05 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.45 Prison Break**
**00.30 Elementary**
**01.15 Quantico**
**02.00 Ray Donovan**
**02.45 Billions**
**03.30 Under the Dome**
**04.15 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.55 The Late Late Show with James Corden**
**05.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |





FRÁBÆRT
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



TVÖFALDUR ÞÁTTUR!

THE X-FACTOR UK

Einn vinsælasti hæfileikaþáttur í heimi og nú sitja þau Sharon Osbourne, Louis Walsh og Nicole Scherzinger ásamt Simon Cowell í dómarasætunum og freista þess að finna næstu stórstjörnu Bretlands.



SPENNUMYND

SOUTHPAW

Frægur hnefaleikamaður gerir dýrkeypt mistök og ákveður að hætta keppni til að verja meiri tíma með eiginkonu og dóttur en kvöldið sem hann tilkynnir opinberlega að hann sé hættur keppni snýst líf hans á hvolf. Dramatísk spennumynd með Jake Gyllenhaal, Rachel McAdams og Forest Whitaker í aðalhlutverkum.

3

THE GAMBLER

Fjárhættuspilari fær sífellt nýjar hugmyndir til þess að greiða fyrir fíkn sína en einn daginn fær hann hugmynd sem á eftir að draga alvarlegan dilk á eftir sér.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# AFÞREYINGAMARKAÐUR HAGKAUPS

## DVD VERÐ 999KR




## CD VERÐ FRÁ 699KR




Einnig vínilplötur í úrvali í kringlunni

Afþreyingarmarkaðurinn er ekki í Spöng né Borgarnesi. Mest úrval í Hagkaup Kringlunni.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla




Verð gilda til og með **25. september** eða meðan birgðir endast




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# LÍFIÐ



Chloë Sevigny á kvikmyndahátíðinni í Cannes í sumar. Frumraun hennar sem leikstjóri, stuttmyndin Kitty, var sýnd á hátíðinni. Hún verður einnig sýnd á RIFF. MYND/GETTY

# Meðvituð ákvörðun að ráða bara konur í flest störf

Leikkonan **Chloë Sevigny** er heiðursgestur RIFF. Frumraun hennar sem leikstjóri, stuttmyndin Kitty, verður sýnd á hátíðinni. Myndin segir frá stúlku sem breytist í kött. Chloë segir reynslu sína sem leikkona hafa orðið til þess að hún valdi konur í verkið með sér.

Leikkonan Chloë Sevigny er heiðursgestur kvikmyndahátíðarinnar RIFF í ár. Hún sýnir jafnframt stuttmyndina Kitty á hátíðinni, en myndin er frumraun hennar sem leikstjóri.

Stuttmyndin Kitty er byggð á samnefndri smásögu Paul Bowles frá árinu 1980 og segir frá ungri stúlku að nafni Kitty sem breytist í kött. Myndin skartar Ione Skye, Lee Meriwether og Edie Yvonne í aðalhlutverkum.

„Kitty er saga um litla stúlku sem dreymir um að vera eitthvað annað en hún er. Það mætti segja að myndin fjalli um barndóm, drauminn um að vera eitthvað annað en maður er, móðurhlutverkið og þá fínu jafnvægislist sem það er. Þetta er ævintýraleg mynd sem leyfir áhorfendum að túlka hana á sinn hátt,“ segir Chloë í viðtalið við Fréttablaðið.

Leikkonan er mikill aðdáandi rithöfundarins Paul Bowles og taldi Kitty góðan efnivið í stuttmynd. „Mér fannst þetta falleg saga sem gæti orðið falleg stuttmynd. Ég elska að horfa á litlar stúlkur og dýr á hvíta tjaldinu, en það er ekki mikið framboð af slíkum kvikmyndum – líklega af því það getur verið erfitt að vinna með börnum og dýrum,“ segir hún og hlær.

Leikarar myndarinnar, framleiðendur og tökuteymi samanstendur að mestu af konum. Chloë segir það hafa verið meðvitaða ákvörðun að velja konur í flest störfin. „Þetta var algjörlega meðvituð ákvörðun, ef ég á að segja eins og er. Mig langaði að ráða eins margar konur og ég gat. Ég á auðveldara með að tjá mig við konur en mér fannst líka eins og það væri auðveldara að selja konum hugmyndina að Kitty. Þar sem þetta var frumraun mín sem leikstjóri þá taldi ég að það yrði auðveldara að vinna þetta verkefni í samstarfi við konur.“

Chloë á langan og farsælan leiklistarferil að baki og hefur gjarnan verið nefnd „indie drottning“ bandarískrar kvikmyndagerðar. Hún vakti fyrst athygli fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Kids frá árinu 1995 og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni Boys Don't Cry árið 1999.

Í nýlegu viðtali við breska blaðið The Guardian sagði Chloë samskipti sín við suma leikstjóra hafa gert það að verkum að hún upplifði vanþóknun í garð sumra þeirra. Aðspurð segir hún reynslu sína hafa gert það að verkum að hún vildi nálgast leikara myndarinnar og teymið á jafningjagrundvelli.

„Ég vildi að þetta yrði hreint og klárt samstarf; ekki að ég sæti þarna og væri einráð. Sem leikari leið mér stundum eins og ég hefði enga rödd, eins og ég væri bara brúða og það getur verið mjög frústrerandi. Ég vildi því vera viss um að allir fengju tækifæri til að leggja sitt af mörkum við gerð Kitty.“ Og reynslan var það góð að Chloë er þegar komin af stað með næstu stuttmynd:

„Tökur á næstu mynd hefjast í nóvember. Það er líka stuttmynd og segir frá listakonu sem þarf að glíma við sitt eigið egó, hlutverfingu kvenna og þessa eilífu leit eftir samþykki annarra.“

Þetta verður í fyrsta sinn sem Chloë heimsækir Ísland og kveðst hún spennt fyrir RIFF og því að fá að skoða landið. Hún mun aðeins dvelja fjóra daga á Íslandi en vonar að það dugi til þess að skoða í það

> **SEM LEIKARA LEIÐ MÉR STUNDUM EINS OG ÉG HEFÐI ENGA RÖDD, EINS OG ÉG VÆRI BARA BRÚÐA OG ÞAÐ GETUR VERIÐ MJÖG FRÚSTRERANDI. ÉG VILDI ÞVÍ VERA VISS UM AÐ ALLIR FENGJU TÆKIFÆRI TIL AÐ LEGGJA SITT AF MÖRKUM VIÐ GERÐ KITTY.**

minnsta Bláa lónið og fara Gullna hringinn. „Ég hef fjóra daga til að skoða mig um. RIFF er líka með fasta dagskrá sem ég tek þátt í. Þar á meðal umræðu um kvikmyndasjóði; nokkuð sem ég styð heilshugar. Það eru engir slíkir sjóðir í Bandaríkjunum sem mér þykir slæmt. Svona sjóðir eru svo mikilvægir fyrir listgreinina.“

Blaðamaður klykkir út með því að spyrja leikkonuna hvort hún sé kattavinur, svona í ljósi umfjöllunarefnis myndarinnar. „Já, algjörlega. Ég bjó í úthverfi sem barn og ólst upp með köttum.“

Reykjavík er þekkt fyrir alla kettina sem ráfa um miðbæinn, vissirðu það? „Í alvöru? Eru það villikettir? Lyktar allt af köttum?“

Nei, flestir eru geldir.

„Frábært. Ég hlakka til að sjá það. Þetta hljómar svolítið eins og á Grikklandi,“ segir hún að lokum. Sýning á Kitty og spjall við Chloë fer fram í Bíói Paradís klukkan 18.00 þann 6. október næstkomandi. Kitty verður sýnd í flokki erlendra stuttmynda sem er nú keppnisflokkur í fyrsta sinn.

sara@frettabladid.is

## HELSTU HLUTVERK CHLOË SEVIGNY


Leikkonan vakti fyrst athygli í hlutverki Jennie í kvikmyndinni Kids. Síðan þá hefur hún leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta.

### Kvikmyndir

Gummo 1997



The Last Days of Disco 1998



Boys Don't Cry 1999



American Psycho 2000



Dogville 2003




Love and Friendship 2016



### Sjónvarpsþættir

Big Love 2006-2011 - Hit & Miss 2012 - The Mindy Project 2013 - Those Who Kill 2014 - American Horror Story 2012-2016

GUMMO 1997

VEGGFÓÐUR

Duro.
www.durosweden.se

# 25%
AFSLÁTTUR

ALLT
HILLUEFNI
# 20%
AFSLÁTTUR





ALLAR PERUR
# 25%
AFSLÁTTUR

*KOMDU Í HEIMSÓKN Í NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN OKKAR Á GRANDANUM.*

*FRÁBÆR TILBOÐ SEM GILDA ADEINS Í BYKO GRANDA TIL 26.SEPTEMBER.*

# BYKO GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

VIRKA DAGA **8-19** | LAUGARDAGA **10-18**
SUNNUDAGA **11-17**







ÖLL
SMÁRAFTÆKI
# 20%
AFSLÁTTUR





ÖLL
BÚSÁHÖLD
# 25%
AFSLÁTTUR





# 25%
AFSLÁTTUR
ÖLL LJÓS



GRÆNN BOSCH OG EINHELL
RAFMAGNS-HANDVERKFÆRI
# 20%
AFSLÁTTUR



ÖLL
MÁLNING
# 25%
AFSLÁTTUR

## VÖRUTALNING Í VERSLUN BREIDD UM HELGINA
**LAUGARDAGUR 24/9 OPIÐ 10-16 | SUNNUDAGUR 25/9 LOKAÐ**

Frjáls framlög — SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK — enginn kostnaður!

Sett hafa verið á fót góðgerðarsamtök sem nefnast Samferða og munu þau taka til starfa fljótlega

## Tilgangur og starfsemi

a) Tilgangur starfseminnar er fyrst og fremst sá að láta gott af sér leiða án nokkurs kostnaðar. Með öðrum orðum: Hver einasta króna sem einstaklingar og fyrirtæki láta renna af hendi, fer ósnert þangað sem þörfin er mest hverju sinni að mati stjórnar samtakanna.

b) Markmið okkar allra er að veita alla þá hjálp sem möguleg er, hér innanlands, jafnt til einstaklinga sem fjölskyldufólks.

c) Stuðningur mun verða með öllum mögulegum hætti; peningar eða gjafabréf.

d) Unnið er úr öllum umsóknum og ábendingum hvað styrki og hjálp varðar.

e) Framtíðarsýn okkar miðast við að vera leiðandi afl hvað góðgerðamál varðar hér á landi. Megináhersla okkar er að sýna fram á starfsemi sem felur í sér hvorki yfirbyggingu né launakostnað.

f) Gert er ráð fyrir að reglulega verði úthlutað eða greitt úr sjóðnum til einstaklinga og fjölskyldna um land allt. Mikilvægt er að þú hafir í huga að upplýst verður með alla styrki hér á síðunni, sem og hvaða málefni styrkurinn tengist. Í lok hvers árs munum við einnig birta heildarinnlagnir sjóðsins, hve mikið af styrkjum hafa verið veittir og í hvaða verkefni. Við teljum að gegnsæ starfsemi sem þessi, ásamt engri yfirbyggingu muni skila hámarks árangri og verða öðrum til eftirbreytni.

Stjórn Samferða góðgerarsamtakanna


Brynja Guðmundsdóttir
brynja.gudmundsdottir@gmail.com


Sigurlaug Ragnarsdóttir
sillarag@gmail.com


Hermann Hreiðarsson
hermann@stractahotels.is


Rútur Snorrason
rutur@hive.is


Örvar Þór Guðmundsson
orvar.gudmundsson@gmail.com

Með von um að þú sjáir þér fært að styðja við þá sem minnst mega sín

Vertu vinur okkar á facebook og taktu þátt!
Allar upplýsingar á www.facebook.com/samferdafoundation



Banki: 322 – Hb: 13 – Reikningsnúmer: 302699 – Kennitala: 5510090170

Símanúmer sem hægt er að hringja í og styrkja samtökin

| 9071081 | 9071083 | 9071085 | 9071090 |
|---|---|---|---|
| 1.000 kr. | 3.000 kr. | 5.000 kr. | 10.000 kr. |






Andri Davíð leggur allt í sölurnar til að vinna þessa keppni og er ekkert til sparað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Með sérsmíðaðan sjússamæli á fingrunum

**Andri Davíð Pétursson** er á leiðinni á heimsmeistaramótið í barþjónustu. Andri mun halda út með líkjöra úr íslenskum jurtum, sérsmíðuð bartól og indverskt súkkulaði með íslensku ívafi.

Ég lét útbúa sjússamæli og hrististand til að hrista fjóra kokteila í einu. Sjússamælirinn er hringur sem snýst – ég er í raun með hann á baugfingri og löngutöng og í honum eru átta mælieiningar í einu. Hringurinn snýst aðallega upp á „showið“, fólk hefur ekki séð þetta áður en það skiptir miklu máli að vera með gott „show“. Þessi hringur og hrististandur er alfarið mín hugmynd en ég útfærði þetta með Sigurði Inga frænda mínum og afa mínum og þeir smíðuðu þetta inni í bílskúr,“ segir Andri Davíð Pétursson en hann heldur út til Miami á laugardaginn til að keppa í Master Class-keppninni í barþjónustu en þar er keppt um það hver sé besti barþjónn í heiminum. En hvað ætli þurfi til að komast í svona keppni?

„Maður þarf að eyða ógeðslega miklum tíma í að sinna því sem maður hefur ógeðslega mikinn áhuga á – í mínu tilfelli er það barþjónusta og það sem henni tengist eins og samsetning á bragði og þess háttar. Í raun og veru sigraði ég í forkeppni sem var hérna á Íslandi og það var fyrsta Master Class-keppnin sem hefur verið haldin hér á landi – hún byrjaði í fyrra og var níu mánaða prógramm þar sem ég stóð uppi sem sigurvegari.“

**SJÚSSAMÆLIRINN ER HRINGUR SEM SNÝST – ÉG ER Í RAUN MEÐ HANN Á BAUGFINGRI OG LÖNGUTÖNG OG Í HONUM ERU ÁTTA MÆLIEININGAR Í EINU. HRINGURINN SNÝST AÐALLEGAUPP Á „SHOWIÐ“, FÓLK HEFUR EKKI SÉÐ ÞETTA ÁÐUR EN ÞAÐ SKIPTIR MIKLU MÁLI AÐ VERA MEÐ GOTT „SHOW“.**

Fyrir utan að hafa látið sérsmíða tól handa sér til að hafa með út hefur Andri í samstarfi við Omnom látið sérútbúa indverskt súkkulaði, en einn dómarinn í keppninni er Indverji. Hann hefur líka tínt íslenskar jurtir sem hann ætlar að nota í kokteilana.

„Ég er búinn að vera að undirbúa mig frá því í sumar, alveg frá því að við vissum hvað við ættum að gera úti – þá fór bara undirbúningur strax í gang. Ég þurfti að nota jurtatímabilið, en jurtirnar eru mitt einkennismerki – ég tíni jurtir sem eru í blóma á mismunandi árstímum. Ég er að taka jurtir eins og blóðberg, vallhumal, hlaðkollu og fleiri sem ég hef verið að stúdera undanfarin ár. Ég bý svo til líkjöra úr jurtunum og nota þá til að blanda kokteila.“

Andri ætlaði að fara út með íslenskan jökulís til að nota í drykkina sína en því miður klikkaði það hjá honum – hann biðlar því til fólks sem getur reddað honum jökulís að hafa samband við sig. Það er best að ná Andra á like-síðu hans á Facebook viceman.is.

Keppninni verður streymt í beinni á vefsíðunni worldclassclub.com og það verður ekki amalegt að fylgjast með því þegar við Íslendingar eignumst heimsmeistara í barþjónustu.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# netto

# Caffesso
GOURMET COFFEE CAPSULES




Nespresso Grande Gusto fylgir

**FRÍTT**

með hverjum keyptum pakka

NESPRESSO HYLKI

**589**
**kr/pk**




**Tilboðin gilda 22 – 25. september 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Hildar Björnsdóttur




## Anna og Abida

Hún heitir Abida og er tíu ára. Tólf tíma á dag starfar hún í morkinni verksmiðju í Bangladess. Aðbúnaðurinn hörmulegur og launin varla nokkur. Hún er fórnarlamb barnaþrælkunar. Tími hennar er ódýr.

Barnaþrælkun er raunverulegt vandamál. Árið 2012 var talið að um 170 milljónir barna lifðu við vinnuþrælkun. Þannig hefðu börnin ekki náð aldri til að stunda vinnu og aðbúnaður og aðstæður þeirra væru oft hræðilegar. Barnaþrælkun á sér margar birtingarmyndir. Ein þeirra er framleiðsla á tískuvarningi.

Hún heitir Anna og er tíu ára. Hún æfir fótbolta og stundar fiðlunám í Reykjavík. Mamma hennar kom nýlega að utan með bílfarma af nýjum spjörum. Þær voru nefnilega svo ódýrar.

Það er margt við nútímaneyslu sem vekur umhugsun. Ódýr fatnaður er sjaldan endingargóður og eykur því á fjölmörg vandamál tengd ofneyslu í heiminum. Flestir velja magn umfram gæði og leita varnings í lægstu verðflokkum. Fæstir hugleiða hvers vegna varningurinn reynist pyngjunni svo umburðarlyndur.

Fyrir hverja ódýra flík má oft finna einhvern sem þjáist aftarlega í fæðukeðjunni. Fyrir hvert íslenskt barn sem á sömu flíkina í öllum litum má oft finna erlent barn sem þjáðist við framleiðsluna.

Anna á ekki eingöngu bílfarma af fötum. Hún á líka eftirlíkingu af fótboltaskóm sem hún keypti á kínverskri vefsíðu. Svo á hún snjallsíma. Það er mjög sennilegt að barn eins og Abida hafi þjáðst við framleiðslu á eignum hinnar tíu ára Önnu. Finnst okkur það bara allt í lagi?








